# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. febrúar 2005 – 55. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


## LAUGARDAGUR



**OPNAR ÓTAL MÖGULEIKA** Flugleiðir undirrituðu kaupsamning við Boeing um kaup á tveimur Boeing 787 flugvélum og kauprétt á fimm vélum til viðbótar. Vélarnar verða afhentar árið 2010 en þær eru mun langfleygari en aðrar vélar í flota Flugleiða. **Sjá síðu 2**

**BÚAST VIÐ FIMMTUNGS-HÆKKUN FASTEIGNA Í ÁR** Greiningardeild KB banka segir fasteignaverð undir meðaltali þegar horft sé til kaupmáttar og fjármagnskostnaðar. Áframhaldandi hækkanir á fasteignum séu því í spilunum fyrir árið. **Sjá síðu 6**

**NÍTJÁN SAGT UPP HJÁ VARNARLIÐINU** Uppsagnir starfsmanna varnarliðsins taka gildi 1.mars. Grunur er um að óeðlilega sé staðið að vali á því hverjir missa vinnuna. Upplýsingastofnun varnarliðsins segir breytingarnar ekki varða framtíð varnarliðsins á Íslandi. **Sjá síðu 8**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**YFIRLEITT BJART OG FALLEGT** veður í dag og hægviðri, þó eru einhverjar líkur á þokubökkum með ströndum. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**FLAUTULEIKUR Í BORGARLEIKHÚSINU** Flestir flautuleikarar landsins koma fram í tónleikaröðinni 15:15 á Nýja sviði Borgarleikhússins og flytja verk fyrir þverflautur af ýmsum stærðum og gerðum. Tónleikarnir hefjast klukkan korter yfir þrjú.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 46 | Myndlist | 45 |
| Tónlist | 44 | Íþróttir | 36 |
| Leikhús | 45 | Sjónvarp | 46 |



**Dagblaðalestur á laugardögum***




*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, nóv. 2004.


# Seldur með grunnnetinu

## Halldór Ásgrímsson segir að ákveðið hafi verið að Síminn verði seldur með grunnnetinu. Heimild fyrir sölunni liggi fyrir hjá Alþingi.

**STJÓRNMÁL** Síminn verður seldur í heilu lagi, með grunnnetinu, að því er fram kom í setningarræðu Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra á flokksþingi Framsóknarflokksins í gær.

Hann sagði að fyrir því lægju „heimild Alþingis og veigamikil tæknileg, rekstrarleg og pólitísk rök“. „Aðskilnaður grunnnets myndi skapa aukna óvissu um söluna á Símanum og draga úr áhuga fjárfesta og þar með lækka söluandvirði Símans,“ sagði Halldór. Jafnframt sagði hann að lagaumhverfið á EES-svæðinu geri ráð fyrir samkeppni í rekstri grunnneta.

Hann vill að hluti af söluhagnaði Símans verði notaður til frekari uppbyggingar á fjarskiptaþjónustu og til fjárfestinga í samgöngumannvirkjum.

„Hins vegar legg ég höfðuáherslu á að sala Símans verði jákvæð, ekki neikvæð,“ sagði hann um þessa stærstu einkavæðingu Íslandssögunnar.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON**
Segir aðskilnað grunnnets skapa óvissu um söluna á Símanum.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Halldór að Síminn yrði seldur samkvæmt útboði. „Ég tel að það sé mikilvægt að Síminn sem fyrirtæki verði skráður á Verðbréfaþingi Íslands um alla framtíð. Til þess að vera skráð á Verðbréfaþingi þurfa fyrirtæki að uppfylla viss skilyrði um dreifða eignaraðild,“ sagði Halldór.

Kristinn H. Gunnarsson er mótfallinn því að grunnnetið verði selt með Símanum. „Það er rétt að Alþingi samþykkti söluna á sínum tíma og að gert hafi verið ráð fyrir að Síminn yrði seldur í heilu lagi. Hins vegar má endurskoða þá stefnu í ljósi nýrra upplýsinga,“ segir Kristinn. „Nú hefur komið fram að keppinautar Símans treysta ekki samkomulaginu og segja að ekki skapist eðlileg aðstaða á markaði ef grunnnetið verði selt með. Aðalatriðið er að það sem gert verður að lokum nái því sem stefnt er að, aukinni samkeppni, betri þjónustu og lægra verði,“ segir Kristinn.

Í setningarræðu sinni í gær lagði Halldór línurnar varðandi helstu mál sem fjallað verður um á þinginu. Hann sagði ekki tímabært að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið og að engin ákvörðun hafi verið tekin um einkavæðingu á Landsvirkjun, þrátt fyrir viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um sameiningu orkufyrirtækjanna þriggja, Landsvirkjunar, Orkubús Vestfjarða og Rarik.

**- sda/****Sjá síðu 4 og 24**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**LAGT UPP Í LANGFERÐ** Sæmundur Pálsson heldur til Japans í dag til fundar við vin sinn Bobby Fischer sem hann hefur ekki séð í 33 ár. Tilefni ferðarinnar er að freista þess að fá hann lausan úr varðhaldi og koma með hann til Íslands. Heimkoma er ráðgerð 5. mars.

Eskifjörður:

# Litla fíkniefnamálið

**DÓMSMÁL** Sýslumaðurinn á Eskifirði hefur ákært mann fyrir þær sakir að í bifreið hans fundust 0,07 grömm af tóbaksblönduðu hassi. Verjandi mannsins, Gísli M. Auðbergsson, segir þetta eitt umfangsminnsta, ef ekki lítilfjörlegasta, fíkniefnamál Íslandssögunnar.

Maðurinn neitar að kannast við hassið og verður málið flutt fyrir Héraðsdómi Austurlands fljótlega upp úr næstu mánaðamótum.

**- kk**

EFTA um áfengisauglýsingar:

# Algjört bann hugsanlega ólögmætt

**EVRÓPUMÁL** EFTA-dómstóllinn úrskurðaði í gær að algjört bann við áfengisauglýsingum kynni að vera ólögmætt. Dómurinn segir að til að réttlæta bannið þurfi að sýna fram á að ekki sé hægt að ná markmiðum þess með aðgerðum sem hafa minni áhrif á markaðsfrelsi.

Líkt og hér ríkir í forvarnarskyni algjört bann við áfengisauglýsingum í Noregi. Dómstólar þar leituðu eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins um hvort bannið kynni að vera ólögmætt. Í dómsorði segir að gæta verði meðalhófs og gefur dómstóllinn upp leiðbeiningar um hvað gætu talist málefnalegar takmarkanir á markaðsfrelsi. Í leiðbeiningunum er meðal annars kveðið á um bann við áfengisauglýsingum í sjónvarpi, auglýsingum á víni sem er sterkara en 23 prósent eða á auglýsingum sem beint er til ungmenna eða ökumanna.

Löglærðir segja það hins vegar norskra dómstóla að meta hvort þessar leiðbeiningar eigi við í þeirra landi eða ekki. Þá kann dómurinn að verða til þess að endurskoða þurfi takmarkanir á áfengisauglýsingum hér á landi og mun dómur EFTA þá líklega hafa áhrif á hvernig dómstólar fjalla um málið.

**- bs**


uppgrip fyrir þig

**Uppgripstilboð**



**Grillpylsa & gos 289 kr.**

olís



**Versló í hundrað ár:**

*Gamlar myndir úr skólanum á sýningu og saga skólans í vinnslu*



**SÍÐA 34** ▶

**Höfum brugðist við kalli tímans:**

*Árni Magnússon segir verið að koma Framsókn inn í nútímann*



**SÍÐA 28** ▶



## SPURNING DAGSINS

*Guðmundur, er ekki allt þegar þrennt er?*

**„Jú ég held það. Þetta á eftir að enda eins og fínasta sápuópera.“**

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, hefur tvisvar haft betur í málum sem Vélstjórafélagið hefur höfðað á hendur útgerðinni, en Vélstjórafélagið ætlar að stefna útgerðinni í þriðja sinn.

Höfuðborgarsvæðið:

# Lögreglan kannar atvinnuleyfi

**VINNUMARKAÐURINN** Átak er hafið til að kanna atvinnuleyfi og réttindi manna sem starfa á höfuðborgarsvæðinu í gegnum erlendar starfsmannaleigur og þjónustusamninga.

Lögreglan í Hafnarfirði sendi lögreglumann með tveimur fulltrúum Ríkislögreglustjóraembættisins á byggingasvæði í Hafnarfirði í gær til að kanna atvinnuleyfi erlendra starfsmanna.

Könnuð voru atvinnuleyfi um 15 manna og leikur grunur á að tveir þeirra starfi alveg svart auk þess sem skoða þurfi málin betur hvað hina starfsmennina varðar.

Í næstu viku verða byggingasvæði í öðrum sveitarfélögum skoðuð.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að ólöglegt sé ólöglegt og það sé lögreglunnar að fást við það. „Ég fagna hverju því frumkvæði sem lögreglan á,“ segir hann.

Talið er að um 750 erlendir starfsmenn starfi á höfuðborgarsvæðinu í gegnum leigur eða þjónustusamninga. Allt að 300 starfsmenn starfi svart. - ghs



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÁTAK Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Lögreglan er með átak til að kanna atvinnuleyfi starfsmanna sem starfa í byggingarvinnu á höfuðborgarsvæðinu. Mennirnir á myndinni tengjast fréttinni ekki.

ÍMARK dagurinn

## ENNEMM sigursælast

**VERÐLAUN** ENNEMM hlaut flest verðlaun á ÍMARK deginum þegar verðlaunað var það besta í íslenskum auglýsingum. ENNEMM hlaut fern verðlaun, þar af tvenn í samstarfi við Pegasus og ein í samstarfi við Glámu-Kím.

Auglýsingaherferð ársins var Nám er lífsstíll sem ENNEMM og Pegasus gerðu fyrir KB banka.

Almenningur gat valið bestu auglýsingar í sex flokkum á Vísi.is. Athygli vekur að almenningur og dómnefnd ÍMARK dagsins voru aðeins sammála í einum flokki. Hægðu á þér, sem Hvíta húsið og Spark gerðu fyrir Umferðarstofu var besta Almannaheillaauglýsingin í ljósvökum. ■

## EVRÓPA

**HELDUR NAFNLEYND** Maxine Carr, sem hylmdi yfir með unnusta sínum Ian Huntley eftir að hann myrti tvær tíu ára stúlkur, þarf ekki að óttast að fólk fái að vita um nýtt nafn hennar og bústað. Breskur dómstóll úrskurðaði í gær að óheimilt væri að gefa upp nýtt nafn sem hún fékk þegar hún losnaði úr fangelsi í fyrra.

**LÖGREGLUDEILA LEYSTIST** Dómsmálaráðherrar aðildarríkja Evrópusambandsins komust að samkomulagi um að skipa Þjóðverjann Max-Peter Ratzel yfirmann evrópsku lögreglustofnunarinnar, Europol. Deilt hafði verið um hver skyldi taka við starfinu en Ratzel fékk að lokum atkvæði allra ráðherranna.

**NASISTAMERKI EKKI BÖNNUÐ** Hugmyndum um að banna nasistamerki í ríkjum Evrópusambandsins var hafnað á fundi dóms- og innanríkismálaráðherra aðildarríkja þess. Bretar, Danir, Ítalir og Ungverjar efuðust um gagnsemi slíks banns í baráttu gegn þjóðernisöfgamönnum.

# Boeing 787 opnar ótal möguleika

**Flugleiðir undirrituðu kaupsamning við Boeing um kaup á tveimur Boeing 787 flugvélum og kauprétt á fimm vélum til viðbótar. Vélarnar verða afhentar árið 2010 en þær eru mun langfleygari en aðrar vélar í flota Flugleiða.**

**VIÐSKIPTI** Flugleiðir og flugvélaverksmiðjan Boeing undirrituðu í gær samning um framleiðslu á tveimur Boeing 787 Dreamliner-breiðþotum fyrir áætlunarflug Flugleiða og kauprétt á fimm vélum til viðbótar. Flugvélarnar verða afhentar árið 2010. Heildarverðmæti vélanna tveggja er fimmtán milljarðar króna og verði kauprétturinn nýttur er heildarverðmæti samningsins rúmlega 50 milljarðar króna.

Boeing 787 er langdrægari en aðrar vélar í flota Flugleiða. Núverandi markaðssvæði fyrirtækisins telur um 700 milljónir íbúa, en nýju Boeing-vélarnar munu geta flogið beint til næstum hvaða staðar sem er í heiminum.

Hannes Smárason, stjórnarformaður Flugleiða, segir að með samningnum sé fyrirtækið að horfa til framtíðar og í kaupunum felist yfirlýsing um vöxt í starfsemi Flugleiða á næstu árum. „Við munum þróa leiðarkerfi okkar á nýja og fjarlægari staði á næstu fimm árum.“ Hannes segir vélina henta vel til flugs á vesturströnd Bandaríkjanna þangað sem Flugleiðir eru þegar byrjaðar að fljúga. „Við erum líka klárlega að líta til Asíu og Rússlands. Þar gætu stórir markaðir opnast fyrir okkur en þar eru óteljandi möguleikar í til dæmis fraktflugi.“

Marlin Daily, varasölustjóri Boeing í Evrópu og Mið-Asíu sagði að kaupsamningurinn væri til marks um að Flugleiðir einbeittu sér ekki aðeins að deginum í dag, heldur hefðu líka sýn til að nýta sér tækifærin sem liggja handan við hornið.

Nýju Boeing 787 flugvélarnar taka 220 til 280 farþega auk tuttuga tonna í frakt. Vélin er 60 metra löng, með 56 metra vænghaf og 15.700 kílómetra flugdrægni. Vélinni er ætlað að vera svar Boeing við Airbus-flugvélinni sem mun taka fleiri farþega en nokkur önnur vél í heiminum.

Flugleiðir eru fyrsta flugfélagið í Evrópu til að festa kaup á Boeing 787 flugvélum, en fimmtán önnur flugfélög í heiminum hafa einnig gert kaupsamning við Boeing.

bergsteinn@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

**LITIÐ TIL FRAMTÍÐAR**
Halldór Vilhjálmsson fjármálastjóri, Sigurður Helgason fráfarandi forstjóri, Hannes Smárason, Marlin Daily og Mark Norris, sölustjóri Boeing, virða fyrir sér Boeing 787 flugvélina sem hefur áætlunarflug héðan árið 2010.

Missti stjórn á bíl:

## Keyrði á hús og ljósastaur

**LÖGREGLUMÁL** Bílstjóri og þrír farþegar sluppu ómeiddir eftir að bílstjórinn keyrði á hús og ljósastaur á Ísafirði á þriðja tímanum í gærdag. Að sögn lögreglunnar á Ísafirði var bílnum ekið í vestur eftir Fjarðarstræti þegar bílstjórinn, sem er á átjánda aldursári, missti stjórn á bílnum með þeim afleiðingum að hann keyrði fyrst á íbúðarhús og lenti svo á ljósastaur.

Bæði bílstjórinn og farþegarnir voru í bílbeltum þegar óhappið átti sér stað. Bíllinn skemmdist hins vegar talsvert sem og klæðning á húsinu en litlar skemmdir urðu á ljósastaurnum að sögn lögreglu. - bs

Dæmdur fyrir skattsvik:

## Fimmtán milljónir króna í sekt

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær rúmlega fertugan karlmann í sex mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára, og til að greiða rúmlega fimmtán milljónir króna í sektir.

Maðurinn er dæmdur fyrir að standa ekki skil á virðisaukaskatti upp á rúmlega fjórar og hálfa milljón króna og tekjuskatti upp á rúmlega þrjár milljónir.

Maðurinn stóð í sjálfstæðum atvinnurekstri þegar brotin áttu sér stað á árunum 2000 til 2002. Hann hlaut skilorðsbundinn dóm árið 1998. Greiði maðurinn ekki fjársektina innan fjögurra vikna þarf hann að sæta fangelsisvist í sjö mánuði. - bs




Flugstöð Leifs Eiríkssonar:

# Kostar í skammtímastæði

**FERÐAMÁL** Gjald verður tekið af fólki sem leggur bílum sínum í skammtímastæði við Flugstöð Leifs Eiríkssonar frá og með 15. apríl næstkomandi. Þetta kom fram í erindi Höskuldar Ásgeirssonar framkvæmdastjóra Flugstöðvarinnar á Ferðamálaráðstefnu Suðurnesja 2005 sem haldin var í Eldborg í Svartsengi í gær. „Hugmyndin með þessu er að fá betri nýtingu á bílastæðin næst flugstöðinni,“ segir Höskuldur. Áætlað er að innheimta sama gjald og bíleigendur greiða fyrir á svæði 2 í Reykjavík, eða 80 krónur á klukkustund.

Gjaldfrítt verður í skammtímastæðin fyrstu fimmtán mínúturnar og einnig er hægt að stöðva bifreiðar í rennunni fyrir framan flugstöðina þar sem hægt er að koma af sér farþegum og farangri.

Fram kom í erindinu að tekjur flugstöðvarinnar hafa aukist samfara auknum fjölda ferðamanna sem um hana fer. Samtals fóru 1,6 milljónir manna um stöðina í fyrra en spár fyrir árið 2015 gera ráð fyrir eitt hundrað prósenta aukningu eða 3,2 milljónum. Tekjur flugstöðvarinnar árið 2004 voru 5,3 milljarðar en stefnir í 5,6 milljarða í ár.

Höskuldur segir að gert verði ráð fyrir upplýsingamiðstöð ferðamála í komusal og landkynningarbás í biðsal viðkomufarþega. - shv



FRÉTTABLAÐIÐ/SHV

**HÖSKULDUR ÁSGEIRSSON**
Áform eru um stækkun flugstöðvarinnar til að mæta auknum farþegafjölda sem um hana fer. Gerð verða 250 ný bílastæði við flugstöðina og gjald innheimt fyrir að leggja bílum í skammtímastæði.

/ -*0- "
^cpićqqro
^c Ęiir j ql mmivhi^pbqqr j



.+/62

Gr ß^of
A TQ) .1- T) 6- j j
2/12/51



/+662

EĘdd_losči
A TQ) 3-- T) đ qĘphr
sbohc Í of) _lo^o
2/12/5.



.+162
/+162

Sbohc Í o^qĘphro
Fo t fk Mol
Qs Í o p^ j ^k) ./)2´ ld .6´
2-/1156



0+662
2+662

Sbohc Í o^efopi^
?i^`h # Ab`hbo
ë egĖir j ) q^ph^ cvidfo
2-/116.





J ći_^ka
Hl j bil k) 2 j bqo^o)
j bß pbdri
2--3025
Sboß ćßro .+.12
262





H^m^ihb«f
O^rqq) .- j bqo^o
0u.)2 j j ʹ
3.-1502
Sboß ćßro .+162
666

H^pq^of
2-- T
255--1-
Sboß ćßro .+165
666

# TcpidÎp_a^d^o



^iiq ^ß 3. # ^cpićqqro

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 25.02.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 60,75 | 61,05 |
| Sterlingspund | GBP | 115,94 | 116,50 |
| Evra | EUR | 79,98 | 80,42 |
| Dönsk króna | DKK | 10,75 | 10,81 |
| Norsk króna | NOK | 9,68 | 9,73 |
| Sænsk króna | SEK | 8,81 | 8,86 |
| Japanskt jen | JPY | 0,58 | 0,58 |
| SDR | XDR | 92,61 | 93,17 |

*Gengisvísitala krónunnar*
109,70 -0,28%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Forstjóri Vinnumálastofnunar veitir umsögn í 99 prósent tilfella:

# Þurfa að sækja um atvinnuleyfi

**VINNUMARKAÐUR** Starfsmenn Vinnumálastofnunar hafa síðustu daga veitt umsögn um tilkynningar um erlenda starfsmenn sem fyrirtæki hafa sent inn á vef Útlendingastofnunar síðustu daga. Í 99 prósent tilfella verða fyrirtækin að sækja um hefðbundið atvinnuleyfi og gera íslenskan ráðningarsamning.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að þegar um tímabundið, afmarkað verkefni í formi verkkaupa eða þjónustuviðskipta sé að ræða þá kunni allt að vera með felldu.

„Þegar hefðbundin launavinna er ekki háð tímatakmörkunum og hinir erlendu starfsmenn lúta verkstjórn verkkaupans og verkkaupinn greiðir laun eða launaígildi þá er það ólöglegt,“ segir hann.

Skilningur Vinnumálastofnunar er skýr varðandi húsbyggingar, almenna byggingarvinnu, járnabindingar og uppsteypuvinnu.

„Þetta er hefðbundin launavinna sem er teiknuð upp sem þjónustuviðskipti til að komast hjá því að sækja um atvinnuleyfi og gera ráðningarsamning samkvæmt lögum á íslenskum vinnumarkaði,“ segir hann. - ghs



**GISSUR PÉTURSSON**
Almenn byggingarvinna, járnabindingar og uppsteypuvinna er hefðbundin launavinna sem kölluð er þjónustuviðskipti til að komast hjá því að sækja um atvinnuleyfi.

Sýrlenski herinn:

# Segjast fara frá Líbanon

**LÍBANON, AP** Líbanski varnarmálaráðherrann, Abdul-Rahim Murad, segir ákvörðun hafa verið tekna um brottför sýrlenska hersins frá strand- og fjallahéruðum Líbanons. Hann sagði hins vegar að sýrlenskar hersveitir yrðu áfram í Bekaadal nærri sýrlensku landamærunum.

Murad lýsti þessu yfir eftir að Sýrlenska stjórnin sagðist myndu kalla hersveitir sínar frá Líbanon í samræmi við Taif samkomulagið frá 1989, samkvæmt því á fyrst að kalla heim hersveitir utan Bekaadals og síðan allar hersveitir frá Líbanon. Brottflutningurinn hefur ekki verið tímasettur. ■

Akranes og Fjarðabyggð:

# Fjölnota íþróttahús

**ÍÞRÓTTAMANNVIRKI** Sveinbjörn Sigurðsson ehf. átti lægstu tilboðin í byggingu fjölnota íþróttahúsa á Akranesi og í Fjarðabyggð. Tilboð vegna hússins á Akranesi hljóðaði upp á rúmar 336 milljónir króna og tæpar 324 milljónir króna vegna hússins í Fjarðabyggð en þá er gert ráð fyrir að húsin verði hvorki einangruð né upphituð.

Sveinbjörn Sigurðsson ehf. átti einnig lægstu tilboðin í einangruð og upphituð hús, rúmar 470 milljónir króna vegna hússins á Akranesi og rúmar 453 milljónir króna vegna hússins í Fjarðabyggð. - kk



**REIÐTÚRAR ERU VINSÆLIR**
Íslendingar stunda helst stutta reiðtúra.

Hestaleigur:

# Vinsælar ferðir

**SKEMMTUN** Góð ásókn er í reiðtúra þá sem hestaleigurnar bjóða upp á í sumar. Talsmaður Eldhesta segir útlendinga vera um 95% þeirra sem fari í lengri ferðir en Íslendingarnir sækja helst í styttri af þreyingar- og óvissuferðir og þá gjarnan í hópum.

Gitta Krishbaum hjá Íshestum tekur í sama streng og segir kúrekaveislur Íshesta hafa slegið í gegn hjá Íslendingum en þar er boðið upp á reiðtúr í klukkustund, mat að hætti villta vestursins, línudanskennslu og keppni í skeifukasti. - js

# Eyðum sundrung

**Framsóknarmenn lögðu áherslu á það á flokksþingi að sundrung innan flokksins yrði eytt. Formaðurinn sagði að ákvörðun um aðild að Evrópusambandinu kunni að koma „fyrr en seinna“. Hann sagði að ákvörðunin um Írak hefði verið rétt.**

**FLOKKSÞING** Rauði þráðurinn í ræðum framsóknarmanna á flokksþinginu sem hófst í gær var að efla þyrfti samstöðu innan flokksins. „Stjórnmálaflokkur sem er sundraður inn á við getur ekki búist við því að fá traust kjósenda til að koma stefnu sinni í framkvæmd, ef hann getur þá komið sér saman um stefnu yfirleitt,“ sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í setningarræðu sinni.

„Við skulum viðurkenna hér á flokksþingi að það er óróleiki innan flokksins,“ sagði Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra og hvatti til þess að sundrung yrði eytt.

Halldór sagðist ætla vera einlægur og játa að varla liði sá dagur að hann velti ekki fyrir sér þeirri ákvörðun að veita innrásinni í Írak pólitískan stuðning. „Ég er líka einlægur í þeirri afstöðu minni að ég tel að um rétta ákvörðun hafi verið að ræða,“ sagði hann.

Í ræðu sinni lagði formaðurinn jafnframt línurnar varðandi helstu mál sem fyrirhugað er að rædd verði á þinginu. Hann sagði hvorki tímabært né skynsamlegt að fara út í aðildarviðræður við Evrópusambandið á þessu kjörtímabili og slíkt væri ekki í samræmi við sáttmála ríkisstjórnarinnar. Hann sagði að ákvörðun um aðild kunni þó að koma „fyrr en seinna“ og því væri jákvætt að ræða málið fordæmalaust á flokksþinginu.

Varðandi einkavæðingu Landsvirkjunar sagði Halldór að engin ákvörðun hefði verið tekin um hvað verði um eignarhlut ríkisins í orkufyrirtækjum þess til framtíðar.

Halldór vill gera síðasta leikskólaárið að skyldunámi og þar með gjaldfrítt. „Ég tel að stórlækkun leikskólagjalda væri mikið kjaramál fyrir fjölskyldurnar í landinu,“ sagði hann. Halldór vill sjá breytingar á skattakerfinu sem verði til hvatningar fyrir þá sem vilji leggja áhættufé í sprotastarfsemi.

Í ræðu Guðna kom meðal annars fram að ríkisstjórnin vinnur að undirbúningi að því að fella niður matarskattinn. sda@frettabladid.is




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON**
Segir hvorki tímabært né skynsamlegt að fara út í aðildarviðræður við Evrópusambandið á þessu kjörtímabili.



**INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON**
Ríkisskattstjóri segir verktaka verða að standa skil á staðgreiðslu þó að um leigustarfsmenn og þjónustusamninga sé að ræða.

Ríkisskattstjóri:

# Ber að skila staðgreiðslu

**VINNUMARKAÐURINN** Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri segir að verktökum sem ráði starfsmenn til sín í gegnum starfsmannaleigur og þjónustusamninga beri að fara að skattalögum og halda eftir staðgreiðslu af launum.

Þegar verktakar þurfi að skila inn framtölum í vor reyni á þetta. Hafi þeir vanrækt að skila inn staðgreiðslu verði lagt á þá í samræmi við það.

„Þeir eru ábyrgir fyrir skilum á staðgreiðslunni og koma sér ekki undan því,“ segir hann. - ghs

Vorleysingar valda litlum usla:

# Góð færð á vegum

**FÆRÐ** Vegir landsins eru í ágætu ástandi og víðast er greiðfært. Valdís Eiríksdóttir, þjónustufulltrúi hjá Vegagerðinni, segir að færðin sé almennt góð en hálkublettir séu þó sums staðar.

Valdís segir tíu tonna þungatakmarkanir í gildi á nær öllu landinu, en að þær verði endurskoðaðar á mánudaginn. Hálendisvegir verða ekki skoðaðir fyrr en í sumar. - hþ

OPIÐ Í DAG

Stór humar og risarækjur

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –

- alltaf ódýrastir -

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

## Veðrið

**Ljómandi gott veður!** Það verður hæglætisveður í dag með bjartviðri um mest allt land, þar sem þokunnar verður ekki vart en hún gæti birgt mönnum sýn hér og hvar með ströndum. Það frystir fyrir norðan en nær upp fyrir núllið sunnan- og vestanlands. Næstu dagar eru á svipuðum nótum, hægur vindur og víða bjart, en heldur kólnar þó á mánudaginn og gæti farið að hreyfa eitthvað vind. Nú er um að gera að skella sér á hestbak, fara í göngutúr eða jafnvel skutlast í golf!



Kveðja, Guðríður Arnardóttir náttúrufræðingur.

### Í dag




### Á morgun




Vestlæg átt og hægur vindur. Yfirleitt bjart en skýjað með köflum vestanlands.

### Mánudagur




Norðanátt, fremur hæg vestan til en strekkingur austanlands. Bjart syðra.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 0°C | skýjað | London | 7°C | skýjað | Róm | 12°C | rigning |
| Osló | -2°C | sk.m.köflum | Glasgow | 8°C | skýjað | Barcelona | 8°C | sk.m.köflum |
| Stokkhólmur | -5°C | skýjað | París | 3°C | skýjað | Madrid | 8°C | skýjað |
| Helsinki | -8°C | skýjað | Frankfurt | 1°C | skýjað | Las Palmas | 18°C | heiðskýrt |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# MUU




Mjólkin í nýjum umbúðum

**MARKAÐSNEFND MJÓLKURIÐNAÐARINS**

Nýjar fernur í öllum stærðum fyrir nýmjólk, léttmjólk og undanrennu koma um þessar mundir fyrir sjónir neytenda. Mjólkin verður nú seld undir merkjum MUU en fernurnar eru í mismunandi litum. Nýmjólk og léttmjólk verða áfram í bláum og gulum fernum en undanrennufernan fær nýjan fagurbleikan lit.
– muundu eftir mjólkinni!



## KJÖRKASSINN

*Á að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið?*

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

| | |
|---|---|
| Já | 51,82% |
| Nei | 48,18% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Er rétt af Reykjavíkurborg að bjóðast til að gefa Háskólanum í Reykjavík lóð í Vatnsmýrinni?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Endurgreiðsla ofgreiddra launa:

# Hörð gagnrýni frá kennurum

**LAUNAMÁL** Vegna mistaka í launavinnslu Reykjavíkurborgar í desember hyggst launadeild borgarinnar draga ofgreidd laun af kennurum um næstu mánaðamót. Hefur þetta komið flatt upp á þá kennara sem um ræðir enda getur upphæðin numið allt að 70 prósentum af mánaðarlaunum viðkomandi.

Fjölmargir kennarar hafa lýst furðu sinni á þessari einhliða ákvörðun enda sé ljóst að málið hefði mátt vinnast með öðrum hætti og í samkomulagi við kennara. Er um að ræða þau ofgreiddu laun sem kennarar fengu vegna verkfalls þeirra í haust og er um talsverða fjármuni að ræða í mörgum tilvikum. Gagnrýna kennarar að enginn fyrirvari skuli vera hafður á og að frádráttturinn komi illa við marga þeirra vegna þess. Getur hann verið á bilinu fjögur þúsund og allt upp í 80 þúsund krónur fyrir þá er verst verða úti.

Ekki náðist í Ólaf Loftsson, formann Kennarafélags Reykjavíkur, vegna málsins. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FRÁ KENNARAVERKFALLINU Í HAUST**
Reykjavíkurborg hefur einhliða dregið ofgreidd laun af kennurum og getur upphæðin fyrir hvern og einn numið allt að 80 þúsund krónum.

Bresk kona:

# Myrti níu ára son sinn

**BRETLAND, AP** Bresk kona var fundin sek um að myrða níu ára son sinn. Þetta gerði hún með því að blanda salti í vökva sem honum var gefinn í æð á sjúkrahúsi. Lækna var farið að gruna að konan ætti einhvern þátt í veikindum sonar síns en gátu ekkert gert til að rannsaka grun sinn þar sem hún var alltaf við hlið hans.

Saksóknarar sögðu konuna þjást af geðsjúkdómi sem lýsir sér þannig að foreldrar valda sjúkdómum í börnum sínum til að draga athygli að sjálfum sér. Meðan drengurinn lá á sjúkrahúsinu villti konan um fyrir læknum með því að blanda blóði í þvagsýni drengsins. ■

# Búast við fimmtungshækkun fasteigna í ár

**Greiningardeild KB banka segir fasteignaverð undir meðaltali þegar horft sé til kaupmáttar og fjármagnskostnaðar. Áframhaldandi hækkanir á fasteignum séu því í spilunum fyrir árið.**

**FASTEIGNAMARKAÐUR** Verð fasteigna hér á landi er sjö prósentum undir meðaltali síðustu tólf ára ef miðað er við raunlaun og fjármagnskostnað, þrátt fyrir miklar hækkanir, að mati hagfræðinga greiningardeildar KB banka. Spá þeirra er að fasteignir muni hækka um 20 prósent á árinu á höfuðborgarsvæðinu og verð miðað við þessar forsendur er lægra nú en það var árin 1999 og 2000.

Ásgeir Jónsson hagfræðingur fylgdi sérriti greiningardeildarinnar um fasteignamarkaðinn úr hlaði. Hann segir helstu skýringar hraðrar hækkunar fasteignaverðs vera innkomu kynslóðar. „Þetta fólk hélt lengi að sér höndum á fasteignamarkaði sökum þess að efnahagsástand var fremur slæmt, vaxtastig hátt og fjármagnsskömmtun hamlaði kaupum.“ Kynslóðin kom af fullum þunga inn á markaðinn 1999, en þá hafi nær ekkert verið byggt af húsnæði árin á undan. Staðan sé enn sú að framboðið hafi ekki annað eftirspurn.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

**UNDIR MEÐALTALI**
Þrátt fyrir skarpar hækkanir ráða einstaklingar betur við kaup á húsnæði nú en á árunum 1999 og 2000 að mati Ásgeirs Jónssonar og samstarfsfólks hans hjá greiningardeild KB banka.

Ásgeir hafnar því að lóðauppboð hækki fasteignaverð eins og haldið hafi verið fram. Ástæðan sé einfaldlega sú að verð í útboðum miðist við áætlaða eftirspurn. Þótt lóðirnar væru gefnar myndu húseignirnar eftir sem áður verða seldar á markaðsvirði og andvirði lóðanna yrði einfaldlega hagnaður þess sem byggir.

Greiningardeild KB banka segir tilkomu svonefndra fasteignaheildsala merki um aukna sérhæfingu á byggingariðnaði. Þeir taki söluáhættu af byggingaverktökum. Fasteignamarkaðurinn sé einn skilvirkasti markaður landsins og einn aðili geti ekki haft áhrif á hann nema með gífurlegum kaupum á fasteignum. Spákaupmennska af þessu tagi geti þó spennt upp verð en áhrif þeirra séu líklega mjög ofmetin.

Þróunin hér á landi er ekki einsdæmi. Þekkt dæmi eru af áhrifum kerfisbreytinga á fjármálamarkaði á fasteignamarkað bæði í Svíþjóð og á Írlandi. Þetta liggi í því að breytingar á eftirspurn til að mynda vegna lægri vaxta og aukins aðgengis að lánsfé geti orðið hraðar meðan framboðshliðin sé tregbreytanleg vegna þess að tíminn frá ákvörðun um að byggja til þess að húsnæði sé tilbúið sé mun lengri. Þannig geti myndast tímabundinn verðkúfur á markaði. Sú hætta liggur svo í leyni að offramboð verði á íbúðum þegar framboð hefur aukist verulega, en snögglega dragi úr eftirspurninni.

haflidi@frettabladid.is



**AUKIÐ ÖRYGGI Í HÁLOFTUNUM**
Slysum í flugi í vélum skráðum á Íslandi hefur fækkað.

Rannsóknarnefnd flugslysa:

# Banaslysum í flugi hefur fækkað

**FLUGSLYS** Engin banaslys hafa orðið í íslensku einkaflugi frá árinu 1997 og banaslys í vél skráðri á Íslandi varð síðast árið 2000. Þetta sagði Þormóður Þormóðsson, rannsóknarstjóri flugslysa, á öryggisfundi fyrir flugmenn á fimmtudaginn.

„Ánægjuleg þróun hefur átt sér stað. Banaslysum í flugi hér á landi hefur fækkað mikið á seinni árum og færri slasast en áður“ segir Þormóður. 69 banaslys hafa orðið í íslenskum flugvélum frá upphafi, en hið fyrsta var árið 1920.

Flugmálastjórn Íslands og Flugmálafélag Íslands halda reglulega fræðslufundi fyrir flugmenn. **- hþ**


Nýtt Líf
er komið út

Lífsins hlæjandi lán
Fanney Karlsdóttir átti sitt fyrsta barn í Peking á síðastliðnu ári.
Viku síðar gekkst hún undir erfiða aðgerð í Hong Kong vegna lífshættulegs æðagalla í höfði.

Hófí
UNGFRÚ HEIMUR 1985

Á ferð með
Bon Jovi

Súper sexí!
Tískan Vor/sumar 2005




Brúðarblaðið fylgir
Áskrift: 515 5500 / www.frodi.is


Sæmundur Pálsson sækir Bobby Fischer til Japans:

# Vill ekki fara um London

**MANNRÉTTINDI** Einkavinur Bobby Fischer, Sæmundur Pálsson, heldur til Japans í dag til þess að freista þess að ná honum úr fangelsi. Fangelsið er í borginni Ushiku norður af Tókýó. Fischer hefur nú verið í varðhaldi í Japan í tæpa átta mánuði. Sæmundur, sem ekki hefur séð Fischer í 33 ár, hefur unnið ötullega í því að fá Fischer lausan og útvega honum dvalarleyfi á Íslandi.

„Ég er ánægður með framgöngu stjórnvalda í þessu máli, en ég átta mig ekki á því hvers vegna gestavegabréfið sem Allsherjarnefnd samþykkti og komið er til sendiráðsins í Japan hefur ekki verið afhent Fischer enn þá,“ segir Sæmundur.

„Stjórnvöld í Japan láta hann ekki lausan fyrr en hann hefur fengið vegabréfið.“ Sæmundur segist vongóður um að honum takist að frelsa Fischer og koma með hann heim. „Fischer er illa við að fara um London vegna þess að hann á allt eins von á því að Bush og Blair séu í makki saman og muni stöðva för hans þar.“ Sæmundur segir áætlaða heimför miðast við 3. mars. „Við eigum opinn flugmiða til öryggis, ef málin þróast þannig.“ Ekki náðist í Þórð Ægi Óskarsson, sendiherra Íslands í Japan. **- shv**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SÆMUNDUR PÁLSSON**
„Hef ekki séð vin minn Bobby Fischer í 33 ár.“ Sæmundur var að setja ofan í töskur með aðstoð langafadóttur sinnar Emilíu Sól Guðmundsdóttur þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í gær.



**Á LEIÐ AF FUNDI**
Al-Jaafari sótti al-Sistani heim í gær og hlaut stuðning hans.

Stjórnarmyndun:

# Fær stuðning al-Sistani

**ÍRAK, AP** Sjía-klerkurinn Ali al-Sistani, einn áhrifamesti maður Íraks, hefur lýst yfir stuðningi við Ibrahim al-Jaafari, forsætisráðherraefni Sameinaða íraska bandalagsins. Þessu lýsti al-Jaafari yfir eftir fund sinn með al-Sistani í gær.

„Al-Sistani lagði blessun sína yfir ákvörðun bandalagsins um tilnefningu í stól forsætisráðherra. Hann virðir og styður ákvörðun bandalagsins,“ sagði al-Jaafari. Stuðningur al-Sistani er al-Jaafari mikilvægur, ekki síst í ljósi þess að nokkrir þingmenn Sameinaða íraska bandalagsins höfðu lýst efasemdum um valið á honum sem forsætisráðherraefni. ■




## *Framúrskarandi þjónusta*

Samkvæmt könnunum þykir enginn banki veita betri þjónustu en Íslandsbanki. Við erum afar stolt af því áliti sem við njótum, enda leggjum við mikið upp úr framúrskarandi þjónustu. Í okkar huga felst 100% þjónusta í því að fara fram úr væntingum viðskiptavina okkar. Það er okkar markmið.

ÍSLANDSBANKI | 100%




## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hversu marga bíla hefur Guffi bílasali selt um ævina?*

2 *Hvað heitir þjálfari Valencia sem var rekinn í gær?*

3 *Hversu margir einstaklingar og félagasamtök eru tilnefnd til friðarverðlauna Nóbels þetta árið?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 50

Sjálfstæðu leikhóparnir:

# Hafnarfjarðarleikhúsið fékk hæsta styrkinn

**LEIKHÓPAR** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra skýrði í gær frá því hvaða styrkjum menntamálaráðuneytið hyggst veita til sjálfstæðu leikhópanna í ár.

Hafnarfjarðarleikhúsið Hermóður og Háðvör hlýtur hæsta styrkinn og nemur hann 15 milljónum króna. Næsthæsti styrkurinn kemur í hlut fyrirtækisins Artbox, sem fær átta milljónir til leiklistarstarfsemi.

Þá fékk Ísmedía fjórar milljónir til uppsetningar á nýjum söngleik fyrir börn og unglinga eftir Kristlaugu Maríu Sigurðardóttur og Þorvald Bjarna Þorvaldsson. Möguleikhúsið hlýtur sömuleiðis fjórar milljónir til uppsetningar á nýju leikriti fyrir börn og unglinga.

Aðrir styrkhafar eru Hlutafélag, Fimbulvetur, Sokkabandið, Frú Emilía, Leikfélagið Regína, Hið lifandi leikhús, Deconstructive Dance Company, Kvenfélagið Garpur, Stoppleikhópurinn og Nútímadanshátíð í Reykjavík.

„Sjálfstæðu leikhúsin eru búin að sanna að áhorfendur vilja sjá sýningarnar þeirra," sagði Aino Freyja Järvelä, formaður Sjálfstæðu leikhúsanna í ávarpi sínu þegar styrkjunum var úthlutað í Iðnó í gær. **- gb**


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**VIÐ AFHENDINGU STYRKJANNA**
Aino Freyja Järvelä segir sjálfstæðu leikhúsin hafa sannað að áhorfendur vilji sjá sýningar þeirra.

Veikindi:

# Páfinn á batavegi

**VATÍKANIÐ, AP** Jóhannes Páll II páfi getur andað án aðstoðar og engin merki hafa fundist um sýkingu í lungum, sagði Joaquin Navarro-Valls, talsmaður páfa, degi eftir að páfinn gekkst undir barkaskurðaðgerð.

Navarro-Valls sagði að páfi hefði hvílst vel og haft mikla matarlyst þegar honum var færður morgunmatur.

Barkaskurðurinn hefur þó eina aukaverkun. „Að ráði lækna má páfinn ekki tala í nokkra daga, þannig að hraða megi bata í barkakýlinu," sagði talsmaðurinn. ■

Franskur ráðherra:

# Neyddist til afsagnar

**FRAKKLAND, AP** Herve Gaymard, fjármálaráðherra Frakklands, baðst lausnar úr starfi aðeins sólarhring eftir að hann sagði slíkt ekki á dagskrá. Honum var ekki stætt lengur í starfi eftir að upp komst að hann lét ríkissjóð greiða húsaleigu fyrir sig í einu dýrasta hverfi Frakklands og ljóst varð að hann laug til um bakgrunn sinn og fjárhag.

Gaymard sagðist í viðtali að málið hefði aldrei komið upp nema vegna þess að hann væri ekki auðugur maður, ef svo væri ætti hann sitt eigið hús. Síðar kom í ljós að hann á tvö hús og þrjár íbúðir. ■

Flutti inn fíkniefni:

# Þriggja ára fangelsi

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær hinn 33 ára Árna Geir Norðdahl Þórðarson í þriggja ára fangelsi fyrir vörslu á um hálfu kílói á fíkniefnum og fyrir brot á skotvopnalögum.

Árni var handtekinn ásamt hollenskri konu 12. nóvember síðastliðinn eftir að konan afhenti honum 235,77 grömm af kókaíni, sem hún hafði flutt innvortis til landsins. Konan var dæmd í árs fangelsi fyrir sinn þátt í málinu í janúar.

Samkvæmt dómnum hafði Árni áður fengið rúm 800 grömm af hassi send til sín, selt hluta þess, en átti 212,8 grömm eftir þegar hann var handtekinn. Við húsleit á heimili Árna fundust kannabisefni og afsöguð haglabyssa sem ekki var leyfi fyrir.

Árni Geir játaði sök að mestu leyti í málinu og kannaðist við að hafa skipulagt innflutning fíkniefna til landsins. Hann hefur áður hlotið dóma fyrir fíkniefnabrot og líkamsárás. Honum var gert að greiða allan sakarkostnað sem og laun verjanda síns. Verjandi Árna Geirs segir að ekki hafi verið ákveðið hvort dómnum verði áfrýjað. **- bs**



**Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI**
Margir missa vinnuna og íbúarnir eru áhyggjufullir.

# Nítján sagt upp hjá varnarliðinu

## Uppsagnir starfsmanna varnarliðsins taka gildi 1.mars. Grunur er um að óeðlilega sé staðið að vali á því hverjir missa vinnuna.

**VARNARLIÐIÐ** Nítján starfsmönnum flotastöðvar varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli hafa verið sendar uppsagnir sem taka gildi 1. mars næstkomandi. Vernharð Guðnason, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, segir ákveðinn grun vera um að þarna sé óeðlilega staðið að vali á einstaklingum við uppsagnir.

Einn þeirra sem missir vinnuna segir starfsemina á vellinum vera sökkvandi skip og að herinn sé í raun farinn. Hann segir að fjölskyldumenn með langa starfsreynslu og öll tilskilin réttindi séu látnir fara, en ungir menn með litla reynslu fái að vera áfram. „Þetta snýst ekki bara um uppsagnir starfsmanna, heldur um lögvarin starfsréttindi heillar stéttar," segir Vernharður. Hann segir að vinnubrögð sem þessi væru hvergi annars staðar liðin og að þeir muni leita réttar síns. Málið muni fara þá leið sem þurfi til að þeir nái sínu fram.

> **„Þetta snýst ekki bara um uppsagnir starfsmanna, heldur um lögvarin starfsréttindi heillar stéttar.**

Í yfirlýsingu frá Upplýsingastofnun varnarliðsins segir að íslenskum stjórnvöldum og fulltrúum stéttarfélaga hafi verið tilkynnt um fyrirhugaðar breytingar í starfsliði varnarstöðvarinnar. Þar segir að umræddar ráðstafanir muni hvorki hafa áhrif á skyldur flotastöðvarinnar í tengslum við rekstur Keflavíkurflugvallar né þjónustu við varnarliðið. Þá snerti þær ekki varnarsamning Íslands og Bandaríkjamanna, umræður um framtíð varnarliðsins eða endurskoðun á viðbúnaði Bandaríkjahers á heimsvísu.

Varnarliðið neitaði að ræða opinberlega einstök atriði varðandi uppsagnir starfsmannanna fyrr en eftir að þær verða mótteknar um næstu mánaðamót.

Kristján Gunnarsson, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, sagði varnarliðið ekki hafa mótaðar reglur um uppsagnir í samræmi við starfsaldur. Ákvarðanir væru í höndum næstu yfirmanna og þeir færu eftir hlutlægu mati á frammistöðu starfsmanna sinna. „Þetta eru ömurlegar fréttir fyrir okkar litla byggðarlag og ég er fullur samúðar. Þetta snertir ótrúlega marga". **- hþ**



ENNEMM / SÍA / NM15247

HÓTEL FLÚÐIR
ÞEGAR HALDA Á GÓÐAN FUND

• 100 KM TIL REYKJAVÍKUR
• KYRRLÁTT UMHVERFI
• NÁLÆGÐ VIÐ NÁTTÚRUPERLUR
• GÓÐAR VEITINGAR

Á Flúðum er tilvalið að halda stefnumótunar- og vinnufundi fjarri ys og þys borgarinnar en samt sem áður í þægilegri nálægð við hana. Verið velkomin!

Sími: 486 6630
www.icehotels.is

ICELANDAIR HOTELS
FLÚÐIR

Nordica • Loftleiðir • Flughótel • Flúðir • Rangá • Klaustur • Hérað


Nicotinell®
Άvaxta



**BEÐIÐ EFTIR AÐ STYTTI UPP**
Áhorfendur tóku margir hverjir fram regnhlífarnar þegar fór að rigna í viðureign Tim Henman og Ivans Ljubicic í fjórðungsúrslitum Dubaímótsins í tennis.

Ástæðulaust gæsluvarðhald:

# Ríkið greiði hálfa milljón í bætur

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær íslenska ríkið til að greiða 36 ára gömlum karlmanni 500 þúsund krónur í bætur fyrir að hafa hneppt hann í gæsluvarðhald án fullnægjandi rökstuðnings. Maðurinn stefndi ríkinu í júní í fyrra.

Maðurinn var handtekinn 16. september 2003 á vinnustað sínum hjá Samskipum vegna gruns um aðild að fíkniefnainnflutningi í einu af skipum Samskipa. Hann var handjárnaður og fluttur á lögreglustöð. Skömmu áður var annar maður sem hafði heimsótt stefnanda verið handtekinn og fundust fíkniefni á honum.

Lögreglan gerði leit í íbúð og bíl stefnandans en fann ekkert sem tengdist fíkniefnum og hann neitaði öllum sakargiftum. Honum var gert að sæta gæsluvarðhaldi frá 17. september til 1. október og hafður í einangrun. Hinn 19. desember var málið gegn honum fellt niður.

Í dómnum segir að nægilegar forsendur hafi verið til að handtaka manninn en að yfirheyrslum loknum voru ekki nægar ástæður til að krefjast gæsluvarðhalds yfir honum því það hafi ekki þjónað rannsóknarhagsmunum málsins. **- bs**



**EINANGRUNARKLEFI**
Maðurinn var settur í einangrun þar sem hann sætti heimsóknarbanni, símabanni, bréfaskoðun og fjölmiðlabanni.

Kennarasambandið:

# Unnið að málsókn

**KJARAMÁL** Kennarasamband Íslands hefur ekki kært lagasetningu á verkfall grunnskólakennara til Mannréttindadómstóls Evrópu. Stefnt hefur verið að því frá því að kennarar sömdu við sveitarfélögin.

Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambandsins, segir málsatvik í skoðun hjá lögmanni þess. „Við ætlum að gefa okkur góðan tíma í að skoða málið allt. Við förum ekki af stað nema tryggt sé að lögmenn séu nokkuð vissir um að það beri að gera. Við ætlum ekki að rasa um ráð fram.“ **- gag**

Lögreglan á Akureyri:

# Fimm með fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL** Fimm voru teknir með fíkniefni á Akureyri í fyrrinótt. Tveir menn um tvítugt voru staðnir að hassreykingum en þeim var sleppt að lokinni skýrslutöku. Á sjötta tímanum stöðvaði lögreglan síðan bifreið vegna gruns um að ökumaðurinn væri undir undir áhrifum fíkniefna. Við leit fannst lítið magn af kannabisefnum í bifreiðinni, um það bil einn neysluskammtur. Þrír menn á þrítugsaldri voru í bílnum og hafa sumir þeirra áður komið við sögu lögreglu. **- js**

Franskur ráðherra:

# Neyddist til afsagnar

**FRAKKLAND, AP** Herve Gaymard, fjármálaráðherra Frakklands, baðst lausnar úr starfi aðeins sólarhring eftir að hann sagði slíkt ekki á dagskrá. Honum var ekki stætt lengur í starfi eftir að upp komst að hann lét ríkissjóð greiða húsaleigu fyrir sig í einu dýrasta hverfi Frakklands og ljóst varð að hann laug til um bakgrunn sinn og fjárhag.



Gaymard sagðist í viðtali eftir að upp komst um húsaleigugreiðslur ríkissjóðs að málið hefði aldrei komið upp nema vegna þess að hann væri ekki auðugur maður, ef svo væri ætti hann sitt eigið hús. Síðar kom í ljós að hann á tvö hús og þrjár íbúðir. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**FLUTTUR FÓTBROTINN Í LAND** Sjómaður var fluttur á land í Höfn í Hornafirði í fyrrinótt. Hann hafði fótbrotnað er vír slóst í hann. Bátnum var stýrt til lands þar sem sjúkrabíll tók á móti manninum. Hann var svo fluttur með flugi til Reykjavíkur. Brotið var hreint og líður manninum vel.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**KJÖRIN HAFA RÝRNAÐ**
Talið er að kjör verkamanna og sérhæfðra starfsmanna í byggingarvinnu á höfuðborgarsvæðinu hafi rýrnað vegna innflutnings á ódýru erlendu vinnuafli. Maðurinn á myndinni heitir Jan Stanislaw Siomek og starfar í byggingarvinnu. Myndin var tekin í heimsókn Fréttablaðsins á byggingasvæði nýlega og tengist hann fréttinni ekki neitt.

# Varanleg kjaraskerðing verði ekkert að gert

**Kjör verkamanna og sérhæfðra starfsmanna í byggingarvinnu á höfuðborgarsvæðinu hafa rýrnað vegna innflutnings á ódýru vinnuafli. Verkalýðshreyfingin telur hættu á að þróunin leiði til varanlegrar skerðingar á launum.**

**VINNUMARKAÐURINN** Kjör í einstökum atvinnugreinum á höfuðborgarsvæðinu hafa rýrnað vegna innflutnings á ódýru erlendu vinnuafli og telja menn innan verkalýðshreyfingarinnar hættu á að til lengri tíma litið sé ljóst að þróunin leiði til varanlegrar skerðingar á launum og starfskjörum og aukins atvinnuleysis verði ekki gripið í taumana.

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, segir að þetta eigi einkum við um verkamenn og sérhæfða starfsmenn í byggingavinnu á höfuðborgarsvæðinu. Þetta geti líka átt við um ýmis þjónustustörf og ferðaþjónustu en ekki séu jafn ljósar vísbendingar um það.

Innan verkalýðshreyfingarinnar er fullyrt að sú þróun að ráða til starfa útlendinga á lakari launum og við verri starfskjör en ríkja almennt hafi haft beina þýðingu fyrir launaþróun í greinum þar sem innfluttu starfsmennirnir eru flestir. Þannig hefur eftirspurn eftir vinnuafli ekki leitt til bættra kjara heldur hafa kjörin frekar rýrnað.

Stór hluti útlendinga, sem koma til starfa hér á landi á vegum erlendra starfsmannaleigna og þjónustusamninga, er á lakari launum og búa við verri starfskjör en gilda hér á landi. Talið er að margir þeirra sem koma á grundvelli þjónustusamninga njóti ekki lágmarkskjara samkvæmt lögum og kjarasamningum og búa í lélegu húsnæði, hjólhýsum, gámum, verksmiðjuhúsnæði og á vinnustöðum í nýbyggingum.

Skattar og opinber gjöld eru ekki greidd af þessari starfsemi og er ljóst að ríkið verður af verulegum tekjum, annars vegar vegna undanskota frá skatti í framhaldi af viðskiptum við starfsmannaleigur og hins vegar vegna þeirra sem starfa alveg svart. Talið er að upphæðin nemi tugum og jafnvel hundruðum milljóna króna.

ghs@frettabladid.is

Réttarhöld:

# Ógnað í dómssal

**SPÁNN, AP** Baskneskur aðskilnaðarsinni, meðlimur herskáu samtakanna ETA, var rekinn úr dómssal eftir að hann ógnaði dómaranum með því að beina hendi sinni að honum og líkja eftir því að hann væri að skjóta hann með skammbyssu. Þetta gerði hann þegar tekin var fyrir ákæra á hendur honum fyrir að ógna öðrum dómara með sama hætti.

Ignacio Javier Bilbao Goicoechea ógnaði rannsóknardómaranum Baltasar Garzon með sama hætti fyrir tveimur árum og sagðist þá mundu myrða hann. Saksóknari fór fram á 30 mánaða fangelsisdóm yfir Goicoechea. ■



**HEIL Á HÚFI**
Jóna Thuy sem leitað hefur verið að undanförnu er fundin og komin heim á ný.

Lögreglumál:

# Jóna Thuy fundin

**LÖGREGLUMÁL** Stúlkan sem lýst hefur verið eftir að undanförnu, hin fjórtán ára gamla Jóna Thuy Phuong Jakobsdóttir, er fundin og komin til síns heima að sögn lögreglu en hennar hefur verið leitað um nokkurra daga skeið. Aðeins eru tveir dagar síðan annar unglingur, fjórtán ára drengur, fannst eftir talsverða leit en að sögn lögreglu fer málum af þessu tagi þó ekki fjölgandi. Venja sé að til lögreglu berist milli 20 og 30 tilkynningar um mannshvörf á mánuði hverjum en allir finnist tiltölulega fljótlega aftur. ■


Orkuveita Reykjavíkur auglýsir styrk til konu sem stundar eða hyggst hefja nám í verkfræði eða tæknifræði.
Einungis nám til fyrstu prófgráðu í greininni er styrkhæft. Styrkurinn verður veittur um mánaðamótin ágúst-september nk. Styrkupphæðin er 450 þúsund krónur.

Styrkur
til náms í verkfræði eða tæknifræði

Umsóknum með náms- og starfsferli ásamt upplýsingum um fyrirhugað nám og staðfestingu á skráningu skilist til Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, merkt „Styrkur til til náms í verkfræði eða tæknifræði“, fyrir 20. apríl nk.

**Orkuveita Reykjavíkur hefur það sem lið í jafnréttisáætlun sinni að hvetja konur til náms í tæknigreinum og reyna þar með að stuðla að auknu framboði af vel menntuðum konum á þeim sviðum sem nýtast Orkuveitunni.**

Orkuveita Reykjavíkur
www.or.is


Alls 63 börn frá Kína:

# Tíu stúlkur á heimleið

**ÆTTLEIÐING** Tíu stúlkur á öðru aldursári eru komnar í faðm íslenskra foreldra í Kína. Hinir nýbökuðu foreldrar eru tíundi hópurinn sem ættleiðir frá Kína.

Guðrún Sveinsdóttir, skrifstofustjóri Íslenskrar ættleiðingar, segir 63 börn hafa verið ættleidd frá Kína síðan í maí 2002. Foreldrar stúlknanna tíu hafi fengið þær í hendur á sunnudaginn og von sé á þeim heim í næstu viku.

Guðrún segir mest um ættleiðingar frá Kína þessa stundina en þrettán börn hafi einnig komið frá Indlandi síðustu tvö ár: „Yfir 150 börn hafa komið þaðan frá ársbyrjun 1988.“ **- gag**



**SÍÐASTI HÓPUR ÚT**
Hér sést níundi hópur foreldra á Torgi hins himneska friðar í Peking. Hópurinn kom heim frá Kína 17. desember með fimm dætur. Kínverskur fararstjóri foreldranna er lengst til vinstri á myndinni.

# HEIMABÍÓ OG SJÓNVÖRP ▶ FRÁBÆR TILBOÐ

## JVC® AV28RT4

28" SJÓNVARP með Nicam stereó, Black Matrix myndlampa, textavarpi, 2 scart tengjum, RCA tengi að framan og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 37.990**

FULLT VERÐ kr. 44.990







## JVC® AV32H40

32" 100Hz BREIÐTJALDSSJÓNVARP með Natural Flat myndlampa, 2x20w Nicam stereó hljóðkerfi, Hyper Sound, 3 Scart tengjum og RCA/SVHS að framan, heyrnartólstengi, textavarpi með 720 síðna minni, fjölkerfa móttöku og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 84.990**

FULLT VERÐ kr. 99.990

---



## UNITED DVH5085

HEIMABÍÓKERFI með DVD sem spilar öll kerfi, CD spilara, 5x15w magnara, 30w bassahátalara, 5 litlum umhverfishátölurum, RDS útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 14.990**

FULLT VERÐ kr. 19.990



## PHILIPS MX2500

Fyrirferðalítið og nett HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 400w (5x30w og 1x50w RMS) Digital magnara, 5 hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, Digital Coaxal út, Scart (með RGB), 2 RCA inngöngum og 1 RCA útgangi, FM útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu. Spilar MP3 og JPG.

**TILBOÐ ▶ 24.990**

FULLT VERÐ kr. 29.990



Spilar DVD, DVD-R/RW, CD-R/RW, VCD/SVCD, MP3 og JPEG

## JVC® THS1

HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 2x52w/2x26w magnara og 52w bassa, 5 litlum umhverfishátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, NTSC afspilun á PAL sjónvarpi, RDS útvarpi með FM og 30 stöðvaminnum, SCART með RGB og fjarstýring.

**TILBOÐ ▶ 32.990**

FULLT VERÐ kr. 39.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2005

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. Tónborg, Kópavogi. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. KF Húnvetninga, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.







24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ANNA BLÖNDAL FYRIRLIÐI STJÖRNUNNAR

# *Leikurinn efst í huga*



„Það er allt fínt að frétta," segir Anna Blöndal, fyrirliði handboltaliðs Stjörnunnar sem í dag mætir Gróttu/KR í úrslitum bikarkeppninnar. „Leikurinn hefur verið mér efst í huga síðan um síðustu helgi og ég er bjartsýn á að við vinnum." Stjarnan varð síðast bikarmeistari 1998 og Íslandsmeistari árið á eftir þannig að langt er um liðið síðan liðið vann síðast titil. Anna segir tíma til kominn að bæta úr þessu enda Stjarnan fyrrum stórveldi í kvennahandboltanum. Sonur hennar Pétur Breki, sem er fjögurra ára, fylgist vel með mömmu sinni í handboltanum en minna fer fyrir áhuga dótturinnar Köru Kristínar enda aðeins eins og hálfs árs.



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**ÞÚSUND FLÖSKUR Á FÆRIBANDINU ÞOKAST NÆR**
Skil á drykkjarumbúðum til Endurvinnslunnar jukust á síðasta ári um þrjú til fjögur prósent enda meira drukkið í fyrra en árið á undan.

# Endurunnið fyrir 720 milljónir á síðasta ári

**Íslendingar eru flestum þjóðum duglegri að skila drykkjarumbúðum í endurvinnslu. 80 milljón einingar bárust Endurvinnslunni á síðasta ári. Fyrir stykkið fást níu krónur.**

„Þetta er þremur til fjórum prósentum meira en árið á undan," segir Eiríkur Hannesson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar, og bætir við að Íslendingar séu duglegir í þessu eins og öðru sem þeir taka sér fyrir hendur.

Endurvinnslan hefur starfað frá árinu 1989 þegar sett voru lög um skilagjald á drykkjarvöruumbúðir, sem formlega heita Lög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

Aukningin nú er meiri en vanalega og segir Eiríkur að hefðbundin aukning sé um 1-2 prósent á ári. „Þetta er í samræmi við aukna neyslu drykkjanna, það er greinilega góðæri núna."

| EIGENDUR ENDURVINNSLUNNAR: |
|---|
| Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins |
| Kaupmannasamtök Íslands |
| Umhverfisráðuneytið, fyrir hönd ríkissjóðs |
| Vífilfell hf. |
| Hf. Ölgerðin Egill Skallagrímsson |
| Íslenska álfélagið hf. |
| Íslenska járnblendifélagið hf. |
| Bandalag íslenskra skáta |
| Gúmmívinnslan hf. |
| Samband íslenskra sveitarfélaga |

Mest berst af plasti enda meira drukkið af gosi og öðrum drykkjum í plastumbúðum en í áldósum og glerflöskum. Glerflöskunum fer þó fjölgandi og rekur Eiríkur þá þróun til aukinnar drykkju bjórs í flöskum.

Hann segist alls ekki gráta það að sífellt meira af umbúðum berist til endurvinnslu enda njóti fyrirtækið góðs af, það selji jú skrapið, eins og hann kallar það, til frekari vinnslu. Úr áldósunum eru unnar nýjar dósir, plastflöskurnar verða að þráðum sem notaðir eru í fataframleiðslu og glerið er mulið í jarðvegsfyllingu.

Sjálfur er Eiríkur duglegur að skila umbúðum til endurvinnslu enda trúr slagorði fyrirtækisins, sem er Hreint og umbúðalaust umhverfi. **bjorn@frettabladid.is**

Guðmundur Daðason, elsti framsóknarmaður í heimi:

# Ekki á flokksþinginu

Guðmundur Daðason, elsti framsóknarmaður í heimi, er ekki á flokksþingi Framsóknarflokksins sem hófst á Nordica hótelinu í gær og lýkur á morgun. Hann fylgdist þó með útsendingum frá þinginu á Sýn í gær.

Guðmundur fæddist í nóvember árið 1900 og er því á hundraðasta og fimmta aldursári. Hann er elsti félaginn í Framsóknarflokknum og gekk í hann við stofnun 1916. Hann er heiðursfélagi Framsóknarfélags Reykjavíkur og á skjal því til staðfestingar.

Í viðtali við Fréttablaðið fyrr í mánuðinum sagði Guðmundur að áhuginn á stjórnmálum hefði dvínað með árunum en lýsti þó skoðunum sínum á einu öðru. Sagði hann Siv Friðleifsdóttur, vinkonu sína, vera sóma framsóknarmanna og að bræðurnir Páll og Árni Magnússynir hefðu bolað henni úr áhrifastöðum og grafið undan trausti. Honum líst engan veginn á flokkinn núna og sagði mikla óeiningu ríkja innan hans.

Hægt er að fylgjast með gangi mála á flokksþinginu á framsokn.is.

**- bþs**



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**GUÐMUNDUR DAÐASON**
Hefur ekki sótt fundi Framsóknarflokksins í tugi ára en fylgdist með flokksþinginu á Sýn í gær.



**FRANCO SNÆVI ÞAKINN**
Madrídingar kynntust mjöllinni í vikunni en snjór er sjaldséður þar um slóðir.

Eftirsjá að gömlum nöfnum:

# Hvergi minnst á sjó

Guðjón Ármann Eyjólfsson, sem var skólastjóri Stýrimannaskólans og Vélskólans í rúm tuttugu ár, er ekki nema rétt mátulega ánægður með hið nýja nafn skólanna sem er Fjöltækniskóli Íslands. „Það er hvergi minnst á sjó í þessu nýja nafni,“ segir Guðjón Ármann, sem sjálfur stakk upp á nafninu Háskóli sjávarútvegs og siglinga enda áhugasamur um að nám í þessum fræðum verði fært á háskólastig, líkt og gert hefur verið í landbúnaði.

Hann minnir þó á að húsið tignarlega sem skólinn er í er helgað íslenskum sjómönnum og það verður ekki af því tekið.

„Menn eru að reyna að feta nýja braut og laða að nýja nemendur,“ segir hann og óskar stjórnendum skólans alls hins besta.

Hinn nýi Fjöltækniskóli stendur á gömlum grunni. Stýrimannaskólinn var stofnaður 1891 og Vélskólinn 1915.

Sjálfur lærði Guðjón Ármann sín fræði í Sjóliðsforingjaskóla danska flotans og er því sjóliðsforingi að mennt.

- bþs



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SJÓMANNASKÓLINN**
Fyrrverandi skólastjóri stakk upp á nafninu Háskóli sjávarútvegs og siglinga.








EKKERT BRUÐL
Bónus vinsælasta
BÓNUS BLETTAEYÐIR
BÓNUS OXY MAGIC
199 KR.
800 GRÖMM
ÓMÓTSTÆÐILEGT VERÐ!
12 RÚLLUR Í PAKKNINGU
12 wc RÚLLUR
198 KR.
TVÖFÖLD PAKKNING
Palmolive
2 HANDSÁPUBRÚSAR
259 KR.
4 RAKBLÖÐ Í PAKKNINGU
Gillette MACH3
4 MAC3 RAKBLÖÐ
459 KR.
EITT KÍLÓ!
69 KR.
Kornbrauð
BÓNUS
1000g
Meira að segja mjólkin er ódýrari!
Léttmjólk
EINN LÍTRI
69 KR.
Nýmjólk
EINN LÍTRI
59 KR.
EPLA SAFI
KAUPTU ÞÉR KÓKKIPPU (6x2) OG ÞÚ FÆRÐ BÓNUS PÁSKAEGG Í KAUPBÆTI að andvirði 399 KR.
Meira magn – betri kaup!
6x2L
Coca-Cola
Páskaegg
170g
BÓNUS
SMYRILL
BÓNUS
99 KR.
Góður á brauðið 400g
Frábær í kryddsmjörið!
Baked beans in tomato sauce
25 KR.
420g
GRANDSALAT
íslensk framleiðsla
159 KR.
200g brúskur
Ferskir bitar
Ferskir HOLTA bitar
299 KR. kg
BLANDAÐIR FERSKIR KJÚKLINGABITAR
Helgarhátíð og þakkir!
BÓNUS

# fyrirtæki landsins!

Árleg könnun FRJÁLSRAR VERSLUNAR feb. 2005

FRJÁLS VERSLUN

Við öll sem vinnum í Bónus, þökkum ómetanlegan stuðning og traust þeirra viðskiptavina okkar og annarra sem völdu okkur vinsælasta fyrirtækið aftur í ár og eigum engin orð til að lýsa hversu hlýleg og verðmæt kveðja þetta er.



# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Fréttablaðið er mest notaði fjölmiðill landsins. Á hverjum degi lesa um 70 prósent þjóðarinnar blaðið og yfir 90 prósent Íslendinga lesa það eitthvað í hverri viku.

## Hefur hitt þjóðina í hjartastað

Þegar Fréttablaðið hóf göngu sínar fyrir tæpum fjórum árum gátu ekki einu sinni bjartsýnustu menn spáð fyrir þeirri stöðu sem blaðið er í á íslenskum blaðamarkaði í dag. Nú er svo komið að fjölmiðlakannanir IMG-Gallup hafa ítrekað staðfest að Fréttablaðið er mest notaði fjölmiðill landsins. Á hverjum degi lesa um 70 prósent þjóðarinnar blaðið og yfir 90 prósent Íslendinga lesa það eitthvað í hverri viku. Þetta eru fáheyrðar tölur og Íslandsmet í fjölmiðlanotkun sem verður tæplega slegið. Fréttablaðið er óumdeilanlega grunnurinn að dagblaðalestri þjóðarinnar og önnur blöð verða að læra að lifa af við þann veruleika.

**„Frábær árangur Fréttablaðsins er að sjálfsögðu ákaflega gleðileg tíðindi fyrir útgefendur þess, en á sama tíma er þetta góða gengi ánægjulegt fyrir gjörvalla þá miklu lestrarþjóð sem Íslendingar telja sig vera því tilkoma Fréttablaðsins hefur almennt aukið blaðalestur í öllum aldurshópum.**

Á sínum tíma var Fréttablaðið hugsað sem 24 blaðsíðna fríblað með stuttum og snörpum innlendum og erlendum fréttum. Blaðið sinnir enn því hlutverki að færa lesendum sínum aðgengilegan og auðlesanlegan fréttapakka en það er fyrir löngu vaxið upp úr fyrstu fötunum sínum og býður nú að auki fjölbreytilegra efni og víðtækari þjónustu á mun fleiri blaðsíðum en í fyrstu útgáfu þess.

Lykillinn að þessari auknu þjónustu er hversu þétt markaðs- og auglýsingafólk hefur fylgt eftir vinsældum Fréttablaðsins meðal lesenda og nýtt sér vel þau tækifæri sem felast í blaðinu til þess að ná til landsmanna. Þetta sést best á því að frá árinu 2001 til ársins 2004 rúmlega sexfaldaðist velta Fréttablaðsins og fátt getur komið í veg fyrir að blaðið afli mestra auglýsingatekna allra fjölmiðla á þessu ári. Fyrir vikið mun það geta skilað enn fleiri blaðsíðum og betri þjónustu til lesenda sinna.

Í gær hélt íslenskt markaðs- og auglýsingafólk árlega uppskeruhátíð sína með svokölluðum ÍMARK degi. Í tengslum við hátíðina sendi IMG-Gallup frá sér ýmsar athyglisverðar tölur. Þar má meðal annars sjá að auglýsingar í dagblöðum jukust verulega á síðasta ári í samanburði við auglýsingar í öðrum fjölmiðlum. Fréttablaðið leikur lykilhlutverk í þeirri aukningu en frá því að blaðið var stofnað hafa auglýsingatekjur dagblaða aukist um 44 prósent í samanburði við 7 prósenta hækkun í sjónvarpi.

Frábær árangur Fréttablaðsins er að sjálfsögðu ákaflega gleðileg tíðindi fyrir útgefendur þess, en á sama tíma er þetta góða gengi ánægjulegt fyrir gjörvalla þá miklu lestrarþjóð sem Íslendingar telja sig vera því tilkoma Fréttablaðsins hefur almennt aukið blaðalestur í öllum aldurshópum. Og útaf fyrir sig er það afrek sem verður seint oflofað. ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Malbika Nauthólsvíkina

Skammt er stórra högga á milli hjá Reykjavíkurborg. Borgarstjórnin lætur sér ekki nægja að senda jarðýtur og krana á gömlu húsin við Laugaveg. Nú á steinsteypan og malbikið að halda innreið sína í Nauthólsvíkina og nágrenni, síðasta óspillta landið og útivistarsvæðið miðsvæðis í borginni. Nákvæm yfirlitsmynd af fyrirhuguðum spellvirkjum birtist í Morgunblaðinu í gær. Borgaryfirvöld geta greinilega ekki hugsað sér að Háskólinn í Reykjavík taki tilboði Garðabæjar um uppbyggingu háskólaþorps og yfirbjóða með því að gefa skólanum kost á því sem Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi kallar í blaðaviðtali „bestu lóð landsins“. Ekki skal það dregið í efa né hitt að þarna sé hægt að koma fyrir myndarlegu háskólaþorpi. Og gaman verður fyrir stúdentana að hafa leifar Ylstrandarinnar fyrir utan gluggann. En á þá hvergi að vera andrými í borginni? Engin græn svæði? Ekkert óspillt? Bara steypa, malbik og blikkbeljur? Er það þetta sem R-listinn stendur nú orðið fyrir?



### Græna byltingin

Fyrir mörgum árum, þegar Birgir Ísleifur Gunnarsson var borgarstjóri, vann Sjálfstæðisflokkurinn mikinn kosningasigur í Reykjavík í nafni „grænnar byltingar“. Þá var manneskjulegt umhverfi efst á dagskrá í borgarpólitíkinni. Þá hugsuðu menn í öllum flokkum um það hvernig hægt væri að gera borgina þannig úr garði að fólki liði vel. Þegar R-listinn kom til sögunnar fyrir rúmum áratug héldu ýmsir að hann ætlaði að klappa þennan stein. Þess vegna eru vonbrigðin þeim mun meiri eftir Hringbrautina og fleiri ævintýri undanfarinna mánuða.

### Slys í uppsiglingu?

Hvaða mannvirki er annars að rísa á mörkum Vatnsmýrarvegar og Hringbrautar? Er virkilega verið að byggja þar göngubrú sem skyggir á sjónlínu til Háskólans? Og hverjir eiga að ganga þarna yfir? Í dag sést þar ekki sála. Getur verið að enn eitt skipulagsslysið sé í uppsiglingu?

gm@frettabladid.is

## Fyrirfólk í fyrirrúmi



Í DAG
FLOKKSÞING FRAMSÓKNARFLOKKSINS
ÓLAFUR HANNIBALSSON

Þessa dagana heldur Framsóknarflokkurinn flokksþing. Ef heiðarleiki og gagnsæi væri í fyrirrúmi í íslenskri pólitík, ætti í rauninni bara eitt mál að vera á dagskrá: rykið hefði verið dustað af nokkurra ára gamalli tillögu Hannesar Hólmsteins (sem sjálfur er af gamalgrónum framsóknarættum) um að Framsóknarflokkurinn hætti að vera sérstök undirdeild Sjálfstæðisflokksins, heldur sameinuðust þeir í einn, enda hefði allur grundvöllur missættis milli þessara flokka horfið með falli SÍS. Hljótt hefur verið um þessa tillögu undanfarið enda munu flokkseigendurnir hafa séð í hendi sér að við núverandi kjördæmaskipun er framlegð þessara flokka meiri með aðskildri starfsemi á yfirborðinu heldur en sú samlegð sem fengist við sameiningu. Málið er því ekki á dagskrá.

Aðdragandi þessa flokksþings hefur einkennst af miklum pilsaþyt í Kópavogi. Lengi hefur verið vitað að í raun byggðist þessi sérkennilegi stjórnmálaflokkur á nokkrum ættflokkum, sem stundum hafa tekist á , en ávallt staðið saman þegar í harðbakkann slær og að þeim er sótt. Sumir halda því fram, að völdin í flokknum byggist á því að geta haldið utan um félagaskrána. Þá fylla menn hana af sínum eigin ættingjum og vinum en strika þá út sem tilheyra öðrum ættbálkum í tæka tíð fyrir svokölluð prófkjör, sem nokkrir tugir eða hundruð manna taka þátt í. Aldrei fyrr hefur hefur þessi barátta ættanna farið fram fyrir opnum tjöldum, þegar stofnuð eru sérstök ættmannafélög utan um einstaka frammámenn í flokknum, eins og kvennafélagið Brynja, með lögheimili í Kópavogi, en skipuð eiginkonum bræðranna Árna og Páls Magnússona og frændum, vinum og aðdáendum þeirra á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

**„Höfuðviðfangsefni forystumanna Framsóknarflokksins hefur verið það að koma eignum SÍS sáluga í hendur verðugra arftaka. Og hverjir gátu verið verðugri en einmitt erfingjar kaupfélagsstjóranna og SÍS-forstjóranna?**

Meðan flokkurinn var og hét, var hann partur af SÍS- veldinu, ein deildin þar innanstokks eins og Skipadeild og Sjávarafurðadeild o.s.frv. Hann var pólitíska deildin, sú sem sá um að SÍS hefði sinn skerf af þjóðarkökunni og rúmlega það. Þessu náði flokkurinn með því að í þeim kjördæmum, sem hann var öflugur í, giltu atkvæðin allt að fjórfalt á við atkvæði einfaldra Reykvíkinga. Með þeim þingstyrk sem þannig fékkst gat hann samið við Sjálfstæðisflokkinn um helmingaskipti á öllum embættum á vegum ríkisins og ríkisstofnana. Skiptu þar mestu völdin í bönkunum, þau voru lykillinn að því kerfi þar sem allt var skammtað, og því útdeilt hverjir máttu fást við atvinnurekstur – og hverjir ekki. Opinber yfirvöld sáu um að hvergi viðgengist samkeppni um verð, eitt verð gilti yfir allt landið. Samkeppni snerist ekki um verð á vörum og þjónustu heldur „hugsjónir“. Samvinnufélögin voru ekki í rekstri til að „græða“ heldur til að koma í veg fyrir að í landinu risu upp „gróðapungar“. Því gilti kaupfélagaverðið um allt land með blessun verðlagsyfirvalda.

En SÍS fékk hægt andlát, þegar þjóðin braust út úr viðjum kerfisins frá 1927, sem byggðist á því, að þeir sem nutu velvildar kerfisins, gátu safnað ótakmörkuðum skuldum. Eitt kjörtímabil, sem flokkurinn var ekki við völd, dugði til þess að SÍS varð að horfast í augu við opinbert gjaldþrot. Eignir þess hurfu að miklu leyti undir verndarvæng Landsbankans, þar sem um þær var stofnað sérstakt félag með því viðeigandi nafni Hömlur. Þegar Jóhanna Sigurðardóttir ákvað að kljúfa Alþýðuflokkinn með stofnun Þjóðvaka varð afleiðingin sú, að hún leiddi litla dreifbýlisflokkinn aftur til valda með Sjálfstæðisflokknum og gamla helmingaskiptareglan var endurvakin. Höfuðviðfangsefni forystumanna Framsóknarflokksins síðan hefur verið það, að koma eignum SÍS sáluga í hendur verðugra arftaka. Og hverjir gátu verið verðugri arftakar en einmitt erfingjar kaupfélagsstjóranna og SÍS-forkólfanna? Stjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur einmitt byggst á þessum grunni, þótt hljótt fari, og skýrir það kannski að miklu leyti það undirgefnishlutverk sem Framsókn hefur tekið að sér að gegna í þessari sambúð.

Ekki verður annað sagt en að vel hafi tekist til. VÍS (Vátryggingafélag Íslands), Olíufélagið, Búnaðarbankinn og Samskip eru komin í eigu traustra afkomenda kaupfélagsstjóra og SÍS-forkólfa og gefa Framsóknarflokknum öruggan fjárhagslegan bakhjarl í útgerðinni á ólgusjó stjórnmálanna. Ættarfyrirtæki Halldórs Ásgrímssonar standa traustum fótum í kvótaeign og – í gegnum ýmis eignarhaldsfyrirtæki – í öllum einkavæddum fyrirtækjaafkvæmum SÍS sáluga. Framundan er einkavæðing raforkufyrirtækjanna í einn stóran einokunarrisa, Landsímanum þarf að koma í verðugar hendur, Ríkisútvarpið er komið á dagskrá – og svo þarf að koma Samkeppnisstofnun undir örugga stjórn stjórnarflokkanna svo að grænmetiseinokunarmálin og olíufélagasamráðsmálin endurtaki sig ekki. Eldri kynslóð frammámanna í Framsóknarflokknum er komin á græna grein svo að ekki er að furða að yngri kynslóðin hyggi sér gott til glóðarinnar með stofnun eiginkvennafélaga. Það er eftir miklu að slægjast. Sjáið bara hvar Finnur Ingólfsson er núna! ■




FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Stórútsala

## í Smáralind og á Akureyri

# 50% afsláttur

## aðeins í dag

# af völdum sófasettum

TAKMARKAÐ MAGN, FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

## 10% afsláttur af öðrum settum

**Akureyringar!**
Munið markað
Hagkaupa Óseyri 1

**68.994 kr**
Verð áður 137.988-



**London** sófasett 3+1+1 microfiber
Einnig til í 3+2

**89.994 kr**
Verð áður 179.988-

Ekta leður



**London** leðursófasett 3+1+1
Einnig til í 3+2

**94.194 kr**
Verð áður 188.388-

Ekta leður



**Ítalskt** leðursófasett 3+1+1

**99.594 kr**
Verð áður 199.188-

Ekta leður



**Barí** leðursófasett 3+1+1

Gildir 26. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

*Fæst í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri.

# Vandamál í uppsiglingu

**UMRÆÐAN**
FRAMHALDSSKÓLINN



**ÞÓRODDUR BJARNASON**
PRÓFESSOR

**Foreldrar, kennarar, stjórnmálamenn og aðrir sem láta sig velferð barna og unglinga varða hljóta þó að staldra við og hugleiða hvort þessar breytingar muni hafa varanleg áhrif á lífshlaup margra þeirra liðlega níu þúsund barna sem halda upp á þrettán eða fjórtán ára afmæli sitt á þessu ári.**

Stefnt er að því að stytta nám til stúdentsprófs um eitt ár og hefur menntamálaráðherra boðað lagafrumvarp þess efnis á yfirstandandi þingi. Eftir því sem næst verður komist er gert ráð fyrir því að ný aðalnámskrá framhaldsskóla taki gildi haustið 2008, og vorið 2011 útskrifist bæði stúdentsefni fædd árið 1991 eftir fjögurra ára nám og stúdentsefni fædd 1992 eftir þriggja ára nám. Þessi tvöfaldi útskriftarárgangur mun standa frammi fyrir margvíslegum vandamálum sem lítill gaumur virðist gefinn í þeirri umræðu sem nú á sér stað.

Verði hlutfall nýstúdenta sem leita út á vinnumarkaðinn óbreytt má búast við tvöfalt fleiri ungmennum í atvinnuleit vorið 2011 en árið á undan. Aðsókn að háskólum landsins verður að sama skapi tvöfalt meiri en árið áður og aukin fjárframlög til þeirra munu aðeins leysa þann vanda að litlum hluta. Háskóladeildir sem beita fjöldatakmörkunum geta tæpast tvöfaldað fjölda nýnema og því gæti allt að helmingi færri nemendum í þessum árgöngum til dæmis gefist kostur á námi í læknisfræði. Í námsgreinum þar sem auðveldara er að fjölga nemendum geta orðið tvöfalt fleiri háskólanemar á hvern kennara og helmingi færri sem geta nýtt sér tækifæri á borð við rannsóknarvinnu undir handleiðslu háskólakennara, tvöfalt fleiri verða um þau störf sem bjóðast nýútskrifuðum háskólamönnum og þar fram eftir götunum. Þessi troðningur mun vitaskuld hafa mest áhrif á þá sem fæddir eru 1991 og 1992, en ungmenni fædd 1993 og jafnvel 1994 munu eflaust einnig finna fyrir skertum tækifærum til mennta og atvinnu í samkeppni við þá sem lent hafa í hrakningum í eldri árgöngum.

Árgangaklemmur á borð við þessa eru vel þekktar innan þjóðfélagsfræðinnar, en yfirleitt má rekja þær til aukinnar fæðingartíðni, lækkunar ungbarnadauða eða fjölgunar innflytjenda á stuttu tímabili. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að einstaklingar í hlutfallslega stórum árgöngum eiga talsvert undir högg að sækja á ýmsum sviðum. Þeir eru t.d. öðrum líklegri til verða atvinnulausir eða finna sér ekki starf við hæfi, arðsemi menntunar þeirra er minni og lífstekjur þeirra eru að meðaltali lægri en einstaklinga sem tilheyra fámennari árgöngum. Í stórum árgöngum er tíðni hjónaskilnaða einnig hærri, ofbeldisbrot eru algengari, sjálfsvíg eru fleiri, neysla áfengis og annarra vímuefna útbreiddari, búseturöskun meiri og svo mætti lengi telja. Slík vandamál aukast með hverju prósentustigi sem árgangur er stærri en árgangurinn á undan. Ekki er ljóst að hvaða marki slík vandamál geti einnig hrjáð mjög stóra útskriftarárganga, en samkvæmt hugmyndum um styttingu framhaldsskólans verða stúdentsefni fædd 1991 og 1992 í reynd félagslega jafngömul.

Sú mikla tilraun sem nú stendur til að gera á íslenskum unglingum með tvöföldun útskriftarárgangs úr framhaldsskóla vorið 2011 á sér fáar hliðstæður, og því erfitt að spá fyrir um afleiðingar hennar með nokkurri vissu. Væri um fræðilegt rannsóknarverkefni að ræða yrðu eflaust gerðar strangar kröfur um áhættumat, upplýst samþykki forráðamanna, eftirfylgd og áfallahjálp fyrir þá þátttakendur sem yrðu fyrir skakkaföllum vegna tilraunarinnar. Hvað sem því líður munu örlög nemenda sem fæddust á Íslandi árin 1991 og 1992 tvímælalaust marka nokkur þáttaskil í alþjóðlegum rannsóknum á þessu sviði og auka skilning fræðimanna á afleiðingum slíkra breytinga. Vonandi mun koma í ljós að tvöföldun skólaárgangs hafi mun minni áhrif á lífshlaup ungmenna en hlutfallslega stór fæðingarárgangur.

Í skýrslu menntamálaráðuneytisins um styttingu framhaldsskólans er vikið að ýmsum tímabundnum erfiðleikum við fyrirhugaðar breytingar á skólakerfinu, og má þar nefna áhrif á aðrar námsleiðir en stúdentsnám, fækkun stöðugilda framhaldsskólakennara og tímabundið álag á háskóla landsins. Þar er hins vegar ekki fjallað sérstaklega um örlög þeirra tveggja árganga sem munu með þessu móti verða samferða í gegnum efri stig skólakerfisins og út á vinnumarkaðinn. Foreldrar, kennarar, stjórnmálamenn og aðrir sem láta sig velferð barna og unglinga varða hljóta þó að staldra við og hugleiða hvort þessar breytingar muni hafa varanleg áhrif á lífshlaup margra þeirra liðlega níu þúsund barna sem halda upp á þrettán eða fjórtán ára afmæli sitt á þessu ári.

*Höfundur er prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri.*

MAÐUR VIKUNNAR

# Syngur með sínu nefi

**VERÐLAUNASKÁLDIÐ SJÓN**



TEIKN: HELGI SIG. WWW.HUGVERKA.IS

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs hafa ekki komið í hlut Íslendings í heilan áratug fyrr en nú að Sigurjón B. Sigurðsson – betur þekktur undir skáldanafninu Sjón – hreppir þau fyrir skáldsöguna *Skugga-Baldur* sem kom út hjá Bjarti í hittiðfyrra. Menn eru sammála um að þetta sé verðskulduð viðurkenning til skálds sem stöðugt hefur komið á óvart með frumlegum hugmyndum og efnistökum.

Sjón er 42 ára gamall, kvæntur og tveggja barna faðir, búsettur í Reykjavík. Faðir hans var Sigurður Geirdal bæjarstjóri í Kópavogi, sem er nýlátinn. Sjón lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti 1982 en það var þar sem hann vakti fyrst athygli. Fimmtán ára gamall sendi hann frá sér ljóðabókina *Sýnir* sem ort var í anda súrrealista en það var nokkur nýjung hér á landi. Árið eftir kom ljóðabókin *Madonna* og sama ár stofnaði Sjón listamannahóp sem kallaði sig Medúsu og varð smám saman áberandi í listalífi – og á kaffihúsum – borgarinnar. Samtals hefur Sjón sent frá sér ellefu ljóðabækur auk þess sem ljóð eftir hann hafa birst í ýmsum tímaritum. Úrval ljóða hans er að finna í safnritinu *Drengurinn með röntgenaugun* (1986) en eftir það hefur meðal annars komið út ljóðabókin *Myrkar fígúrur* (1998).

Fyrsta skáldsaga Sjón, *Stálnótt*, kom út 1987 og var í súrrealískum anda eins og ljóðin. Í skáldsögunni *Engill, pípuhattur og jarðarber* (1989) fjallaði hann um ástir ungs fólks og örlög þess. Fimm ár liðu þar til næsta skáldsaga hans, *Augu þín sáu mig*, kom út og sjö ár þar til hann sendi frá sér *Með titrandi tár* (2001). Sjón hefur einnig samið þrjár barnabækur og myndskreytt eina. Hann hefur þrívegis haldið opinberar myndlistarsýningar og tekið þátt í tónlistarviðburðum. Þá liggja eftir hann leikrit og sjónvarpsverk.

Meðal vina Sjón í Medúsuhópnum var Þór Eldon, sem síðar varð gítarleikari Sykurmolanna og er barnsfaðir söngkonunnar Bjarkar Guðmundsdóttur. Upp úr þeim tengslum spratt útgáfufyrirtækið Smekkleysa og náið samstarf Sjón við Björk í mörg ár, sem meðal annars fólst í aðstoð við textagerð, upptökur og myndbandagerð. Hann bjó og starfaði um skeið í London. Fyrir textagerðina við lög Bjarkar í kvikmyndinni *Dancer in the Dark* var hann tilnefndur til Óskarsverðlauna. Tónlistin er ríkur þáttur í lífi fjölskyldunnar; kona Sjón er söngkonan Ásgerður Júníusdóttir.

Verðlaunaverkið *Skugga-Baldur* gerist um miðja 19. öld. Aðalpersónurnar eru presturinn Baldur, grasafræðingurinn Friðrik og vangefin stúlka, Abba að nafni, sem tengist lífi og örlögum mannanna með afdrifaríkum hætti. Þykir Sjón vinna með skemmtilegum hætti úr þjóðsagnaarfi Íslendinga, en styrkur hans á seinni árum hefur einmitt verið í því fólginn að tefla saman gömlu og nýju, hefðbundnu og frumlegu, með óvæntum hætti. Kannski má segja að hann sé núorðið súrrealisti með þjóðlegu ívafi. En eitt er víst, hann lætur hvorki bókmenntafræðinga né lesendur króa sig af í einhverju horninu heldur fetar sífellt nýjar slóðir. Hann syngur sannarlega með sínu nefi. ■

# Er friðargæsla karlastarf?

**UMRÆÐAN**
ÍSLENSKA
FRIÐARGÆSLAN



**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR**
ALÞINGISMAÐUR

Á fyrri hluta síðasta árs voru 14% íslenskra friðargæsluliða konur. Árið sem Íslenska friðargæslan var stofnuð formlega voru konur 30% þeirra sem gegndu friðargæslustörfum erlendis. Ný skýrsla Birnu Þórarinsdóttur, framkvæmdastýru UNIFEM, um jafnréttissjónarmið í stefnu og starfi íslensku friðargæslunnar varpar skýru ljósi á þróun hennar sl. 10 ár.

Niðurstöður skýrslunnar rökstyðja í öllum atriðum gagnrýni þingmanna Samfylkingarinnar á verkefnaval og stefnu, eða réttara sagt stefnuleysi, íslensku friðargæslunnar. Lágt hlutfall kvenna í störfum fyrir friðargæsluna endurspeglar einhæft verkefnaval og karllæga hugsun þeirra sem ráða för. Framkvæmdaáætlanir ríkisstjórnarinnar um jafnrétti kynjanna – gamlar og nýjar – virðast ekki hafa nein áhrif á störf og stefnumótun í utanríkisráðuneytinu. Þar skortir hvort tveggja þekkingu og pólitískan vilja til þess að standa við stóru orðin – eða réttara sagt fagurgalann sem fulltrúar Íslands fara með á alþjóðlegum vettvangi, ekki síst hjá Sameinuðu þjóðunum.

Íslenska friðargæslan er skilgetið afkvæmi karla, og virðist fyrst og fremst ætluð til þess að veita körlum störf og ekki síður til þess að ýta undir þá ímynd Íslands í alþjóðlegu samstarfi við séum tilbúin til þess að taka að okkur „hörðu pakkana“, t.d. verkefni sem krefjast vopnaburðar.

Í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 (2000) er því m.a. beint til aðildarríkjanna að auka hlut kvenna í friðar- og uppbyggingarstarfi og tryggja þátttöku þeirra í ákvarðanatöku vegna úrlausnar vopnaðra átaka. Íslensk stjórnvöld segjast styðja þessi áform heils hugar en þess sést því miður ekki stað í verkefnavali íslensku friðargæslunnar. „Vöxtur friðargæslunnar hefur átt sér stað samhliða stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um samþættingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða en án nokkurrar sýnilegrar skörunar,“ segir á einum stað í skýrslu Birnu Þórarinsdóttur.

Það er kominn tími til þess að snúa blaðinu við og sýna í verki að íslensk friðargæsla geti starfað á breiðum grundvelli. Það þýðir að endurskoða verður verkefnaval og leggja mun meiri áherslu á verkefni sem unnin eru á vegum stofnana Sameinuðu þjóðanna, s.s. UNIFEM, og annarra stofnana á borð við ÖSE. Sé það ekki gert er vandséð hvaða tilgangi það þjónar að halda úti íslenskri friðargæslu með ærnum tilkostnaði. ■

Orkuveita Reykjavíkur auglýsir styrk til konu sem stundar eða hyggst hefja nám í einum af eftirfarandi greinum: Vélfræði (vélstjórnun), rafvirkjun, vélvirkjun, múraraiðn eða pípulögnum.

**Styrkur**

***til iðnnáms eða vélfræði (vélstjórnun)***

Umsóknum með náms- og starfsferli ásamt upplýsingum um fyrirhugað nám og staðfestingu á skráningu skilist til Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, merkt „Styrkur til iðnnáms eða vélfræði (vélstjórnun)“, fyrir 20. apríl nk.

**Orkuveita Reykjavíkur hefur það sem lið í jafnréttisáætlun sinni að hvetja konur til náms í iðngreinum og vélfræði (vélstjórnun).**

Orkuveita Reykjavíkur

www.or.is

**BRÉF TIL BLAÐSINS**

## Afturhaldsrokk gegn niðurrifi

**Magnús Ingi Magnússon, veitingamaður, skrifar:**

Hvað stendur eiginlega til? Það er rokkað gegn niðurrifi gamalla húsa við Laugaveg og umræðan í fjölmiðlum er á þá lund að það mætti halda að það ætti að fara að rífa annað hvert hús við Laugaveg á morgun. Eigendur húseigna við Laugaveginn eru hissa á þessu uppistandi enda er í raun verið að berjast gegn möguleikum þess að gera nauðsynlegar umbætur á Laugaveginum og miðbænum til að auka slagkraft svæðisins í atvinnurekstri og menningu. Sjálfur er ég eigandi hússins við Laugaveg 28b og er spurður oft á dag hvenær eigi að rífa húsið. Hvernig væri að eyða kröftunum frekar í að bæta menninguna meira við Laugaveginn, hvetja fólk til að versla þar, fara út að borða, kíkja á kaffihús og skoða sýningar í galleríum. Sjónarmiðum rekstraraðila við Laugaveginn hefur of lítill gaumur verið gefinn í þessu máli. Bolli Kristinsson í Sautján hefur haldið á lofti skynsamlegum rökum en fleiri þyrftu að láta heyra í sér. Laugavegurinn og miðbærinn eru á uppleið og þetta skipulag styrkir svæðið og mun gera það eftirsóknarverðara fyrir fólk og fyrirtæki. Ég var ánægður að heyra að Jakob Frímann Stuðmaður vildi ekki vera með í rokki gegn niðurrifi gamall húsa. Ég legg til að frekar verði rokkað með bættri menningu á Laugaveginum, hljómsveitir gætu til dæmis spilað á löngum laugardegi og fengið þannig fleira fólk í miðbæinn.

# Við bjóðum til veislu!






Við höfum opnað eftir gagngerar breytingar glæsilegan þjónustustað á Digranesvegi 10 og viljum af því tilefni bjóða þér og þínum á opnunarhátíð í dag laugardaginn 26. febrúar frá kl. 14:00-16:00.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest!




## DAGSKRÁ

- Króni og Króna verða á staðnum og skemmta börnunum
- Boðið verður upp á veitingar
- Páll Rósinkranz mun syngja fyrir gesti
- og margt fleira

Sparisjóður Kópavogs | Hlíðasmára 19 | Digranesvegi 10 | Afgreiðsla í Select við Smáralind
Sími: 515 1900 | Þjónustuver: 515 1950 | spk@spk.is | www.spk.is

spk

Nýr valkostur!

# NÝ VER
# LÆK
# VÖRU
# VIRK SAM

Sam-keppni

SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBR

11-19 10-19 11-19 11-21 11-21 11-19

KRÓNAN

VIRK SAMKEPPNI

# ÐSTEFNA

# KUM

# VERÐ

# MKEPPNI

**Opið**
**alla daga**



**Virk samkeppni – lækkað verð**



| UT | MOSFELLSBÆR | SELFOSS | VESTMANNAEYJAR | HÖFN | ÞORLÁKSHÖFN | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 11-24 | 11-19 | 11-19 | 11-19 | virkir dagar | 11-20 |
| | | | | | laugardagar | 11-18 |
| | | | | | sunnudagar | 11-16 |

50% AFSLÁTTUR

**Kryddað lambalæri**

# 799

kr./kg með afslætti

verð áður kr. 1.579

50% AFSLÁTTUR

**Bautabúrs nauta og svínahakk**

# 399

kr./kg með afslætti

verð áður kr. 798

**Ora grænar baunir**

# 55

kr./stk.

ýsa.is

roð- og beinhreinsaðir ýsubitar

**ROÐ- OG BEINHREINSAÐIR ÝSUBITAR, 800 g**

# 399

kr./pk með afslætti

verð áður kr. 697

**Ariel Color þvottaefni 6 kg**

6kg.

# 1.298

kr./pk.

verð áður kr. 1.568

**Nýmjólk 1l**

# 73

kr./1 L.

**Hunt´s tómatsósa**

# 137

kr./stk.

**SMA barnaþurrmjólk**

# 245

kr./stk.

Virk samkeppni – lækkað verð

ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

# KRÓNAN

VIRK SAMKEPPNI

## Sam-keppni




**KRÓNU-BRAUÐ**

**49** kr./stk.

verð áður kr. 129




**Freschetta Roma pizzur**

**199** kr./pk.

verð áður kr. 449



**Coke 4 x 2 l**

**449** kr./pk.

verð áður kr. 716




**Kelloggs Special K, 750 g**

**299** kr./pk.

verð áður kr. 398

**Nýr valkostur**

**5% afsláttur af öllum viktuðum ostum**




**NÝ OG BETRI KRÓNA Í HÚSGAGNAHÖLLINNI / STÓRBÆTT & GLÆSILEG VERSLUN**




**Opnar kl. 10**

**VINNUR ÞÚ 100.000 kr. MATARÚTTEKT Í KRÓNUNNI**

Allir sem koma um helgina og fylla út þátttökuseðil geta unnið!

## DAGSKRÁ Laugardag:



Kl. 14:00 Atriði úr Ávaxtakörfunni.
Kl. 15:00 Svalakarlarnir sprella og gefa Svala.

Emmess íspinnar í boði fyrir káta krakka.
Fjölbreyttar vörukynningar í verslun.

**Í VERSLUNUM KRÓNUNNAR**

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Stundum er ástæða til að spyrja, skiptir í raun engu máli, hvað stjórnmálamenn segja og gera, geta þeir alltaf gert kröfu um, að tekið sé mark á þeim?“*
***Björn Bjarnason á heimasíðu sinni 19. febrúar.***

*„Fréttamenn og stjórnendur umræðuþátta gera miklar kröfur til stjórnmálamanna um að muna alla hluti.“*
***Valgerður Sverrisdóttir á heimasíðu sinni 23. febrúar.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

# *Úr bakherberginu…*

### Algjör geðveiki



Guðni Ágústsson minnti á það enn einu sinni að hann er óborganlegur skemmtikraftur. Í ræðu á flokksþingi framsóknarmanna í gær kvartaði hann undan „óvæginni fjölmiðlaumræðu“ í garð Framsóknarflokksins og ríkisstjórnarinnar. Hann nefndi áramótagrein Hallgríms Helgasonar í Fréttablaðinu sem dæmi um það. Guðni sagði frá því að í greininni hafi Hallgrímur haldið því fram að Davíð Oddsson væri geðveikur. Guðna sagðist hafa brugðið þegar hann las um geðveiki Davíðs. Hann hafi síðan hitt Davíð á Bessastöðum síðar um daginn og spurt hvort hann hafi lesið Fréttablaðið. Davíð átti að hafa svarað því neitandi og spurt hvort eitthvað hafi verið í blaðinu. Guðni útskýrði þá að Hallgrímur hafi sagt að Davíð væri geðveikur. „Nú, sagði hann það, helvítis ormurinn“, átti Davíð að hafa sagt. Davíð átti að hafa haldið áfram: „Mér hefur reyndar oft dottið það í hug sjálfum.“





### Við Samfylkingarmenn

Og Guðni var ekki búinn með skemmtisögurnar. Sú næsta var reyndar alveg óvart. Guðni fór mikinn er hann talaði um mikilvægi þess að flokksmenn kæmust yfir þau innri átök og óróleika sem ríkt hafa að undanförnu. „Það er mikilvægt að við fylkjum liði og göngum samstíga héðan út að loknu þingi,“ sagði Guðni. „Samfylking… nei, ekki Samfylking… heldur samstaða, er það sem við þurfum.“ Guðni gat ekki stillt sig um að skella upp úr við þetta mismæli – og salurinn hló með.

## VIKA Í PÓLITÍK

SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR

# *Ekki meir, ekki meir!*



Enn og aftur tekst framsóknarmönnum að vekja athygli fjölmiðla á sér. Ekki var fyrr kominn sáttatónn í umræðu á milli framsóknarmanna að þeim tókst að ýfa upp sárin að nýju. Í þetta skiptið var það iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem æsti upp leikinn með útspili sínu með viljayfirlýsingu um sameiningu Landsvirkjunar, Orkubúsins og Rarik og tilkynningu um fyrirhugaða einkavæðingu orkurisans sem úr yrði.

Ekki nóg með það, heldur tókst flokksmönnum að vekja upp deilur um evrópustefnu flokksins daginn fyrir flokksþing, því í drögum að ályktunum flokksþingsins, sem birt voru á fimmtudagskvöld, kom fram að stefnt yrði að því að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið á þessu kjörtímabili. Ráðherrar framsóknarflokksins voru hins vegar fljótir að benda á að það yrði brot á stjórnarsáttmálanum og því ekki til umræðu.

Þetta allt – í kjölfar endalauss umróts í framsóknarfélögunum í Kópavogi sem lyktaði með stofnun tveggja nýrra félaga, Brynju og Digraness. Sem síðan leiddi til umræðu um lög flokksins og ákvæði um félagaflakk og Siv Friðleifsdóttir gerði að umtalsefni í ræðu sinni á flokksþingi í gær.

Svo ekki sé minnst á eldri mál: óánægjuölduna sem reis meðal framsóknarkvenna vegna ákvörðunarinnar um að taka af Siv ráðherrastól. Reiði flokksmanna vegna þess að Kristni var nánast úthýst úr þingflokknum. Og fjölmiðlamálið. Og stjórnarskrármálið. Og Íraksmálið.

Hvenær lýkur þessum ósköpum?

Það var auðheyrt af máli framsóknarmanna sjálfra á flokksþingi í gær að nú hafa þeir fengið sig fullsadda af innbyrðis átökum og sundrung. Hver á fætur öðrum steig upp í pontu og hvatti flokkssystkin sín til að sjá að sér og sýna nú samstöðu í orði og verki. Aðeins þannig væri flokknum hugað líf. Og heyr, aðeins þannig verður flokknum hugað líf.

Framsóknarmenn landsins!

Ekki meir, ekki meir!








**ÁRNI MAGNÚSSON VILL AÐ RÁÐHERRUM Í RÍKISSTJÓRN VERÐI FÆKKAÐ Í SEX TIL ÁTTA.** Hann sér fyrir sér að nýju ráðuneytin yrðu forsætisráðuneyti, innanríkisráðuneyti, utanríkisráðuneyti, atvinnuvegaráðuneyti, velferðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti og kannski tvö í viðbót.

# Vill fækka ráðuneytum

**Félagsmálaráðherra vill að ráðuneytum verði fækkað í sex til átta. Það verði að gera á þessu kjörtímabili. Færa ætti margar stofnanir á vegum ríkisins út á land. Þær ættu að vera stærri, færri og markvissari.**

**STJÓRNSÝSLA** Árni Magnússon félagsmálaráðherra vill að núverandi ríkisstjórn gangi í það að fækka ráðuneytum í sex til átta fyrir lok kjörtímabilsins.

„Við eigum í alvöru að horfa til þess að gera þessar grundvallarbreytingar á stjórnarráðinu. Ég sé fyrir mér að ráðuneytin væru forsætisráðuneyti, innanríkisráðuneyti, utanríkisráðuneyti, atvinnuvegaráðuneyti, velferðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti og kannski tvö í viðbót. Mér finnst þetta koma mjög vel til greina og finnst þetta spennandi,“ segir Árni.

Hann segir að hugsanlegt væri að hver ráðherra hefði tvo til þrjá aðstoðarráðherra sem væru jafnvel sérstaklega kjörnir til þess. „Ef þessi skref verða stigin, sé ég einnig fyrir mér að gerðar yrðu ákveðnar strúktúrbreytingar á kerfinu þannig að inn í þessi ráðuneyti kæmu aðstoðarráðherrar eins og við sjáum víða í löndunum í kringum okkur,“ segir Árni.

„Samhliða þessu gæti ég séð að stofnanir á vegum ríkisins yrðu færðar út á land. Til að mynda mætti byggja upp stofnanir sjávarútvegsins norður í landi og stofnanir landbúnaðarins á Suðurlandi,“ segir Árni.

Hugmyndir Árna hafa ekki verið teknar fyrir í ríkisstjórn. Hann bendir þó á að hugmyndum um fækkun og stækkun ráðuneyta hafi verið fleygt, bæði innan Framsóknarflokksins og fleiri flokka.

„Ef við förum í það að stíga þetta skref mætti einnig horfa til þess að endurskipuleggja stofnanir ríkisins. Margar þeirra eru ofboðslega litlar og veikburða þrátt fyrir að starfsfólk þeirra leggi allt sitt af mörkum.

Við myndum ná miklu betri árangri með því að sameina kraftana og hafa stofnanirnar færri, stærri og markvissari,“ segir hann.

Spurður hvers vegna hann telji nauðsynlegt að núverandi ríkisstjórn hafi frumkvæði varðandi þetta einmitt nú segir Árni að það sé vegna þess hve hún er öflug. „Mér finnst þessi ríkisstjórn hafa tekist á við svo mörg stór verkefni að hún eigi að ráða við þetta.“

sda@frettabladid.is

## UMMÆLI Á ALÞINGI



*„Ég er ekki hlynntur aukningu í utanríkisþjónustunni en ég mundi styðja sérstaka fjárveitingu til að gera núverandi iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins að sendiherra í mjög fjarlægu landi ef það mætti verða til að stöðva þetta einkavæðingaræði Framsóknarflokksins.“*
Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna, á Alþingi 22. febrúar í umræðu um Landsvirkjun.



*„Svo veit ég að hæstvirtur þingmaður Jón Bjarnason mundi sakna mín á fyrsta degi ef ég færi utan.“*
Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra á Alþingi við sama tækifæri.



*„Ég vil biðja hæstvirta þingmenn sem þurfa að bregða sér frá að gera það hljóðlega og tafarlaust.“*
Halldór Blöndal, forseti Alþingis, á Alþingi 21. febrúar við upphaf umræðu um afdrif laxa í sjó.



*„Ég hefði kosið heldur að hæstvirtur forseti bannaði mönnum að fara úr salnum á meðan rædd er svo merkileg tillaga sem varðar afdrif laxa í sjó.*
Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, á Alþingi við sama tækifæri.



*„Það er gjarnan svo þegar menn eru komnir í þrot með rök að þeir fara að gefa ræðum einkunnir og mín ræða var víst innihaldslaus og það er þá bara einu sinni þannig.“*
Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, 14. febrúar, í umræðu um frumvarp sitt um að leggja niður forsetaembættið.

*„Ég bendi í þessu sambandi á boðorðin tíu, þau eru orðuð þannig að velflestir, held ég, skilja þau nokkurn veginn einum skilningi, enda hafa þau haldið mjög lengi.“*
Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, á Alþingi við sama tækifæri.

# KYNNING Í DAG

## GEORGE FOREMAN®



LEAN MEAN FAT REDUCING GRILLING MACHINE

Í George Foreman snúningsgrillinu er hægt að glóðarsteikja kjúkling, kjötvöðva (roast beef) fisk, grænmeti ofl. Safaríkur og bragðmikill matur. Fitan rennur burt og því kemur engin bræla þegar grillað er. Sérstaklega auðvelt að þrífa grillið. Íslenskar leiðbeiningar ásamt nokkrum mataruppskriftum.

**Kynning á George Foreman SNÚNINGSGRILLINU í dag milli 14-17 í Hagkaup Smáralind, Hagkaup Kringlunni og Hagkaup Skeifunni.**

**9.990 kr**
Fullt verð kr. 13.990

## Melissa

**Melissa 643024**
Einföld og traust BRAUÐRIST.



**1.690 kr**
Fullt verð kr. 1.990

## exido

**Exido 246001**
450w BLANDARI með glerkönnu, 2 hröðum, púls möguleika og öryggisrofa. Stál.



**3.990 kr**
Fullt verð kr. 4.990

## UNITED

**United VC4115**
Kröftug en meðfærileg 1600w RYKSUGA. Frábær kaup!




**4.990 kr**
Fullt verð kr. 7.990

## exido

**Exido 246009**
4,4 lítra HRÆRIVÉL með 2 skálum og 12 hraðastillingum.



**16.990 kr**
Fullt verð kr. 19.990

# HAGKAUP

*Skemmtilegast að versla*

GILDIR TIL 6. MARS
eða á meðan birgðir endast

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255

**VICTOR HUGO (1802-1885)** fæddist þennan dag.



*„Umburðarlyndi er besta trúin.“*

Pínulitlir, yndislegir og fjörugir Chihuahua hvolpar, með ættbók fá Ísh. til sölu, tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 845 2962 & 566 7529.

Tveir hvolpar fást gefins. Blanda af íslenskum og border collie. Uppl. í síma 862 8932.

Ég er sæt persnesk læða og mig vantar að komast í náin kynni við persneskan fress sem fyrst. Uppl. í s. 869 6817.

## Ýmislegt

Til sölu vegna breytinga 4 vandaðir hvítlakkaðir fataskápar með speglum og lýsingu; samtals 6 metrar. Einnig 8 eikar innihurðir (ein með frönskum gluggum); Siemans Lady Plus hljóðlát uppþvottavél; allt selst ódýrt. Vönduð ársgömul Alno eldhúsinnrétting með eikaráferð ásamt eyju, háfi, Siemens gaseldavél og bakarofni, innbyggðri Zanker uppþvottavél og Bosh ísskáp (kostaði 1,5 milj. er sem nýtt en selst á hálfvirði). S. 551 6517 og 898 2999.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög



Spennandi stang- og skotveiðiferðir til Suður-Grænlands í júlí og ágúst. Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar S.: 511 1515

## Byssur



Nætursjónaukar 1. og 2. kynslóð á riffla og haglabyssur verð frá 59.000. Uppl. Í síma 847-7663

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is



### Lax og Silungsveiði!
Fjölbreytt úrval lax og silungsveiðileyfa. Veiðiþjónustan Strengir. www.strengir.is ellidason@strengir.is S 567-5204 og 660-6890.




### Lax og silungur
Yfir 40 Lax og silungsveiðiár í Öllum verðflokkum. Frekari upplýsingar Lax-á ehf. S. 557 6100 veidileyfi@lax-a.is www.lax-a.is

## Hestamennska

Tveir góðir reiðhestar til sölu. Uppl. í s. 698 9223.

### Taming-þjálfun
Tek hross í tamningu og þjálfun. Er í Rangárvallarsýslu um 80 km frá RVK. Susanna Hellatúni s. 697 3605.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Sumarhús á Spáni. Höfum úrval af góðum íbúðum til leigu/sölu á Alicante svæðinu. Uppl. s. 5671596-6947196 e.mail.gumsig@terra.es

Skrifstofuhúsnæði. Til leigu við Fossaleynir. pn 112 Rvík. Rými frá 17 fm upp í 180 fm í nýtt húsnæði, mikið af bílastæðum. Upplýsingar í s. 893 1901.

Stúdíóíb., á svæði 111, með eldh., stofu, svefnkr., stóru baði, svölum og þvottaaðstöðu. Leiga 45þ.,+ 5þ., fyrir hita, rafmagn og húsgjöld. S. 587 2389 milli 18-19.

Til leigu 40fm allt sér, á svæði 170. Ath. aðstoð við heimili gæti gengið upp í greiðslu. S. 821 1032.

Til leigu herbergi á svæði 104, sérinngangur og sérsnyrting, aðgangur að þvottavél og geymslu. Uppl. í s. 895 9702 & 554 6430.

Herbergi í rólegu hverfi í austurbæ Kópavogs. Er laust. Sími 696 2193.

Herb. 16 fm, nýstands. Flott á 3ju hæð m. útsýni, sér eldh. sam. baðh., sturta og þvottav. 107 R. S. 659 9965.

30 fm. stúdíó m/séringg. í Seljahv. V.40 þ Allt innif. S. 898 1498.

2ja herb. íbúð til leigu í 101 Rvk. frá 1.3. 59.000 pr. mán, 1 mán fyrirfram og tryggingarvíxill. S. 897 8521.

40 fermetra stúdíó íbúð til leigu í 101 Rvk. frá 1.3. 49.000 pr. mán, 1 mán fyrirfram og tryggingarvíxill. S. 897 8521.

4ra herbergja íbúð til leigu í 3 mánuði frá mánaðarmótum á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 897 4338.

23 fm stúdíóíbúð rétt við Árbæjarlaug til leigu frá 1. mars. Sérinngangur - reglusemi og skilvísi skilyrði. Uppl. í síma 825 7237.

Falleg og rúmgóð 2ja herb,.70 fm íbúð í Nönnufelli með geymslu. 70 þús á mán. Uppl. holmgeir@hi.is & s. 661 3707.

Lítil 2ja herbergja íbúð í 101 til leigu. Langtímaleiga. Laus strax. Uppl. í síma 862 2704.

35 fm stúdíóíbúð til leigu á sv. 170 frá 1. mars. Leiga 45 þ. á mán. með hita og rafm. Aðeins reglus. og reykl. S. 897 4630.

2ja herb. 50 fm. íbúð til leigu í Seláshverfi. Leiga per. mán. 60 þús. Innifalið rafm. og hiti. S. 899 6749.

Stúdíóíbúð/bílskúr í hverfi 105. 45 þús. á mán. Rafm. og hiti innif. uppl. S. 691 2108 og 695 5542.

## Húsnæði óskast

Reglusöm 23 ára kvk óskar eftir íbúð á leigu. skilv. gr. meðm. ef óskað. S. 695 6296.

Skilvís og reglusamur 40 ára karlmaður óskar eftir 2ja herb. íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu í ca. 3-4 mán. Uppl. í síma 898 1493 og gkonradsson@simnet.is

Íbúðarhúsnæði óskast með bílskúr í Reykjavík eða í kring. Uppl. á hafnarstal@simnet.is eða í s. 893 6870

Stúdíó- eða 2ja herbergja íbúð óskast Er húsasmiður að mennt. Reglusemi og reykleysi heitið. Uppl. í s. 694 1385.

26 ára kona reyklaus og reglusöm óskar eftir ódýrri stúdíóíbúð sem fyst, miðsvæðis í Rvk. Uppl: 8697946

Þriggja herbergja snyrtileg íbúð óskast frá mánaðamótum maí-júní. Skílvísum greiðslum lofað og meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 553 1109 & 663 1076.

Erum feðgin sem óskum eftir 2ja til 3ja herb. íbúð í Rvk. Langtímaleiga. Skilvísar greiðslur. S. 867 2037.

41 árs karlmaður óskar eftir 2-3ja herberggja íbúð í Rvk. eða Kóparv. Uppl. í s. 898 6738.

3ja herb. íbúð óskast í Hafnarf. Skilvísar greiðslur. Uppl. s. 845 2249

SOS. Vantar 30-60 fm. íbúð í langtímaleigu fyrir mig og 2ja ára son minn. Helst í Breiðholti eða Árbæ en skoða allt. S. 869 7075 & 869 4650.

Vantar 3ja-4ra herb. íbúð, helst í Kópav. Uppl. gefur Anna í s. 616 9810.

Frönsk ung kona óskar lítilli íbúð, helst á 101. Skilvísar greiðslur. S. 663 4848.

Fjölskylda óskar eftir að taka á langtímaleigu 5+ herb. íbúð/hús. Forstofuherb. eða herb. með sérinngangi er kostur. Fyrirframgreiðsla ef óskað er. Uppl. í síma 820 3042.

Hjón með 3 börn óska eftir húsnæði, helst í Hfj (en annað kemur til greina), sem alla fyrst. Uppl. í s. 659 3260, 869 5611 & 554 1288.

## Sumarbústaðir



Til sölu 25 fm sumarbústaður + ris. Uppl. í s. 845 5376 & 555 2271 e. kl. 19.



Til sölu mjög sterkbyggt 12 fm veiðihús/sumarhús. Húsið er tilbúið að utan til flutnings, en fokhelt að innan. Veröndin er 6 fm og auðvelt að stækka húsið sem að því nemur. Steinull fylgir. Til sýnis við Bakkastíg í Rvk. Uppl. í síma 863 1424 Gunnar. Óskað er eftir tilboði.

Sumarbústaður m. heitum potti til leigu í nágr. Flúða. Uppl. í s. 486 6683, 898 6683 Guðbjörg.

Nokkrar lóðir í Holtunum til sölu. Um er að ræða 3ja ha lóðir fyrir heilsárshús. Gott útsýni, frábær staðsetning Uppl í s. 899 5530.

### Sumarbústaður, tækifæri
Tvö sænsk vönduð sumarhús, ósamsett. Tilb., að utan með hurðum gluggum og gólfi. Það stærra er 26,5 fm + 8,1 fm verönd. Timburpanel 43mm. Minna húsið 10 fm + 4 fm verönd. Verð samtals 980 þús. Uppl. í s. 821 7578. (eru staðsett í Dalasýslu).

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu gott 137 fm full innréttað skrifstofuhúsnæði í lyftuhúsi við Skipholt. Móttaka, 5-6 herbergi, lítil kaffistofa, næg bílastæði. Guðlaugur s. 896 0747.

Til leigu herbergi fyrir nudd, heilun eða skylda starfsemi. Upplýsingar í sima 690 6004. www.hugveislan.is

### Atvinnueign.is
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is s:568-6600

Til í leigu í Fellagörðum(Drafnarfell 14-18) U.þ.b. 80 fm húsnæði sem nýlega hefur verið innréttað fyrir hárgreiðslu- og snyrtistofu. Laust strax. Uppl. í s. 822 7220.

### Lagerhúsnæði á jarðhæð
Óska eftir 300-1000 fm lagerhúsn. Innkeyrsludyr nauðsynl. Reykjav. og nágr. Langtímaleiga. Uppl. í s. 892 0808.

## Gisting

Gistiheimili Halldoru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045-24609552

# ATVINNA

## Atvinna í boði

### Atvinna - kvöldsölustarf !
Mán - fös kl. 17:00 - 22:00
Góð laun + bónus og góð aðstaða.
**Getur hentað 18 ára - 70 ára +**
**Nánari upplýsingar: bm@bm.is**
**Sími 822 5052.**

### Tekju- og árangursetning ! 25% - 50% sölulaun.
Auðseljanleg gæðavara ! " Frjáls vinnutími "
**Nánari upplýsingar á www.icygroup.com eða í síma 670-6060**
**Icy Group**

### Konur nú er tækifæri !
Vegna aukinna verkefna getum við bætt við okkur góðu kynningarfólki í verslanir. Sveigjanlegir vinnudagar eftir hádegi.
**Upplýsingar í síma 821 8550 Elín, alla daga vikunnar. Kynning og sala ehf.**

### Óskum eftir starfsfólki á dag- og kvöldvaktir
Við hjá Skúlason leitum að fólki 18 ára og eldri við úthringingar í fjölbreytt og skemmtileg verkefni. Dag- og kvöldvaktir í boði. Almenn tölvukunnátta æskileg. Hafðu samband í síma 575 1500 og leggðu inn umsókn.
**Skúlason ehf, Laugavegi 26, s. 575 1500, www.skulason.is**

### Hársnyrtir í Mosfellsbæ
Hársnyrti / nema á síðasta ári vantar til starfa. Starfstími er samkomulagsatriði.
**Upplýsingar gefur Ingibjörg í síma 566 6090 og 699 7413.**




### Hársnyrti fólk óskast
Óskum eftir sveini eða meistara sem fyrst. Laun eða stólaleiga í boði. Uppl. í s. 698 1086, 897 4878 eða á staðnum.

### Framtíðarstarf og sumarafleysingar
AÐFÖNG óska eftir starfsmönnum í lagerstörf. Um er að ræða framtíðarstörf og einnig í sumarafleysingar.Við bjóðum upp á góða tekjumöguleika, góða vinnuaðstöðu og mötuneyti er á staðnum. Leitað er að kraftmiklum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsækinu fyrirtæki.
**Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík. Upplýsingar gefur Ívar í síma 693-5602 alla virka daga milli 09:00 og 16:30**

### Matráður
Starf matráðs við leikskóla er laust til umsóknar. Viðkomandi þarf að vera ljúfur í lund, vel skipulagður og vera fær um að elda einfaldan og hollan við hæfi barna. Um að ræða 75 til 100% starf og er ráðningartími eftir samkomulagi. Reglusemi áskilinn.
**Nánari uppl. í s. 899 2056 eftir kl. 13 í dag og næstu daga. Leikskólastjóri.**

Viltu aukatekjur 25 þús+? og vinna með góðu fólki? Hafðu þá samband. Fanney s. 698-7204.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Snyrtifræðingur með meistararéttindi óskast. Áhugasamir hafið samband í síma 8691078 eða sendið póst á buni@toppnet.is

Stálsmiðjan ehf. auglýsir eftir kranamanni á bílkrana. S. 552 4400 & 660 3535.

Bílstjóra með meirapróf og eftirvagnaréttindi vantar í vinnu upp í sveit á Snæfellsnesi. Uppl. í s. 435 6786 og 860 2699 eða á fm@vortex.is

Óska eftir rafvirkjum til almennra rafvirkjastarfa. Uppl. í s. 899 1993

Málarar eða starfsmenn vanir málningarvinnu óskast. Uppl. í s. 893 2385.

Okkur vantar fólk í móttöku og í herbergisþrif. Upplýsingar í síma 568 0777.

### Fiskvinnsla
Óska eftir starfsmanni í fiskverkun í Hafnarfirði. Uppl. í s. 893 9700.

Vantar vanan mann í trjáklippingar. Hæfniskröfur, reynsla eða kunnátta af trjáklippingum. Stundvísi og heiðarleiki. Umsóknir á www.gardlist.is.

Fjölskylda í Kópavogi leitar að "ömmu" til að sækja barn til dagmömmu og taka á móti börnum úr skóla. Viðvera um 2-3 tímar á dag, þarf að hafa bíl. Hildur & Alexander s 564 5416 / 844 4525

Kraftmikill markaðsmaður! Við leitum að réttum aðila til að taka að sér tímabundið markaðsátak og sölu fyrir sérhæft þjónustufyrirtæki er starfar eitt á sínum markaði. Mjög góðir tekjumöguleikar í boði fyrir aðila sem skilar árangri. Áhugasamir sendi tölvupóst með ferilskrá á netfangið thorir03@ru.is fyrir 2. mars nk.

Leitum af starfsmanni sem er jákvæður, glaðlyndur reglusamur með reynslu/menntun í vélsmiðju staðsetta í Hafnarfirði. áhugasamir sendið okkur póst á : smidjan@xnet.is með helstu upplýsingum.

RIZZO Pizzeria óskar eftir dugmiklu starfsfólki, nánari upplýs. á staðnum Hraunbæ 121.

### Bónus í Kjörgarði !
Bónus vantar starfsmann til afgreiðslu á kassa, í hlutastarf og fullt starf, í verslun fyrirtækisins í Kjörgarði við Laugaveg. Áhugasamir sæki um hjá verslunarstjóra eða á bonus.is.

### Vantar þig vinnu?
Við hjá Pósthúsinu erum að leita að harðduglegu fólki til að dreifa Fréttablaðinu og DV. Prófaðu að hringja í okkur og fá frekari upplýsingar, það er aldrei að vita nema þú finnir eitthvað við þitt hæfi. Þú nærð í okkur í síma 585 8330 alla daga vikunnar milli 7 og 17.30.

### Kópavogsbúar ath.
Okkur í pósthúsinu vantar fólk til að dreifa í Kópavoginum. Nánari uppl. í s. 585 8330 milli kl. 7 & 17.

### Stjörnustál
Starfsmaður vanur járnsmíði óskast í litla járnsmiðju. Þarf að geta unnið sjálfstætt. Uppl. hjá Grétari í síma 692 8091.

VDO verkstæðið óskar eftir framtíðarstarfsmanni á verkstæði. Áhugasamir sendi póst á verslun@vdo.is eða í hringið í s. 588 9747 eða komið í Borgartún 36.

Yfirmaður í eldhúsi óskast á tveggja deilda leikskóla í Grafarvogi. 70-100%starf. Uppl. í síma 587 3077 og 822 7244

### Veitingahús
Starfskraftur óskast í ca 85% vinnu. 10 dagar frá 7-14 og 10 dagar frá 12-19. Uppl. í s. 843 9950.

### Málarar-sandsparslarar
K.J. Málun ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn vana sandspörslun og málun. Uppl. í s. 861 0006.

Vantar tvo smiði í uppslátt. Góð laun fyrir réttan aðila. Upplýsingar í síma 899 6753.

Byggingarfyrirtæki. Smiðir og starfsmenn vanir mótauppslætti óskast. Einnig verkamenn vanir smíði og byggingavinnu. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 893 7395.

Óskum eftir bílstjórum, vélamönnum og verkamönnum. Mikil vinna. Upplýsingar í síma 664 5075.

## Atvinna óskast

38 maður óskar eftir vinnu í Reykjavík, lyftara próf vanur útkeyrslu /matsveinn /vanur ýmsu, skoða allt getur byrjað strax upp í s. 845 0336.

27 ára karlmaður óskar eftir vinnu, t.d. við útkeyrslu en allt kemur til greina. S. 848 8842.

Tvítugur tölvumaður sem er með netþjónustu að sérgrein og er vanur, óskar eftir vinnu. Er að ljúka MCSA XP og Server gráðu. Uppl. í síma 848 5184.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

65 ára kona óskar eftir að kynnast manni á svipuðum aldri. Áhugamál dans og ferðalög. Svör sendist á afgr. fréttabl. merkt "vonir".

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

# KOLAPORTIÐ

## Það er ekkert mál að selja í Kolaportinu



1 Þú pantar sölubás

2 Þú greiðir básinn

3 Þú velur básinn

4 Þú selur

Pantaðu bás núna í síma 562 5030

OPIÐ UM HELGINA FRÁ KL. 11-17





Cpsĩtupgvcpsĩ wfsĩ; ls/ :9/111
lzoojohbswfsĩ; ls/ 88/111



Tlfolvs wfsĩ; ls/ 23:/111
lzoojohbswfsĩ; ls/ :9/111

Lzoovn pllbs hÝtjfhv ph w»oevĩv gs»otlv i½thbhob³ov ph ck¸ĩvn vqq ¨ fjotu»l lzoojohbswfsĩ ebhbob 36/ gfcs½bs uj 15/ nbst

Oĩkbs w»svs gs¨

Wjb Dpfdujpo

UNIKA

xxx/vojlb/jt

G¨lbgfo : T³nj; 679 7811 N¨o.g»t/ 21.29- bvh/ 22.27 ' tvo/ 24.27



# GEORGE FOREMAN

snúningsgrill



Alger nýjung í elhúsið!
Snúningsgrill með glóðarteini.

Í George Foreman snúningsgrillinu er hægt að glóðarsteikja kjúkling, kjötvöðva (roast beef), fisk, grænmeti ofl.
Safaríkur og bragðmikill matur, fitan rennur burt og auðvelt að þrífa. Engin bræla.
Íslenskar leiðbeiningar ásamt nokkrum uppskriftum.
Það stenst enginn George Foreman snúning.

Leiðbeinandi smásöluverð kr. 13.900 kr.



# FERMING 2005



Herrar

GOTT VERÐ

| | |
|---|---|
| jakkaföt | 15.990 |
| skyrta | 3.990 |
| bindi | 2.990 |
| skór | 6.990 |

MIKIÐ ÚRVAL

| jakkaföt: | skyrtur: |
|---|---|
| svört einlit | hvítar |
| teinótt | rauðar |
| moleskin | teinóttar |
| flauel | köflóttar |





jakki 8.990
bolur 1.990
buxur 6.990
skór 7.990



jakki 8.990
bolur 2.990
pils 4.990
skór 4.990



peysa 5.990
kjóll 5.990
buxur 6.990



jakki 8.990
bolur 2.990
pils 5.990

LJÓSM. JIRÍ HRONÍK

galleri sautján

laugavegi 91 s.511 1717 - kringlunni s.568 9017

www.ntc.is

ath. saumastofuþjónusta

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.775 **+0,85%** **Fjöldi viðskipta:** 272 **Velta:** 3.888

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Marel** | 5,56% | **Íslandsbanki** | -0,42% |
| **Flugleiðir** | 3,23% | | |
| **Burðarás** | 3,05% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,30 +0,75% ... Atorka 6,05 +0,83% ... Bakkavör 26,60 +1,53% ... Burðarás 13,50 +3,05% ... Flugleiðir 14,40 +3,23% ... Íslandsbanki 11,85 -0,42% ... KB banki 513,00 +0,20% ... Kögun 51,70 +1,37% ... Landsbankinn 14,80 +0,34% ... Marel 57,00 +5,56% ... Medcare 5,94 +0,68% ... Og fjarskipti 3,81 – ... Samherji 11,20 +0,90% ... Straumur 9,95 +0,51% ... Össur 83,50 +1,21%

*Tölur eru frá kl. 15.30 í gær. Nýjar tölur á Vísir.is

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

# Nýjar skrifstofur Avion Group

**Excel Airways, dótturfélag Avion, hefur tekið nýjar skrifstofur í notkun í Lundúnum.**

Avion Group hefur opnað nýtt skrifstofuhúsnæði á Gatwick flugvelli í Lundúnum. Avion Group er móðurfélag Air Atlanta, Excel Airways og nokkurra annarra fyrirtækja í flugrekstri.

Skrifstofan í Lundúnum þjónar fyrst og fremst þörfum Excel Airways sem er leiguflugfélag á Bretlandsmarkaði. Magnús Þorsteinsson er stjórnarformaður Avion og höfuðstöðvar fyrirtækisins verða á Íslandi en í ræðu við opnun skrifstofunnar á miðvikudag ítrekaði Magnús þá stefnu að félagið yrði skráð í Kauphöll Íslands fyrir árslok.



**FRÁ VÍGSLU HÚSSINS** Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður Avion Group, ásamt Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, og Dorrit Moussaieff forsetafrú.

Heildarvelta Avion á þessu ári er talin munu nema tæplega áttatíu milljörðum íslenskra króna.

Starfsemi Avion Group spannar flesta þætti flugrekstrar og meðal meginstoða í viðskiptahugmynd fyrirtækisins er að leitast við að draga úr sveiflum í rekstrinum en miklar tekjusveiflur eru einkennandi í flugrekstri. Rekstur Avion byggist á miklum sveigjanleika sem gerir félaginu kleift að flytja umsvif sín á milli heimsálfa eftir því hvar í heiminum eftirspurnin er mest hverju sinni.

Magnús segir að sífellt stærri hluti ferða í heiminum sé skipulagður af ferðamönnum sjálfum í gegnum internetið í stað þess að notast sé við ferðaskrifstofur. Í þessu sér Magnús tækifæri fyrir Excel Airways sem getur nýtt sér þessa þróun til að auka starfsemi sína á alþjóðlegum vettvangi. Félagið hefur því nýverið opnað nýja heimasíðu, xl.com, sem mikil áhersla er lögð á að kynna.

- þk

# Actavis selur í Búlgaríu

Lyfjafyrirtækið Actavis hefur undirritað viljayfirlýsingu um sölu á einu dótturfyrirtækja sinna í Búlgaríu. Um er að ræða fyrirtæki sem Actavis eignaðist við kaupin á Balkanpharma.

Fyrirtækið sem Actavis vill selja framleiðir virk lyfjaefni fyirr dýralyf en sú starfsemi er ekki hluti af kjarnastarfsemi Actavis. Ríflega þúsund manns starfa hjá Balkanpharma Razgrad, fyrirtækinu sem fyrirhugað er að selja, en hluti starfsmannanna mun áfram starfa hjá Actavis þar sem Actavis hyggst áfram eiga þann hluta starfseminnar sem framleiðir fullunnin lyf.

Búlgarska lyfjafyrirtækið Biovet hyggst kaupa eininguna en yfirlýsingin er undirrituð með fyrirvara um áreiðanleikakönnun. Í tilkynningu frá Actavis kemur fram að salan muni ekki hafa umtalsverð áhrif á rekstur fyrirtækisins.

- þk



FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

**SAMKEPPNIN BÍTUR** Markaðshlutdeild Íbúðalánasjóðs lækkaði verulega í fyrra. Jóhann G. Jóhannsson, sviðsstjóri áhættu- og fjárstýringarsviðs, gerði markaðsaðilum grein fyrir ársreikningi Íbúðalánasjóðs í gær.

# Meðallán tvöfaldast

Íbúðalánasjóður kynnti í gær ársreikning sinn. Í kynningunni kom meðal annars fram að meðalupphæð lána hjá sjóðnum hefur tvöfaldast á einu ári. Í janúar 2004 var meðallánið 3,95 milljónir en í janúar í ár var meðalupphæðin 8,1 milljón.

Fram kom á fundinum að Íbúðalánasjóður telur sig geta mætt 120 milljarða króna uppgreiðslum á eldri lánum, en nú þegar hafa um sjötíu milljarðar verið greiddir upp síðan bankarnir hófu innreið sína á markaðinn.

Það kom einnig fram á fundinum að einungis 0,24 prósent af útlánum Íbúðalánasjóðs eru í vanskilum og hefur það hlutfall farið lækkandi á undanförnum árum.

- þk


BRJÁLUÐ VERÐLÆKKUN Á BÍLABRJÁLÆÐI Í SMÁRALIND





Nú höfum við lækkað verðið enn meira. Komdu og við hjálpum þér að finna rétta bílinn fyrir þig.

100% LÁN Á VÖLDUM BÍLUM

Opið 10 til 18 virka daga 10 til 16 laugardaga 12 til 16 sunnudaga

BÍLAÞING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum

# Höfum brugðist við kalli tímans

**Árni Magnússon félagsmálaráðherra segir að verið sé að koma Framsóknarflokknum inn í nútímann. Hann segir að aðeins þannig megi koma í veg fyrir að flokkurinn veslist upp og deyi. Árni segist vilja sjá flokkinn lyfta fylgi sínu upp í tuttugu prósent.**

Ég hef búið við það frá því um kosninganóttina forðum að flestir aðrir en ég hafa haldið því fram að ég sé næsti formaður flokksins," segir Árni Magnússon félagsmálaráðherra þegar hann er spurður að því hvort hann stefni á að taka við formennsku í Framsóknarflokknum þegar Halldór Ásgrímsson láti af því embætti.



**FRÉTTAVIÐTAL**
ÁRNI MAGNÚSSON
FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA

**SIGRÍÐUR D. AUÐUNSDÓTTIR**
BLAÐAMAÐUR

„Framsóknarflokkurinn býr vel að því að hafa sterkan leiðtoga, góðan formann, sem hefur sinnt flokknum lungann úr ævi sinni og staðið sig að mínu viti frábærlega. Ég veit ekki til þess að það sé neitt fararsnið á Halldóri. Hvað gerist í framtíðinni er hvorki hans að ákveða né mitt. Ég er hins vegar þannig gerður að ég tek oft þeim áskorunum sem að mér er beint á hverjum tíma."

**Sagður tilheyra þröngri klíku**

Árni hefur verið gagnrýndur af hópi flokksmanna fyrir að tilheyra þröngri klíku ungra framsóknarmanna sem náð hafi hlotið fyrir augum formannsins og noti stöðu sína til að umbylta Framsóknarflokknum. Gagnrýnin hefur einna helst beinst að því að þeir hafi breytt flokknum og gert hann að öðru en hann ætti að vera. Árni segir þetta að hluta til satt. „Ég er alveg viss um að það er satt að við erum búin að breyta flokknum. Ég get ekki tekið undir að við séum búin að gera hann að einhverju öðru en hann ætti að vera. Sá stjórnmálaflokkur sem þróast ekki og þroskast, hann leysist upp. Ég kannast heldur ekki við að tilheyra þröngri klíku."

„Flokkurinn hefur breyst mjög mikið á ekki mjög löngum tíma. Ég held að hann hafi breyst mjög mikið á þeim tíma sem liðið hefur síðan ég gekk í hann, ekki vegna þess að það sé mér að þakka, heldur vegna þess að við höfum sem betur fer haft kjark til þess að setjast niður yfir erfið mál." Hann nefnir umræðuna um Evrópumálin um sem dæmi. Mikil átök hafi verið um þau í flokknum á sínum tíma og þau hafi að sjálfsögðu tekið eitthvað innan úr honum. Umræðan er þó langt frá því til lykta leidd enda stefnir í töluverð átök um það á flokksþinginu sem nú stendur yfir hvort og hvenær hefja eigi aðildarviðræður við Evrópusambandið.

„Ef Framsóknarflokkurinn þróast ekki og tekur breytingum þá veslast hann upp og deyr."

**Yrði hlegið að okkur**

Spurður hvort þessu sé ekki öfugt farið, að ef flokkurinn breytist of mikið missi hann fylgið, segist Árni sannfærður að það muni ekki gerast. „Ef við værum að boða nákvæmlega sömu stefnu og áherslur og við gerðum 1950 þá yrði bara hlegið að okkur. Við verðum hins vegar að vinna okkur í gegnum þá lægð sem við erum í núna. Það er alls ekki ásættanlegt að vera með það fylgi sem við höfum verið að mælast í, hvort sem það er 8 eða 15 prósent. Ég vil sjá flokkinn með yfir 20 prósent. Við höfum allar forsendur til þess og tel ég að við höfum sýnt það með þátttöku okkar í pólitík, ekki bara núna heldur áratugi aftur í tímann."

Árni segist ekki kunna skýringu á því hvers vegna fylgi flokksins reynist jafn lítið og raun beri vitni. „En ég mun beita mér fyrir því að við gerum eitthvað í því. Við höfum brugðist við kalli tímans og komið Framsóknarflokknum inn í nútímann. Við höfum leitt þróunina að mjög mörgu leyti en það er engum um að kenna nema okkur sjálfum að fylgið er svona lítið."

**Varð þingmaður á tíu mínútum**

Árni og bróðir hans Páll, varaþingmaður og aðstoðarmaður Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra, hafa verið bendlaðir við átökin í framsóknarfélögunum í Kópavogi að undanförnu. Konurnar sem ætluðu sér stóra hluti í Freyjunni voru margar hverjar tengdar þeim bræðrum. Meðal þeirra voru eiginkona Árna og sambýliskona Páls. Því hefur verið haldið fram að konurnar hafi ætlað sér að ná ítökum í félaginu til þess að tryggja framgang bræðranna í kjördæminu. Páli yrði gert auðveldara að komast í öruggt sæti á framboðslista til bæjarstjórnar. Árni fengi sæti á framboðslista í Suðvesturkjördæmi í alþingiskosningum og færi því úr ótryggu baklandi Framsóknarflokksins í Reykjavík norður í öruggt sæti í sterku framsóknarkjördæmi. Spurður hvað sé hæft í þeim fullyrðingum segist Árni feginn að fá að svara því. „Ég er þingmaður í Reykjavíkurkjördæmi norður og er ekkert á leið þaðan. Ég hygg ekki á frama í Suðvesturkjördæmi. Páll bróðir minn er þar fyrsti varaþingmaður og er þetta hans starfssvæði," segir hann.

**Skilur Brynjurnar**

„Ég held að ástæðu þess að ákveðinn ágreiningur varð í Kópavogi megi rekja til þess að þar er mjög sterkt vígi framsóknarmanna þar sem mjög sterkur leiðtogi, Sigurður Geirdal, fellur frá langt fyrir aldur fram. Við það myndast ákveðið umrót. Sjálfsagt eru ýmsir sem horfa til þess annað hvort að verja eða styrkja stöðu sína við þær aðstæður. Einn þeirra er að sjálfsögðu Páll bróðir minn, enda er þetta hans bakland í pólitík. Stóra málið hjá þessum konum var samt að styðja nýjan bæjarfulltrúa, Sigurbjörgu Vilmundardóttur."

Eftir talsverð átök ákváðu konurnar 43 sem ætluðu sér ítök í Freyjunni, félagi framsóknarkvenna í Kópavogi, að stofna nýtt félag, Brynju. Spurður hvort þær hafi ekki verið með því að sundra því sem hefði getað orðið samstaða framsóknarkvenna í Kópavogi segist hann ekki telja svo. „Ég skil að þær skyldu fara þessa leið, miðað við þær móttökur sem þær fengu á Freyjufundinum fræga og ummælin sem féllu í kjölfarið. Mér fannst þessi umræða fara niður á mjög lágt plan og vildi að hún hefði ekki gert það. Hún þurfti ekki að gera það. Með stofnun þessa nýja félags sýndu þær að þær voru ekki komnar þarna inn í þeim tilgangi sem haldið var fram, það er að segja að fara með ófriði og berja á fólki. Þær völdu þessa leið frekar en að berast á banaspjótum í Freyjunni."

**Studdi útilokun Kristins**

Það hefur verið ófriður á fleiri vígstöðvum framsóknarmanna en í Kópavogi. Sú ákvörðun þingflokksins að útiloka Kristin H. Gunnarsson úr þingnefndum síðastliðið haust olli miklu fjaðrafoki. Þingflokkurinn sá að sér og bauð Kristni sáttahönd nú fyrir skömmu og dró til baka fyrri ákvörðun sína. Árni segist hafa stutt það á sínum tíma að Kristinn yrði útilokaður úr nefndum.

„Það var náttúrlega mjög erfið ákvörðun. Ákvörðun sem ég held að sé nánast einsdæmi í okkar sögu, ekki bara flokksins, heldur íslenskri stjórnmálasögu," segir hann. Spurður hvort ákvörðunin hafi í raun ekki verið röng segir hann að tíminn og sagan verði fyrst og fremst að skera úr um það. „Lífið er einhvern veginn þannig að ákvörðun sem er rétt í dag getur í ljósi reynslunnar virst röng á morgun."

Því hefur verið haldið fram að stuðningur Kristins hafi verið mun meiri en forysta flokksins hafi gert sér grein fyrir og því hafi henni ekki verið stætt á öðru en að sættast við Kristin og fylgismenn hans. Þegar Árni er spurður um þetta svarar hann því að Kristinn hafi notið mikils trausts í flokknum þegar hann gekk til liðs við hann og honum hafi verið falin ýmis trúnaðarstörf. „Smám saman vatnaði undan og held ég að það sé engin tilviljun. Ég veit það og flestir sem hafa áhuga á pólitík að það hafa verið átök í kringum Kristin þannig að þetta er ekki nýtt. Ég vona bara að okkur takist að finna taktinn."

Hann segist alls ekki vilja gera lítið úr stöðu Kristins. „Kristinn hefur ágæta stöðu. Skoðanir hans eru ekki endilega í takt við skoðanir annarra í þingflokknum, en hlýst af því að vera í pólitík en að geta tekist á um mismunandi skoðanir. Það skiptir mjög miklu máli þegar kemur að alvöru lífsins að fólk sé tilbúið að ræða málin og komast að niðurstöðu. Hún felur miklu oftar í sér málamiðlun en ekki."

**Vill láta til sín taka í félagsmálum**

Árni hlaut víða lof fyrir nýlegt framtak sitt varðandi greiðslur til foreldra langveikra barna, en segir það aðeins eitt skref af mörgum í átt til þess að bæta velferðarkerfi Íslendinga.

„Ég vil láta til mín taka í þessum málum," segir Árni. „Fyrir tíu árum bjó ég í félagslegu húsnæði og hef ég reynt vel á eigin skinni hvað það er að koma upp börnum í þessu samfélagi. Ég hef upplifað margt af því sem fólk er almennt að takast á við og ég held að reynslan móti mann. Ég á stelpu af fyrra sambandi, konan mín á tvo stráka af fyrra sambandi og við eigum börn saman. Við erum þessi dæmigerða íslenska fjölskylda," segir hann.

Árni nefnir börn með sérþarfir og börn með geðraskanir og fjölskyldur þeirra þegar hann er spurður hvar brýnast sé að bæta þjónustuna. „Við höfum þurft að takast á við mjög aukinn fjölda barna sem þurfa á aðstoð að halda, svo sem vegna einhverfu og athyglisbrests. Við höfum verið að bæta í á Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins en aukningin er svo mikil að við náum ekki að halda í við hana. Það veldur mér áhyggjum og er nauðsynlegt að bregðast við því," segir hann.

**Fæðingarorlof verði lengt í ár**

Árni segir að sömuleiðis sé mikilvægt að standa vörð um fæðingarorlofssjóðinn, sem hann segir eitt stærsta framfaraskef sem tekið hafi verið fyrir fjölskylduna í landinu í áratugi. „Vissulega hefur orðið meira útstreymi úr honum en við bjuggumst við. Það er af jákvæðum ástæðum, vegna þess að fólk er að sækja meira í hann en reiknað var með og þýðir það einfaldlega að pabbarnir eru meira heima."

Aðspurður segir hann það rétta ákvörðun að setja þak á greiðslur úr sjóðnum og nauðsynlegt til að hemja útgjöldin að einhverju leyti. „Ég held líka að það sé svo hátt að það geti ekki verið raunveruleg ástæða fyrir foreldra að vera ekki heima með börnunum sínum, að fá „aðeins" 480 þúsund krónur á mánuði. Mér fannst betra að fara þessa leið en að þurfa að fara í almennar skerðingar, sem ég vona að við munum ekki þurfa að gera."

**Á ekki von á átökum um forystu**

Þegar talinu er vikið að flokksþinginu sem nú stendur yfir segist Árni ekki eiga von á átökum um forystusæti flokksins. „Ég á ekki heldur von á einhverju óskapa átakaþingi, þótt sjálfsagt verði tekist á um ýmis mál," segir hann. Þegar hann er spurður hvort líkur séu á því að hann gefi kost á sér í einhver hinna þriggja forystusæta flokksins á þessu þingi segir hann það útilokað.

Næsta þing er að tveimur árum liðnum. Tíminn einn verður að leiða í ljós hver áform Árna verði þá. „ Það kemur bara í ljós," segir hann. ■



Fréttablaðið/E.Ól.

**ÁRNI MAGNÚSSON SEGIR AÐ FRAMSÓKNARFLOKKURINN HAFI BREYST MIKIÐ Á STUTTUM TÍMA** „Ég er alveg viss um að það er satt að við erum búin að breyta flokknum. Ég get ekki tekið undir að við séum búin að gera hann að einhverju öðru en hann ætti að vera. Sá stjórnmálaflokkur sem þróast ekki og þroskast, hann leysist upp."



**STAÐRÁÐINN Í AÐ LÁTA TIL SÍN TAKA** „Fyrir tíu árum bjó ég í félagslegu húsnæði og hef ég reynt vel á eigin skinni hvað það er að koma upp börnum í þessu samfélagi. Ég hef upplifað margt af því sem fólk er almennt að takast á við og ég held að reynslan móti mann."

# Ný VISA-yfirlit

- Netyfirlit birtist í heimabanka.
- Þú getur afþakkað pappírsyfirlit en það losar þig við gluggapóstinn og lækkar útskriftargjaldið.
- Greiðsluseðlar í stað gíróseðla, auðvelda greiðslu í heimabanka.
- Auknar upplýsingar um hverja færslu.

## Yfirlit

Merki útgefanda

Banki/sparisjóður
Bankanúmer og staður
Símanúmer

VISA

| Tímabil | Gjalddagi |
|---|---|
| 18.01 - 17.02 | 02.03.2005 |
| **Kortnúmer** | **Kennitala** |
| 4539 - 0000 - 0011 - 3747 | 050966-2458 |
| **Skuldfærslureikningur** | **Heimild** |
| 0711-26-333333 | 700.000 |
| **Vildarpunktar af innlendri veltu** | **Vildarp. frá samstarfsaðilum merkt v og ! á yfirliti** |
| | |

Guðmundur Jón Jónsson
Laugavegi 300
101 Reykjavík

| Tilvísun | Tegund | Dags | Texti | Ísl.krónur | Land | Mynt | Kaupupphæð | Gengi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | Staða við síðustu útskr. | 130.683 | | | | |
| 3028298 | | 15.01 | Kassinn | 821 | | | | |
| 3027409 | | 15.01 | Virkið | 345 | | | | |
| | Erlend | 18.01 | DVD PACIFIC | 13.185 | US | USD | 206,75 | 63,77 |
| | Erlend | 20.01 | Omni Video | 4.713 | US | USD | 73,90 | 63,77 |
| 3112083 | | 20.01 | ESSO | 6.700 | | | | |
| 1110192 | | 27.01 | Skífan | 3.596 | | | | |
| | Erlend | 28.01 | DVD PACIFIC | 7.371 | US | USD | 117,75 | 62,59 |
| | Erlend | 29.01 | PLAY.COM | 7.561 | GB | GBP | 63,97 | 118,19 |
| | Erlend | 31.01 | DIGITAL RIVERINTERNAT | 3.988 | GB | GBP | 34,03 | 117,19 |
| | Innborg | 02.02 | Innborgun | 130.683- | | | | |
| 8700510 | Erlend | 09.02 | DVD PACIFIC | 11.055 | US | USD | 173,29 | 63,79 |
| 3018683 | | 10.02 | FRÖKEN JÚLÍA | 8.500 | | | | |
| 3070299 | | 11.02 | Mál og Menning | 6.300 | | | | |
| | Annað | 21.02 | Útskriftargjald | 95 | | | | |

**Úttekt alls** 74.230,00 **Til greiðslu** 74.230,00

**Athugasemdir óskast gerðar til viðkomandi banka/sparisjóðs innan 10 daga**
Athugið að gengi erlendra færslna miðast við skiladag söluaðila

- Kortafærslur eru í dagsetningaröð og birtast í einum dálki. (Úttektir, innborganir, endurgreiðslur, erlendar færslur og fleira).
- Kortareikningar verða skuldfærðir á gjalddaga af þeim skuldfærslureikningi sem skráður var á **útskriftardegi**.
- Korthafar sem áður fengu gíróseðil fá framvegis **greiðsluseðil**.
- **Þeir sem fá greiðsluseðil munu fá greiðsluseðilinn og yfirlitið sitt í hvoru umslaginu, merkt viðskiptabanka.**
- Upplýsingar um gengi koma nú fram á yfirliti. Úttektir korthafa eru umreiknaðar úr kauplandsmynt í íslenskar krónur á því gengi sem gildir hjá VISA International þann dag sem færslan berst VISA.
- **Netyfirlit birtist í heimabanka** en hægt er að velja um mismunandi greiðslufyrirkomulag:

| | |
|---|---|
| Greiðsluseðill með eða án pappírsyfirlits | 270 kr. |
| Skuldfærslu með pappírsyfirliti | 95 kr. |
| Skuldfærslu án pappírsyfirlits | 50 kr. |

- **Fáir þú greiðsluseðil, en hafir áhuga á að breyta um greiðslufyrirkomulag eða afþakka pappírsyfirlit, þarft þú að hafa samband við viðskiptabanka þinn eða sparisjóð.**



D@KKB

TOUCH

e ` a i YS _ W2T[T2\ d YEÂs¥2©w§¥s¥t ¨«¨¥2 wÂ2s«s t I ¡ v¨ @2^{§¨¥L2¦©s¥§¨¥@2e§æ¥Ă{¥L CDB?CIB@2}¥@2D@KKB hWd ÿ2Čÿ g d E#HKB#



D@FKB

hWd ÿ2Čÿ g d D.KKB

NORTHBROOK SPORTS

` T2X^WWUW2hÌ ¡ v¨Ă2¥w¡ ¡ v2zw¥¥sx¼¦£w¬¦ s@2e§æ¥Ă{¥L2e?j ^@ ^{§¨¥L2t¬¹2¢y2y¥¹@2}¥@2D@FKB



D@FKB

NORTHBROOK SPORTS

e[ _ a ` W2 _ [Ud a X^WWUWW2hÌ ¡ v¨Ă2¥w¡ ¡ v2vÌ ¨x¼¦£w¬¦ s@ e§æ¥Ă{¥L2EH2?2FF@2^{§¨¥L2y¥¹y¥æ ¡ >2¦©Ì¥§2¢y2t¬w{}@2}¥@2D@FKB

# Ėf[h[ef282ebadf



@KKB

FIREFLY

U a _ b^W j 2b S ` f2\ d2hw§¥s¥t ¨«¨¥2x¬¥{2t Ì ¥ ¡ @2 ^{§¨¥L2¦©s¥§¨¥@2e§æ¥ĂL2CDB?CIB2}¥@2E@KKB2hWd ÿ Čÿ g d2F#FKB.



D@KKB

TOUCH

_ [Ud a X^WWUW2eWf2Z~ă§§2x·wwuw2¨ ¡ v{¥xs§s ¦w§§2 ¡ æ ¦§2¼}s s ¡ ¨ @2^{§¨¥L2¦©s¥§@2Ts¥ ¡ s ¦§æ¥Ă{¥L2CDB?2CIB2 }¥@2D@KKB2hWd ÿ2Čÿ g d2E#FKB. X¨~¢¥Ă{ ¡ ¦ ¦§æ¥Ă{¥L j e2?2j j ^2}¥@2D@KKB2hWd ÿ2Čÿ g d E#KKB.



E@KKB

hWd ÿ2Čÿ g d F.FKB

TOUCH

XS e2g ` [eWj hw§¥s¥t ¨«¨¥2x¬¥{¥2zw¥¥s@2^{§¨¥L2¦©s¥§¨¥@2 e§æ¥ĂL2e2?2j j ^@2}¥@2E@KKB



E@KKB

hWd ÿ2Čÿ g d F.FKB

TOUCH

XS e2^SVk@2hw§¥s¥t ¨«¨¥2x¬¥{¥2vÌ ¨¥@2^{§¨¥L2¦©s¥§¨¥@2 e§æ¥Ă{¥L2EH2?2FF@2}¥@2E@KKB


100% ÖRYGGI
við lofum þér lægra verði!

h{Ă2~wyy|¨ 2¢}}¨¥2CBB 7 2x¥s 2©{Ă2sĂ2t|ÉĂs2¹©s~~§2¨££2¹2~æy¦§s2©w¥Ă{Ă@2Wx2ĂÎ2 zwx¨¥2}w¬£§2©Ì¥¨2Ă2[` fWdebadf2¢y2x{ ¡ ¡ ¨¥2¦Ì ¨2©Ì¥¨2¹2~æy¥s2©w¥Ă{2Ă2s ¡ ¡ s¥¥{2 ©w¥¦~¨ ¡ >2Ă¹2w ¡ v¨¥y¥w{Ă¨ 2©{Ă2ĂĂ¥2 {¦ ¨ ¡ { ¡ @2e ă ¡ s2Ăs¥x2}s¦¦s}©{§§¨ ¡ @ Y{~v{¥2Ă2§©æ¥2©{}¨¥2x¥¹22}s¨£vwy{2>2y{~v{¥2 2s~~s¥2©Ì¥¨2 ¡ w s2Î§¦Ì~¨?2wĂs2§{~t¢Ă¦©Ì¥¨¨¥@

# T¦w¨¨s¤s}}s¦

?2»2Ë¨¦Ð~wy©2ªw¦Ă{2© ¡ 2zw~y{¢s3



CK@KKB

TSd ` SbS l l f2CBG?CEG@2X g ^^f2hWd ÿ ~~29.970~~



UU2T[a ` [U2CBG?CEG ¦ ¡|Ét¥w§§|2¹2x¥¹ t æ¥¨2©w¥Ă|@2e§æ¥Ă|¥L2CBG2u >2CCG2u >2 CDG2u 2¢y2CEG2u @2}¥@2CF@KKB

UUSG2\d Ts¥¡s2¦ ¡|Ét¥w§§s t{¡v|¡ys¥2¨££2i2¦ }É¦§æ¥Ă2EJ2}¥@2H@KKB

UU2UEB2T¥w§§s¦ }É¥@2e§æ¥Ă|¥L2EF?EK@2}¥@2H@FKB

DF@KKB

Xg^^adÿl ` ebS l l f2CFG?CHG@2Xg^^f2hWd ~~32.970~~



UU2g^f[_ S fW2CFG?CHG2f Ìxx2¦ ¡|Ét¥w§§|2x¬¥|¥2 ¨¡y~|¡ys2¢y2x¨~¢¥Ă¡s@2e§æ¥Ă|¥L2CFG?CHG@2}¥@2CF@KKB

UUSG2ed X¨~¢¥Ă|¡¦2¦ ¡|Ét¥w§§s t{¡v|¡ys¥@2hw¥Ă2sĂw{¡¦2}¥@ J@KKB@2

UU2UEB2T¥w§§s ! }E¥@2}¥@2J@KKB

a¤{Ă s~~s2vsys

INTERSPORT®

h{ÿ2eW ` Vg _2ZhWd f2 Ĉ2^S ` V2eW _2Wd

U~¨t2[¡§w¥¦£¢¥§



**BÖRNIN Í THAZANKUDA** Fjöldi þorpsbúa fórst í hamförunum á annan dag jóla. Lífið heldur samt áfram hjá íbúum bæjarins. Í það minnsta skemmtu börnin sér vel á hátíðinni sem Vilhjálmur og félagar héldu fyrir þau.

# Uppbyggingin heldur áfram

**Tveir mánuðir eru síðan flóðbylgjan mikla skall á ströndum Indlandshafs og eyddi því sem fyrir varð. Nærri tvö hundruð þúsund manns týndu lífi í hamförunum og enn þá fleiri misstu allt sitt. Í kjölfarið hófst umfangsmesta neyðaraðstoð sögunnar og hún stendur enn.**

Þótt hann sé ekki á snærum neinna af stóru hjálparsamtökunum hefur Vilhjálmur Jónsson ekki látið sitt eftir liggja í aðstoðinni við bágstadda. Vilhjálmur hefur búið á Indlandi um áratuga skeið og eins og Fréttablaðið sagði frá í janúar hefur hann ásamt hjálparsamtökum sem hann veitir forystu tekið að sér uppbyggingarstarf í þorpinu Thazhankuda sem er um 160 kílómetra suður af borginni Chennai (Madras) á austurströnd Indlands en það varð mjög illa úti þegar aldan reið yfir. 13.000 manns fórust á Indlandi, þar af 9.000 í Tamil Nadu héraði þar sem Vilhjálmur hefur verið að störfum.

„Þegar við komum niður á ströndina var ég alls ekki viðbúinn þeirri hrikalegu sjón sem við mér blasti. Máttur flóðsins hafði hreinlega sópað öllu burtu og skilið eftir hrúgur af braki og rusli eftir allri strandlengjunni. Bátarnir höfðu undist utan um tré eða farið í gegnum húsin og leifar af fiskinetum lágu á víð og dreif á margra mílna svæði. Það sem snerti mig mest var tilfinningin um að vonin væri horfin. Það er mjög erfitt að útskýra þetta en kannski er þetta eins og að vera laminn og barinn en það kemur ekki niður á líkamanum heldur sálinni. Hér og þar sátu íbúarnir eða fjölskyldur inni í miðri hrúgu af braki og rusli og störðu út í



**VILHJÁLMUR JÓNSSON** Hann sést hér með fyrsta fiskinn sem veiddist á nýju bátunum.

tómið,“ sagði Vilhjálmur í samtali við Fréttablaðið á sínum tíma. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá. Allir eru komnir með þak yfir höfuðið og hafa eitthvað að bíta og brenna.

Mestur hluti uppbyggingarstarfsins felst því í að láta hjól atvinnulífsins á staðnum snúast á ný en allur bátafloti þorpsbúa eyðilagðist í flóðunum. Vilhjálmur segir að samtök hans, Family International, hafi þegar afhent 25 stóra báta með vélum og veiðarfærum og sjötíu bátar af minni tegund séu í smíðum. Þeir leysa af hólmi gamla báta sem voru í raun einungis nokkrir trébjálkar bundnir saman og því eru nýju fleyin umtalsvert öruggari.

Enn er þó nokkur bið á að fiskimennirnir í Thazhankuda fari á sjó og segir Vilhjálmur skýringuna á því vera öðrum þræði pólitíska. „Mennirnir reykja sígarettur og spila á spil undir tré. Þeir eru að bíða eftir því að stjórnvöld hérna afhendi þá fjármuni sem búið er að lofa. Þeir hugsa sem svo að ef þeir fara á sjó í dag þá borga yfirvöld ekki því þau sjá að þeir geta unnið fyrir sér sjálfir.“

Enginn getur gert sér í hugarlund sorgina sem setur að fólki sem hefur misst alla sína nánustu. Vilhjálmur segir engu að síður að flestir reyni að horfa fram á veginn í stað þess að staldra við hið liðna. „Fólk hérna talar ekki eins



mikið um harm sinn eins og heima því þetta er fátækt fólk sem hefur þurft að takast á við meiri þjáningu í gegnum ævina. Það er ríkt í þjóðarsálinni hérna að halda ekki of lengi í slíka hluti. Fólk herðir sig á móti storminum og reynir að gera það besta úr því sem það hefur og vera bjartsýnt. Þannig tekst það á við svona hluti.“

Lífið heldur í það minnsta áfram hjá börnunum í Thazhankuda en fyrir þau héldu Vilhjálmur og hans fólk skemmtun um miðjan síðasta mánuð. Hátíðin vakti svo mikla lukku hjá ungviðinu og ættingjum þeirra að yfirvöld í héraðinu fengu þau til að heimsækja öll sjávarþorpin á svæðinu en þau eru vel á fimmta tug. Þeirri leikferð er nýlokið og gekk hún afar vel að sögn Vilhjálms.

sveinng@frettabladid.is



**NÝJU BÁTARNIR** Þeir eru þrjátíu feta langir og kosta um 400.000 krónur hver.



**GÖMLU BÁTARNIR** Ekki er víst að allir treysti sér á sjó á þessum skektum sem fiskimennirnir í Thazhankuda notuðust við áður.



**UPPBYGGING Á STRÖND** Mikið uppbyggingarstarf er unnið víða þar sem flóðbylgjan olli mannskaða og eignatjóni.

Stjórnvöld á Maldíveyjum íhuga varnaraðgerðir:

# Undirbúa þjóðflutninga

Nái stjórnvöld á Maldíveyjum sínu fram flytja þrír af hverjum fimm landsmönnum búferlum á næstu árum. Ástæðan er sú að stjórnvöld vilja flytja landsmenn af litlum og láglendum eyjum til stærri eyja sem ná hærra upp úr sjónum.

Hugmyndir stjórnvalda eru ekki nýjar af nálinni. Þau hafa lengi átt erfitt með að halda uppi þjónustustigi á öllum þeim 200 eyjum sem 290 þúsund eyjaskeggjar byggja auk þess sem loftslagsbreytingar og hækkandi sjávarhæð ógna lágreistum eyjum. Flóðbylgjan á annan í jólum færði mönnum heim sanninn um hættuna sem eyjaskeggjar búa frammi fyrir og varð til þess að aukinn kraftur var settur í að sannfæra eyjaskeggja um að flytja á öruggari staði.

Stjórnvöld segja búferlaflutningana ráðast af vilja hvers og eins en stefna að því að eyjaskeggjar búi á nokkrum tugum eyja þar sem sjúkrahús verði í miðju eyjanna, fjarri ströndum, ef önnur flóðbylgja skellur á Maldíveyjum. ■

Aðstandendur gramir yfir hægagangi:

# Gengur hægt að bera kennsl á lík

Tveimur mánuðum eftir að flóðbylgjan mikla skall á ríkjum við Indlandshaf á annan í jólum leitar Írinn Kevin Quinn enn að eiginkonu sinni. Þau voru saman í ferðalagi í Khao Lak í Taílandi þegar flóðbylgjan reið yfir, Quinn bjargaðist en ekkert hefur spurst til Rachel, eiginkonu hans, frekar en þúsunda annarra.

Treglega hefur gengið að bera kennsl á þúsundir líka sem hafa fundist án skilríkja og mörg hver illa leikin. Daglega eru borin kennsl á 20 til 30 lík í Taílandi og er það mikil aukning frá því sem var fyrir hálfum öðrum mánuði þegar aðeins voru borin kennsl á fjögur lík daglega að meðaltali.

Þessar tafir hafa valdið ættingjum hvort tveggja hugarangri og óánægju meðal evrópskra embættismanna og fyrirtækja sem koma að starfinu. 2.500 lík eru geymd í kælum á Phuket og í nágrenni. Taílenska lögreglan, sem hefur yfirumsjón með verkinu, segir að kennsl verði borin á lík flestra erlendra einstaklinga á næstu fjórum mánuðum.

Nick Bracken, yfirmaður kennsladeildarinnar á Phuket, segir mikilvægast að gera engin mistök og því sé betra að verkið taki lengri tíma en að fólk uppgötvi eftir ár að líkið sem það fékk sé ekki af ættingja sínum.



**BEÐIÐ TÍÐINDA AF ÆTTINGJUM** Ættingjar vestrænna fórnarlamba flóðbylgjunnar í Indlandshafi eru tíðir gestir á skrifstofum kennsluskrifstofunnar á Phuket.

**FJÖLDI LÁTINNA Í HVERJU LANDI**

| Land | Látnir | Taldir af |
|---|---|---|
| Indónesía | 123.597-127.414* | 113.937-116.398* |
| Srí Lanka | 31.003-38.195* | 4.698-4.924* |
| Indland | 10.779 | 5.614 |
| Taíland | 5.395 | 2.991 |
| Sómalía | 298 | |
| Myanmar | 90 | |
| Maldíveyjar | 82 | |
| Malasía | 68 | |
| Tansanía | 10 | |
| Bangladess | 2 | |
| Kenía | 1 | |

* Stofnunum sem skrá látna borgara í Indónesíu og Srí Lanka ber ekki saman um fjölda látinna og þeirra sem saknað er og því eru báðar tölur skráðar.

**MANNFALL ERLENDRA RÍKISBORGARA**

| Þjóðerni | Látnir | Saknað |
|---|---|---|
| Svíar | 215 | 335 |
| Frakkar | 85 | 15 |
| Þjóðverjar | 80 | 537 |
| Finnar | 66 | 113 |
| Norðmenn | 57 | 27 |
| Bretar | 54 | 28 |
| Austurríkismenn | 28 | 80 |
| Japanar | 27 | 18 |
| Ástralar | 23 | 18 |
| Danir | 22 | 25 |
| Aðrir | 173 | 388 |

830 útlendingar dánir, 1.584 saknað
Alls látnir 171.325 til 182.334
Saknað og flestir taldir af 127.240 til 129.897.

Gæða leðurstólar á ótrúlega lágu verði
Þú getur stólað á okkur
- þegar þú þarft að kaupa borðstofustóla!

verð: 15.800
model: valencia

verð: 18.800
model: y-088

verð: 14.800
model: y-076

verð: 14.800
model: y-089
Grafíska smiðjan ehf. 02-05
Opið: Virka daga kl. 10 - 18, laugardag kl. 11 - 16, sunnudag kl. 13 - 16.
Öndvegi
HÚSGAGNAVERSLUN
Síðumúla 20 | sími 568 8799 | www.ondvegi.is | ondvegi@ondvegi.is

# Versló í eina öld

**Verzlunarskóli Íslands fagnar í ár 100 ára afmæli sínu. Ljósmyndasýning með gömlum myndum stendur yfir í Kringlunni og 100 ára saga skólans er í vinnslu. Fréttablaðið fékk í tilefni afmælisins lánaðar nokkrar myndir af vel völdum einstaklingum á sínum bestu árum.**

Verzlunarskóli Íslands siglir nú í hundraðasta starfsár sitt og í tilefni þess hafa alls kyns atburðir verið skipulagðir en afmælishátíðin sjálf fer fram í október. Í gær opnaði heljarinnar ljósmyndasýning á annarri hæð í Kringlunni og er hún liður í afmælisdagskránni. Á sýningunni má sjá myndir úr skólalífi síðustu hundrað ára og gefur hún mynd af hvernig tískan og tíðarandinn hefur breyst í gegnum árin. Umsjónarmaður sýningarinnar er Baldur Kristjánsson. „Þarna má sjá myndir frá skólastarfi og félagsstarfi sem og myndir af fyrri skólastjórum og húsnæði. Einnig eru þarna bekkjarmyndir úr gömlum fjórðubekkjarbókum þar sem má finna ýmis þekkt andlit úr samfélaginu, ég tók eftir því að fólk sogaðist að þessum hluta sýningarinnar og virtist hafa gaman að,“ segir Baldur.

Í tilefni afmælisins er einnig hundrað ára saga skólans í formi bókar í vinnslu. Sigrún Sigurðardóttir menningarfræðingur, Lýður Björnsson sagnfræðingur og Sölvi Sveinsson sem tekur við stjórn skólans í haust eru höfundar og verður bókin gefin út á afmælishátíðinni í haust. „Þetta verður nokkuð stór bók með skemmtilegum myndum og frásögnum úr skólalífinu. Tilgangurinn er bæði að veita innsýn í þróun skólans sem og sögu kennara og nemenda. Að miklu leyti er bókin líka skemmtileg tíðarandalýsing og í rauninni er verið að segja sögu ungs fólks á Íslandi í gegnum sögu skólans,“ segir Sigrún Sigurðardóttir.

Verzlunarskólablaðið kom út á fimmtudaginn var og litaðist það einnig af afmælinu. Að sögn Stefaníu Benónísdóttur ljósmyndastjóra blaðsins er blaðið að mörgu leyti ólíkt fyrri blöðum. „Í blaðinu má sjá nýjungar í prentun sem aldrei hafa sést áður á Íslandi samkvæmt okkar heimildum. Upphafleg ætlun okkar var að hafa blaðið frekar stílhreint og kannski örlítið gamaldags vegna 100 ára afmælisins. Við höfðum Hermes, goð verslunarinnar, framan á blaðinu því hann prýddi forsíður blaðsins í hálfa öld frá stofnun þess. Í blaðinu má finna margvíslegt efni og meðal annars viðtöl við Vigdísi Finnbogadóttur, Þorvarð R. Elíasson skólastjóra, liðsmenn hljómsveitarinnar Mínus og Ólaf Stefánsson. Einnig eru tískuþættir eftir ljósmyndarana Silju Magg, Nínu Björk og Brian Sweeney, sjokkerandi viðtöl við vændiskonu og eiturlyfjasala, heljarinnar skoðanakönnun og fleira áhugavert.“

**hilda@fréttabladid.is**



Gísli Marteinn sjónvarpsmaður



Unnur Steinsson fegurðardrottning



Hólmfríður Karlsdóttir fegurðardrottning



Ágústa Johnson líkamsræktarfrömuður



Steingrímur Ólafsson upplýsingafulltrúi



Sigurjón Sighvatsson athafnamaður



Björgólfur Thor



Jón Ólafsson píanóleikari



Jón Ásgeir í Bónus



Björgólfur Guðmundsson




Sigurður Kári alþingismaður


Hreiðar Már bankastjóri






**VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS**

MYND/ÁGÚST H. BJARNASON



**GLITSKÝ** Myndin er af glitskýi og var tekin föstudagsmorguninn 18. febrúar. Myndin er birt með góðfúslegu leyfi höfundar.

# Hvað eru glitský?

Vísindavefnum bárust nokkrar spurningar um glitský að morgni föstudagsins 18. febrúar 2005 eftir að slík fyrirbæri blöstu við augum í austurátt yfir Reykjavíkursvæðinu fyrir sólaruppkomu.

### Glitský myndast í heiðhvolfinu

Glitský eru ákaflega fögur marglit ský sem myndast í heiðhvolfinu, oft í um 15-30 km hæð. Þau sjást helst um miðjan vetur, um sólarlag eða við sólaruppkomu. Litadýrð þeirra er mjög greinileg því þau eru böðuð sólskini, þótt rökkvað sé eða jafnvel aldimmt við jörð. Nefnast einnig perlumóðurský.

Litadýrðin þykir minna á þá liti sem sjá má í hvítu lagi sem er innan á sumum skeljum (svonefnt perlumóðurlag í perluskeljum), og eru þau því nefnd perlumóðurský (e. nacreous clouds) í ýmsum tungumálum.

### Glitský myndast þegar mjög kalt er í heiðhvolfinu

Þau myndast þegar óvenjukalt er í heiðhvolfinu (um eða undir -70 til -90 ˚C) og eru úr ískristöllum, eða úr samböndum ískristalla og saltpéturssýruhýdrata (til dæmis **$HNO^3$ $^3H^2O$.** Þessi síðarnefndu ský geta valdið ósoneyðingu, en yfirborð ískristallanna getur verkað sem hvati í efnaferli þar sem klór í heiðhvolfinu breytist í skaðleg ósoneyðandi efni (til dæmis klórmónoxíð, ClO).

### Blátt ljós beygir meira en rautt

Kristallarnir í skýjunum beygja sólarljósið, en mismikið eftir bylgjulengd þess. Þannig beygir blátt ljós meira en rautt. Rauða ljósið kemur því til okkar undir öðru horni en það bláa, þannig að okkur sýnist það koma frá öðrum hluta glitskýsins. Litaröðin frá jaðri inn til miðju skýsins er stundum eins og vísuorðin: gulur, rauður, grænn og blár, en oft er skýið einnig hvítt í miðju. Litirnir eru líka háðir stærðardreifingu agna í skýjunum, þannig að oft má sjá rauða, gula og græna flekki í bland.

*Halldór Björnsson veðurfræðingur.*

# Af hverju er maður asni?

Asninn hefur orð á sér fyrir að vera ekki mjög skynsamur og gamall er málshátturinn „auðþekktur er asninn á eyrunum“ sem yfirleitt er notaður í niðrandi merkingu.



### Vitgrannur asni í Bandamannasögu

Það virðist einnig gamalt í málinu að líkja heimskum mönnum við asna. Í Bandamannasögu segir til dæmis „Þú ... hefir eigi vit til helldr en uxi eða asni.“ Í kvæði frá 17. öld stendur: „Oft hef eg vitað asnann lasta ágæt kvæði“ og er þarna án efa átt við heimskan mann.

Í riti eftir Pál Vídalín frá fyrri hluta 18. aldar er verið að skýra orðið snápur og er það gert á þennan hátt: „Eg efa ei, að orðið snápur sé með öllu sömu merkingar, sem gikkur, narri, þurs, dári, nautheimskur asni.“

Öll merkja þessi orð „heimskingi, vitgrannur maður“. Í öðrum tungumálum er orðið asni notað í sama skyni. Það er ekki aðeins í íslensku að heimskum manni er líkt við asna. Í ensku er orðið ass notað í sama skyni og í þýsku Esel. „You are an ass“ og „du bist ein Esel“ merkja „þú ert asni“ og „dit æsel“ merkir „asninn þinn“ á dönsku.

*Guðrún Kvaran, prófessor og forstöðumaður Orðabókar HÍ.*

Í síðustu viku heimsóttu að meðaltali um 2.500 manns Vísindavefinn alla virka daga, en umferð um helgar er yfirleitt minni. Flestir, eða rúm 60%, notuðu vefinn til að fletta upp svörum við spurningum og tæplega 1.000 manns sóttu eintak af síðunni þar sem hægt er að leggja inn spurningar. Svör við eftirfarandi spurningum voru mikið lesin í síðustu viku: Af hverju eru ljóskur taldar heimskar, Er álft og svanur sami fuglinn, Er hættulegt fyrir börn að lyfta lóðum, Hversu mörg ríki eru í fleiri en einni heimsálfu, Hver var Afródíta, Hvað er þvagsýrugigt og Er til gott íslenskt orð í staðinn fyrir orðið „töffari“?

# Tíu mínútna árið

**Íslandi er fæddur töframaður. Ellefu ára gutti sem beitir töfrabrögðum til að komast í gegnum daginn. Fæddist fullskapaður í smásagnasafni Jóns Atla Jónassonar, en hefur síðan þroskast hratt í höndum Veru Júlíusdóttur, útskriftarnema í London Film School. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir ræddi töframál við Veru.**

MYND/BÖRKUR SIGÞÓRSSON



**TÖFRAMAÐURINN VERA JÚLÍUSDÓTTIR** Féll fyrir Töframanninum því hann segir sorgarsögu sem Íslendingar þekkja margir hverjir allt of vel, en frá átakanlegum sjónarhóli ellefu ára drengs.

Ég ætlaði að úskrifast sem kvikmyndatökukona en ákvað svo að leikstýra líka eftir að ég fékk handritsdrögin frá Jóni Atla. Hann vildi að ég ynni mitt eigið handrit úr hans drögum og ég skrifaði örugglega fjórtán uppköst áður en ég vað sátt við útkomuna, sem er orðin talsvert ólík sögunni.“

### Mæðgin í leiklist

Töframaðurinn er tíu mínútna stuttmynd, en alls tók ár að fullskapa þessar tíu mínútur. Sagan segir af dreng sem fer í sumarbústað með drykkfelldum föður sínum og meðvirkri móður. Í hlutverki stráks er Benedikt Clausen og foreldrana leika Elva Ósk Ólafsdóttir og Valdimar Örn Flygenring.

„Ég fann Benedikt fyrst, en hann hefur sýnt ótvíræða leikhæfileika í mýmörgum auglýsingum og kvikmyndunum Regínu og Jóni Oddi og Jóni Bjarna. Þá finnst mér Elva Ósk æðisleg leikkona, en hún er móðir Benedikts og auðvitað í plús að hafa raunveruleg mæðgin í myndinni. Valdimar kom svo sterkt upp í hugann sem faðirinn og honum leist strax mjög vel á hlutverkið.“

Vera segir erfiðara að fá atvinnuleikara til liðs við sig á Íslandi en í Englandi, þegar kemur að svokölluðum low budget-myndum.

„Á Íslandi er miklu meira að gera hjá leikurum en á Bretlandi, þar sem atvinnuleysi er mikið. Því líta enskir leikarar á það sem tækifæri til að koma sér á framfæri að taka þátt í mynd sem þessari.“

### Átakanleg tilvera

Vera féll fyrir Töframanninum því sagan er vel þekkt í íslensku samfélagi; nokkuð sem hún þekkir af eigin raun.

„Sagan er um fjölskyldu í vanda; flótta drengs sem lifir dálítið í eigin heimi og grípur til ýmissa ráða til að flýja aðstæður eða reyna að stjórna þeim. Sagan er draumkennd og endurspeglar hugarheim stráksins. Sýnir vel hvernig fólk finna sínar eigin leiðir til að flýja erfiðar aðstæður; er áhrifamikil og hjartnæm, enda átakanlegt að sjá aðstæður barna þegar alkóhólismi ræður heimilislífinu. Slík tilvera er tíu sinnum verri þegar maður er barn og upp á náð og miskunn fullorðna fólksins kominn.“

Og hún segir strembið að búa til bíómynd. Líklega með því erfiðasta sem maður gerir.

„Myndin hefur verið líf mitt í heilt ár. Allan þann tíma kemst ekkert annað að. Leikstjóri þarf að taka þúsund ákvarðanir á hverjum degi og sama hve skipulagður maður er er engin leið að sjá hvað kemur upp á. Aðalatriðið er að vera sveigjanlegur; geta spunnið af fingrum fram á tökudeginum og endurskoðað hlutina jafnóðum. Líka að standa fast á sínu, því allir á tökustað hafa sína skoðun og mikilvægt að týna ekki upprunalegu tilfinningunni þótt auðvelt sé að villast af leið. Ég vona að mér hafi tekist það. Er í það minnsta mjög sátt við útkomuna,“ segir Vera glöð í bragði.

### Tvítekinn Töframaður

Í sama mánuði og Vera frumsýnir Töframanninn hefur Reynir Lyngdal tökur á sömu sögu, en bæði sóttu um styrk til Kvikmyndasjóðs vegna Töframanns Jóns Atla.

„Mér var hafnað á þeim forsendum að myndin væri lokaverkefni, en hálfum mánuði síðar fékk Reynir styrk. Þetta er auðvitað óheppilegt en við Reynir erum í góðu sambandi og urðum ásátt um að þetta yrði skemmtileg tilraun sem gaman yrði að bera saman. Svo virðist sem við höfum farið hvort í sína áttina með útfærslu og því nafnið það eina sem verður eins.“

Vera hefur komið víða við. Á undan Töframanninum hafði hún skrifað og leikstýrt tveimur stuttmyndum, ásamt því að þýða Sögu kvikmyndalistarinnar eftir David Parkinson, en Vera leggur stund á þýðingar í hlutavinnu. Hún er útskrifaður heimspekingur frá Háskóla Íslands og starfaði um tíma sem blaðaljósmyndari á South East Angle í Minneapolis.

„Ég var að elta manninn minn, sem lærði þar menningarfræði en er nú orðinn lektor við Greenwich-háskólann í Lundúnum. London er lífleg. Ef manni leiðist þar er maður leiður á lífinu. Mér leiddist stundum í Reykjavík, þótt hún sé yndislega þægileg. Hér fæ ég minn innblástur, en heima hægist á öllu hjá manni og lífið verður of afslappað fyrir minn smekk.“

### Nietzsche í veganesti

Vera segist hafa verið að elta gamlan draum þegar hún fór í kvikmyndanámið.

„Þetta er það eina sem ég get hugsað mér að gera. Ég hef alltaf verið bíófíkill og átt draum um að gera bíómyndir. Maður verður að skapa sinn eigin vettvang og elta draumana. Draumurinn hefur ræst, en hvort ég er hinn raunverulegi töframaður er of snemmt að segja. Oft er talað um töfraljóma kvikmyndanna en þegar maður byrjar að læra kvikmyndagerð hverfa töfrarnir til að byrja með, þangað til maður fer að skilja hvað býr að baki töfrabrögðunum.“

Og heimspekin hefur verið gott veganesti. „Nietzsche talaði um að lifa í núinu og gleyma sér í sköpun. Námið hefur komið mér í tengsl við mína eigin sköpunargáfu; ég stefni að því að taka eftir litlu hlutunum og sækja innblástur í hið ólíklega í umhverfinu. Svipað þegar ég tek ljósmyndir, sem er það mest afslappandi sem ég geri. Það er hugleiðsla að fara út með myndavél og smella af því sem fyrir augu ber.“ ■

MYNDIR/KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR



**FRÁ TÖKUM Á TÖFRAMANNINUM**
**1.** Benedikt slakar á milli takna, en biðtími er stór hluti af kvikmyndagerð. **2.** Mæðginin Elva Ósk og Benedikt undirbúa sig fyrir atriði í Töframanninum. **3.** Benedikt og Bergur Hrafn Jónsson, mótleikari hans, leika sér í kvikmyndapásu og njóta sumarblíðunnar saman.

BREYTTUR HEIMUR



**ABRAHAM LINCOLN** Hefur orðið ein af mörgum táknmyndum þeirra sem börðust gegn hinni fornu hugmynd um þrælahald.

# Sjálfsögð réttindi hinna æðri

Þrælahald er nú til dags í hinum siðmenntaða heimi talið vera eitthvert það mesta mannréttindabrot sem mannskepnan getur framið. Mansal, og þá sérstaklega á konum sem eru seldar í kynlífsþrælkun, hefur vakið upp sterk viðbrögð gagnvart því sem vestrænn heimur taldi sig hafa útrýmt. Borgarastyrjöldin sem háð var í Bandaríkjunum 1860 snerist meðal annars um ólíkar hugmyndir norðursins og suðursins gagnvart þrælahaldi. Hinn kristni heimur vísaði oft og títt til afmarkaðra texta Biblíunnar og á 19. öldinni, eftir að Darwin hafði sett fram kenningu um að hinir hæfustu myndu lifa af, var það yfirfært á hinn „óæðri“ stofn og hinar „vanþróuðu“ þjóðir í Afríku, sem var þá sagt réttlátt að færa í þrældóm.

Þessi hugmynd um þrælahald var hins vegar langt því frá að vera ný heldur var réttlæting á þrælahaldi heimspekilega vel útfærð hugmynd og sjálfsögð réttindi hinna æðru. Það var hinn mikli heimspekingur Aristóteles sem setti fram fyrstu réttlætinguna á þrælahaldi en á síðari hluta 4. aldar fyrir Krist sagði hann að sumir væru í eðli sínu óæðri og fyrir þá væri ekkert betra hlutskipti en að þjóna hinum sem væru betri. Hann vísaði meðal annars til þess að kynþætti sem í eðli sínu væru óæðri Grikkjum mætti hneppa í þrældóm.

Þessar hugmyndir Aristótelesar voru síðan teknar undir verndarvæng hins siðferðilega kennivalds Vesturlanda á 16. öld þegar réttmæti þrælahalds var dregið í efa. Hugmyndir hans eru einnig taldar hafa ýtt undir kynþáttahroka gagnvart fólki af tilteknum „kynþætti“, því sérhvern þræl varð að líta á sem óæðri. Þannig hafa þrælahald og kynþáttahroki yfirleitt haldist í hendur, þar sem þrælahaldarar trúðu því að þrælar þeirra væru í eðli sínu óæðri.

**Byggt á bókinni Hugmyndir sem breyttu heiminum sem kom út hjá Eddu fyrir skömmu.**




DAGSKRÁ LAUGARDAGINN 25. FEBRÚAR

9:00
BÍLAÞÁTTUR
Í umsjón Leós M. Jónssonar.
Fréttir kl. 10.

10:00
LAUGARDAGSMORGUNN
Í umsjón Eiríks Jónssonar.

12:00
FRÉTTIR FRÁ FRÉTTASTOFUNNI
HÁDEGISÚTVARPIÐ
Í umsjón Kristjáns Hjálmarssonar og Þórarins Þórarinssonar.

13:00
SÖGUR AF FÓLKI
Í umsjón Róberts Marshall.
Fréttir kl. 15.

15:00
FÓKUS
Í umsjón ritstjórnar Fókus (e).

16:00
VIÐTALSÞÁTTUR SIGURÐAR G. TÓMASSONAR
Fréttir kl. 17.

17:00
FRJÁLSAR HENDUR
Í umsjón Illuga Jökulssonar (e).

18:00
ÚR FYLGSNUM FYRRI ALDAR
Eftir sr. Friðrik Eggertz. Hjalti Rögnvaldsson les.

18:30
FRÉTTIR STÖÐVAR 2

19:00 Bílaþáttur (e) | 19:55 Laugardagsmorgunn (e)
21:45 Hádegisútvarpið (e) | 22:30 Sögur af fólki (e)
00:25 Fókus (e) | 01:20 Viðtalsþáttur Sigurðar G. Tómassonar (e)
02:15 Frjálsar hendur (e) | 03:10 Úr fylgsnum fyrri aldar (e)
03:35 Bílaþáttur (e) | 04:30 Laugardagsmorgunn (e)
06:20 Hádegisútvarpið (e) | 07:05 Sögur af fólki (e)



# sport

sport@frettabladid.is

**Við hvetjum ...**

...fólkið í landinu til að mæta í Laugardalshöllina í dag og hjálpa til við að búa til bikarstemningu á áhorfendapöllunum eins og hún gerist best. Um er að ræða handboltaveislu af bestu gerð þar sem vænta má að boðið verði upp á spennu og dramatík, gleði og sorg, en umfram allt frábæra skemmtun.



*„Mourinho laug til um liðsuppstillinguna og nú bætir hann þessu við. Hann er ömurlegur.“*

***Henk Ten Cate, aðstoðarþjálfari Barcelona, svarar ásökunum þess efnis að hann hafi sparkað í afturendann á Jose Mourinho í hálfeik í leik Barcelona og Chelsea.***

Evrópudeildin í körfubolta í gærkvöldi:

## Jón Arnór átti góðan leik

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson átti mjög góðan alhliða leik í gærkvöldi þegar lið hans Dynamo St. Petersburg bar sigurorð af CEZ Nymburk frá Tékklandi í Evrópudeildinni í körfubolta. Jón Arnór skoraði 11 stig, gaf átta stoðsendingar, tók eitt frákast og stal tveimur boltum.

Um var að ræða annan leik liðanna í 16-liða úrslitum keppninnar og er St. Petersburg þar með komið áfram í 8-liða úrslit keppninnar þar sem það lið sem fyrr sigrar tvo leiki kemst áfram.

Jón Arnór lék 29 mínútur í leiknum og skoraði úr fjórum skotum af sex innan vítateigs. Hann átti þrjár þriggja stiga tilraunir en brenndi af þeim öllum en á vítalínunni nýtti hann þrjú af fjórum skotum. ■


# Knattspyrnuskóli Kristjáns Bernburg

í Lokeren í Belgíu (eingöngu fyrir pilta)

**Eftir nokkurt hlé höfum við endurvakið KB skólann.**
Mjög góður knattspyrnuskóli undir stjórn Kristjáns Bernburgs, frábærir unglingaþjálfarar frá Belgíu undir forystu Rik Van Cauteren sem er mörgum íslenskum knattspyrnumönnum að góðu kunnur.

**9 daga ferð (30.júlí – 7. ágúst)**
sem er frábært tækifæri fyrir efnilega knattspyrnumenn að bæta verulega við sig. Margir íslenskir atvinnumenn hafa farið í gegnum þennan skóla.

**Verð: 114.900 kr. á mann**

Innifalið: flug, skattar, gisting, fullt fæði allan tímann, skemmtiferð í Go-kart og fleira, akstur til og frá flugvelli, öll kennsla og umsjón sem og íslensk fararstjórn.

**Nánari upplýsingar og skráning í skólann hjá Úrval Útsýn í Lágmúla 4, sími 585-4000 eða á email ludvik@uu.is**

ÚRVAL-ÚTSÝN Lágmúla 4, sími 585-4000



# Knattspyrnuskóli Manchester United

3. árið í röð bjóðum við upp á þennan vinsæla knattspyrnuskóla.

**9 daga ferð (6.-14. ágúst) fyrir stelpur og stráka.**

Öll þjálfun og umsjón af hálfu barna og unglingaþjálfara á vegum Manchetser United.

MANCHESTER UNITED ICELAND

**Verð: 109.900 kr. á mann**

Innifalið: flug, skattar, gisting, fullt fæði allann tímann, skemmtiferð í Alton Towers, akstur til og frá flugvelli, skoðunarferð um Old Trafford, öll kennsla og umsjón sem og íslensk fararstjórn.

**Nánari upplýsingar og skráning í skólann hjá Úrval Útsýn í Lágmúla 4, sími 585-4000 eða á email ludvik@uu.is**

ÚRVAL-ÚTSÝN Lágmúla 4, sími 585-4000




**BARIST UM BIKARINN** Bjarni Fritzson, fyrirliði ÍR, og Haukur Sigurvinsson, fyrirliði HK, sjást hér halda utan um SS-bikarinn góða sem sigurliðið í dag fær að launum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Mikil læti og hörkuslagsmál

**Fulltrúar liðanna í úrslitaleik SS-bikars karla búast við roslegri rimmu í Höllinni í dag.**

**HANDBOLTI** ÍR og HK mætast í úrslitaleik SS-bikars karla í dag og rétt eins og hjá konunum fer leikurinn fram í Laugardalshöll. Þarna leiða saman hesta sína tvö af skemmtilegustu liðum landsins og má fastlega búast við því að leikurinn verði fjörugur og spennandi.

Bjarni Fritzson, fyrirliði ÍR, er á leið í sinn fyrsta bikarúrslitaleik, eins og flestir félaga hans, og tilhlökkunin leynir sér ekki hjá honum.

„Ég setti mér það markmið fyrir nokkrum árum að ég myndi aldrei fara í Höllina fyrr en ég kæmist þangað sjálfur og ég hef staðið við það loforð. Það verður því ákaflega ljúft að mæta þangað núna til þess að spila,“ sagði Bjarni en leið ÍR-inga í úrslitin var ekki auðveld enda þurftu þeir að ryðja bæði Haukum og ÍBV úr veginum á leið sinni í Höllina.

ÍR-liðið hefur verið nálægt því að vinna bikar síðustu ár en leikmönnum liðsins hefur ekki enn tekist að stíga skrefið til fulls og því spyrja margir sig að því hvort það sé ekki kominn tími á að liðið losi sig við stimpilinn að vera efnilegt og verði einfaldlega gott.

„Við erum meira en efnilegir að mínu mati en það er alveg rétt að það er kominn tími á titil. Við erum búnir að bíða eftir því lengi en það hlýtur að vera komið að okkur núna,“ sagði Bjarni en ÍR tapaði fyrir HK fyrir ekki margt löngu. Hann lofar að bæta fyrir það tap í Höllinni í dag.

„Við vorum mjög slakir í þeim leik en við ætlum að gera betur núna. Ég held að þetta verði rosalegur leikur og mig er farið að kitla í puttana því þetta verða mikil læti og hörkuslagsmál. Ég ætla að vinna þennan leik. Það kemur ekkert annað til greina,“ sagði Bjarni Fritzson, fyrirliði ÍR.

Miglius Astrauskas, þjálfari HK, tekur lítið fyrir umræddan sigur sinna manna um daginn og segir dagsformið koma til með að ráða úrslitum. „Í úrslitaleikjum snýst þetta um hvort liðið hafi meiri vilja. Þetta eru mjög áþekk lið og ég tel líkur beggja vera jafnmiklar. Ef við spilum okkar leik tel ég að við munum sigra,“ segir Astrauskas. HK vann bikarinn fyrir tveimur árum síðan og segir Astrauskas að það muni hjálpa liðinu í leiknum í dag. „Mínir menn hafa þarmeð reynslu sem ÍR-ingar hafa ekki. Sú reynsla gæti ráðið úrslitum þegar uppi er staðið.“ ■

Anders Frisk, dómarinn í leik Barcelona og Chelsea:

## Ekkert óeðlilegt gerðist

**FÓTBOLTI** Anders Frisk, sænski dómarinn í leik Barcelona og Chelsea í Meistaradeild Evrópu á miðvikudag, hefur skilað inn leikskýrslu sinni frá leiknum til UEFA. Í henni kemur skýrt fram að Frank Rijkaard hafi ekki stigið fæti inn í búningsklefa sænska dómarans og að ekkert óeðlilegt hafi átt sér stað.

Jose Mourinho hefur haldið því fram að Rijkaard hafi haft áhrif á dómgæsluna í síðari hálfleik með hrópyrðum hans á Frisk en sá sænski segir að Rijkaard hafi aðeins vera að biðjast afsökunar fyrir að hafa gleymt að heilsa honum fyrir leik. Talsmaður UEFA segir þetta hafa verið staðfest af nokkrum fulltrúum UEFA sem voru í göngunum í hálfleik. „Þeir sáu Rikjaard biðjast afsökunar fyrir að hafa ekki óskað honum gott kvöld. Frisk bauð honum gott kvöld á móti og þá var þeirra samtali lokið,“ segir talsmaðurinn.

Þar sem ekki stendur stafur um óæskilega hegað Rikjaards í skýrslu Frisks má búast við því að örlög opinberru kvörtunarinnar sem Chelsea sendi til UEFA séu ráðin – hún endar í ruslagámunum við höfuðstöðvar UEFA. ■



**ANDERS FRISK** Er almennt talinn einn af betri dómurum heims en átti ekki góðan dag í Barcelona á miðvikudaginn.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FEBRÚAR**

23 24 25 **26** 27 28 1

**Laugardagur**

### LEIKIR

- 13.30 **Grótta/KR** og **Stjarnan** mætast í Laugardalshöll í úrslitum SS-bikars kvenna í handbolta.
- 14.00 **Fram** og **KA** mætast í Fífunni í 2. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 15.00 **Höttur** og **Stjarnan** mætast á Egilsstöðum í 1. deild karla í körfubolta.
- 16.00 **Keflavík** og **KR** mætast í Reykjaneshöll í 2. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 16.15 **HK** og **ÍR** mætast í Laugardalshöll í úrslitum SS-bikars karla í handbolta.

### SJÓNVARP

- 10.00 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Útsending frá leik **Bayern München** og **Arsenal** í Meistaradeildinni í fótbolta.
- 11.40 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Útsending frá leik **Real Madrid** og **Juventus** í Meistaradeildinni í fótbolta.
- 12.05 **Landsmót UMFÍ** á RÚV.
- 12.05 **Upphitun** á Skjá einum. Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 12.40 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Southampton** og **Arsenal** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 13.20 **NBA- bestu leikirnir** á Sýn. Útsending frá leik **Los Angeles Lakers** og **Boston Celtics** frá árinu 1985 í NBA-deildinni í körfubolta.
- 13.25 **SS-bikarinn í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **Gróttu/KR** og **Stjörnunnar** í úrslitum SS-bikars kvenna í handbolta.
- 14.40 **Á vellinum með Snorra Má** á Skjá einum.
- 14.50 **Enski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Leeds** og **West Ham** í ensku 1. deildinni í fótbolta.
- 15.00 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Tottenham** og **Fulham** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 15.45 **Handboltakvöld** á RÚV.
- 16.05 **SS-bikarinn í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **HK** og **ÍR** í úrslitum SS-bikars karla í handbolta.
- 16.55 **Bestu bikarmörkin** á Sýn. Farið yfir sögu ensku bikarkeppninnar í fótbolta og flottustu mörkin sýnd.



- 17.10 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Manchester United** og **Portsmouth** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 17.55 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn.
- 18.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Numancia** og **Barcelona** í spæsnku 1. deildinni í fótbolta.
- 20.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Deportivo La Coruna** og **Real Madrid** í spænsku 1. deildinni í fótbolta.
- 23.00 **Hnefaleikar** á Sýn. Útsending frá bardaga **Felix Trinidad** og **Ricardo Mayorga** sem var háður 6. nóvember á síðasta ári.

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Félagaskiptaglugginn í NBA-deildinni lokaðist í fyrrakvöld og var talsvert meira um félagaskipti leikmanna en búist hafði verið við. Á meðal leikmanna sem skiptu um heimilisfang voru **Chris Webber** sem fór frá Sacramento Kings til Philadelphia 76ers í skiptum fyrir nokkra minni spámenn og kemur hann til með að reynast 76ers mikill liðsstyrkur, en þessi fjölhæfi framherji hefur verið að skora yfir 20 stig og hirða tæp 10 fráköst með liði sínu það sem af er vetri.



Lið Golden State Warriors gerði líka góð viðskipti, þegar þeir skiptu þeim **Speedy Claxton** og**Dale Davis** til New Orleans Hornets, fyrir leikstjórnandann **Baron Davis**. **Davis** er fyrrum stjörnuleikmaður, en hefur átt við þrálát meiðsli að stríða lengi. Hann er þó ungur að árum og nái hann góðri heilsu á ný verður lið Golden State komið með óárennilega bakverði í báðar stöður, því fyrir hjá Warriors er hinn efnilegi **Jason Richardson**.



San Antonio Spurs, Houston Rockets og New York Knicks gerðu með sér viðskipti sem færa miðherjann **Nazr Mohammed** til Spurs, Rockets fær til sín þá **Vin Baker** og **Moochie Norris** og New York hreppti þá **Maurice Taylor**og **Malik Rose**. **Mark Cuban**, eigandi Dallas Mavericks, lét ekki sitt eftir liggja frekar en venjulega og splæsti í **Keith Van Horn** frá Milwaukee Bucks í skiptum fyrir **Calvin Booth**og**Alan Henderson**.



Philadelphia var ekki hætt umsvifum sínum á leikmannamarkaðnum, því rétt fyrir lokun gluggans í fyrrakvöld, skipti liðið hinum óánægða **Glenn Robinson** fyrir **Jamal Mashburn** og **Rodney Rogers** frá liði New Orleans. **Mashburn** er mikið meiddur og mun líklega ekki leika körfubolta aftur, en liðið tekur við honum með það fyrir augum að rýma til undir launaþakinu þegar hann leggur skóna á hilluna.



Það sem kom kannski mest á óvart í félagaskiptunum í fyrrakvöld var það að lið Boston Celtics fékk aftur til sín **Antoine Walker** frá Atlanta Hawks, en**Walker** fór frá félaginu fyrir nokkrum árum eftir að hafa leikið þar lengi og voru menn á einu máli um að allir væru fegnir að losna við hann. Hawks fékk í staðinn **Tom Gugliotta**,**Michael Stewart** og **Gary Payton**, en sá síðastnefndi mun að líkindum aldrei leika með Hawks því hann vill komast að hjá einu af toppliðunum í vesturdeildinni.



Nú virðist sem Arsenal og Manchester United verði liðin sem berjast um hinn efnilega **Michael Essien** hjá Lyon í Frakklandi. **Essien**, sem er miðjumaður, hefur leikið afar vel á tímabilinu og er lykilmaður í franska liðinu, sem hefur náð ágætum árangri í meistaradeildinni og skellti meðal annars Werder Bremen 3-0 í vikunni. Mörg af stærri liðunum á meginlandinu eru einnig að fylgjast með leikmanninum og hefur Juventus meðal annars fylgst grannt með honum.



Allt bendir til þess að varnarmaðurinn sterki Sol Campbell verði ekki með Arsenal í seinni leiknum gegn Bayern München í sextán liða úrslitum meistaradeildarinnar vegna ökklameiðsla sem hann hefur glímt við í töluverðan tíma.



Úrslitaleikurinn í SS-bikar kvenna er í Laugardalshöllinni í dag og þar mætast Grótta/KR og Stjarnan:

# Grótta/KR sátt við að vera „litla liðið“

**HANDBOLTI.** Lið Stjörnunnar er fyrir fram talið sigurstranglegra í bikarúrslitaleiknum í dag, enda talsvert fyrir ofan Gróttu/KR á töflunni í DHL-deildinni. Þegar í bikarúrslitaleikinn er komið skiptir staðan í deildinni þó ekki eins miklu máli, og dagsformið ræður miklu. Stjarnan hefur nýlokið keppni í Áskorendakeppni Evrópu en Grótta/KR gerði sér lítið fyrir og skellti meisturum ÍBV í undanúrslitum.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Kári Garðarsson, þjálfari Gróttu/KR, að sitt lið ætlaði að nýta sér það að vera „litla liðið“ í leiknum. „Pressan er meiri á Stjörnuna því þær eru fyrir fram taldar mun sigurstranglegri. Þær eru auðvitað með frábært lið og verða mjög erfiðar, en við ætlum að nýta okkur það að fæstir búast við því að við getum lagt þær að velli.“. Kári segir lið sitt að mestu laust við meiðsli og að lykillinn hjá liðinu sé sjálfstraustið. Það sem hefur vantað í liðið hjá okkur í vetur hefur verið sjálfstraustið og ég er að vona að það sé komið í lag eftir sigurinn í Eyjum. Við gerum okkur grein fyrir því að þetta verður mjög erfiður leikur, en við förum í hann til að reyna að vinna“, sagði Kári.



Erlendur Ísfeld, þjálfari Stjörnunnar, er bjartsýnn fyrir leikinn og segir sitt lið hungrað í að fara að vinna titil. „Við héldum fund í vikunni með liðinu til að ná okkur niður á jörðina eftir Evrópukeppnina og til að einbeita okkur að næsta verkefni, sem er bikarúrslitin. Margir reikna með því að við eigum sigurinn vísan í leiknum, en lið Gróttu/KR má ekki vanmeta og við gætum þess að missa okkur ekki út í slíkan hugsunarhátt. Það er langt síðan bikarinn hefur komið í Garðabæinn og því ætlum við að reyna að bæta úr því,“ sagði Erlendur. ■









# STUÐ MILLI STRÍÐA

## Glappaskot Bush ekki alltaf jafn skondin

**FREYR BJARNASON** FJALLAR UM HEGÐUN GEORGE W. BUSH BANDARÍKJAFORSETA.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

George W. Bush Bandaríkjaforseti virðist eiga ákaflega auðvelt með að reita annað fólk til reiði með hegðun sinni eða ummælum. Í hvert skipti sem hann opnar á sér munninn eru góðar líkur á að hann segi eitthvað sem á eftir að valda fjaðrafoki og þegar hann fer í opinbera heimsókn á hann það til að gera eitthvað kolvitlaust.

Hann var harðlega gagnrýndur í heimildarmyndinni Fahrenheit 9/11 fyrir að valda ekki starfi sínu. Þó svo að myndin hafi bara sýnt aðra hlið málsins og ekki gefið Bush tækifæri til að verja sig var það ótrúlegt að sjá er hann beið í átta mínútur áður en hann brást við hryðjuverkaárásinni 2001. Á meðan hann hélt áfram að lesa barnasögur má telja mjög líklegt að einhver mannslíf hafi tapast við þetta undarlega sinnuleysi.

Undanfarið hefur Bush verið á ferðalagi um Evrópu, sínu fyrsta síðan hann vann forsetakosningarnar í annað sinn á síðasta ári. Á örfáum dögum hefur honum tekist að móðga nokkra háttsetta aðila. Fyrst heilsaði hann ekki Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hans, og síðan heilsaði hann forseta Slóvakíu án þess að hafa fyrir því að taka af sér leðurhanskana. Tvær móðganir á tveimur dögum er nokkuð vel af sér vikið og ein til viðbótar kom í gær er hann sagði byltingar í Georgíu og Úkraínu tímamótaviðburði í sögu frelsisins. Vakti það litla hrifningu forsætisráðherra Rússlands og jók vafalítið á stirðleikann milli hans og Bush. Forsetinn olli einnig fjaðrafoki heima fyrir þegar leynileg upptaka fór í loftið þar sem hann játaði að hafa notað eiturlyfið maríjúana, en það er önnur saga.

Það þarf aðeins að fylgjast með Bush í nokkra daga til að maður spyrji sig hvort hann valdi starfinu í raun og veru. Öll þessi glappaskot eru oftast bara skondin en það sem gerðist í barnaskólanum 11. september var það aftur á móti ekki. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott












RÝMINGARSALA
vegna breytinga
40% AFSL.
AF ÖLLU DÓTI
laugardag, sunnudag
og mánudag
Steffi Love
Groovy Girls
NIKKO
MECCANO
LEGO
BIONICLE
Keel Toys
Disney
Hot Wheels
Fisher-Price
BABY born
Simba
Barbie
my little Pony
DÓTABÚÐIN
SMÁRALIND sími 522 8322
KRINGLAN sími 568 8190

Sunna Dögg Ásgeirsdóttir tók þátt í Iceland Fashion

# Ballett og karate veita henni mikinn innblástur

Framsæknir fatahönnuðir sýndu fatnað sinn á Reykjavík Fashion sem haldin var í Sundhöll Reykjavíkur. Alls komu ellefu hönnuðir fram og sýndu fatalínur sínar. Úr þeim hópi voru fjórir hönnuðir valdir til að taka þátt í bresku tískuvikunni. Þeir eru Harpa Einarsdóttir, Dead, Spaksmannsspjarir og Sunna Dögg Ásgeirsdóttir. Sú síðastnefnda stundar nám í Listaháskóla Íslands á vöruhönnunarbraut. Fata- og búningaáhugi Sunnu Daggar vaknaði þegar hún var stelpa. Hún var í ballett um 14 ára skeið og á meðan á ballettnáminu stóð byrjaði hún að sauma búninga fyrir nemendasýningar í ballettskólanum.



**SKAPANDI** Sunna er þessa dagana að vinna að lokaverkefni sínu í Listaháskólanum.

„Að sauma var líka mótþrói hjá mér því ég vildi skera mig úr í klæðaburði og vildi ekki vera eins og allar hinar," segir Sunna Dögg. Eftir að hún kláraði Listdansskólann færði hún sig yfir í karate. Núna er hún karatekennari hjá Þórshamri. Eftir að hafa verið í ballett og karate kviknaði áhugi hennar á þrívíddarhönnun og í hönnun sinni sækir hún mikinn innblástur í dansinn og bardagalistina. Þrívíddarpælingarnar koma henni líka vel í vöruhönnuninni. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Sunna Dögg tekur þátt í sýningu sem þessari því hún tók einnig þátt í Midnight Sun Fashionshow fyrir fimm árum.

„Þegar ég tók þátt í þeirri sýningu var ég mikið í víkingapælingum. Midnight Sun var mikil hvatning fyrir mig. Ég er ekki viss um að ég hefði sótt um í Listaháskólanum ef ég hefði ekki tekið þátt í henni," segir Sunna Dögg. Á sýningunni í Sundhöll Reykjavíkur sýndi hún afslappaða og klæðilega fatalínu sem hún vann á frekar stuttum tíma.

„Þegar ég hannaði línuna vildi ég stíla hana inn á fólk sem vill skera sig úr. Það tók sinn tíma að gera línuna en ég hefði alveg viljað fá nokkra daga í viðbót. Ég var alveg fram á síðustu stundu að púsla fötunum saman og fyrirsæturnar rétt sluppu fram á sundlaugarbakkann. Þetta var svolítið flókið þar sem ég er ekki með verslun og fataframleiðslu."

Sunna Dögg hefur selt fatnað sinn í verslunum en í dag tekur hún bara við sérpöntunum meðan hún er að klára skólann. Hún lýkur námi í vor en er ekki búin að ákveða hvað hún ætlar að gera.

„Það er hugmynd að fara í frekara nám og þá tengt markaðsfræði. Ég hugsa samt að ég gefi fatahönnuninni tækifæri eða fari að vinna að einhverju tískutengdu. Ég væri til dæmis alveg til í að fara í blaðamennsku," segir Sunna Dögg. Það sem henni finnst mest heillandi við tískuna er að hver geti skapað sér sína ímynd bæði meðvitað og ómeðvitað. Framundan eru spennandi tímar.

„Efst á baugi hjá mér að klára skólann og halda áfram að hafa gaman af lífinu."

**martamaria@frettabladid.is**





**KLÆÐILEGT OG SMART** Sunna leggur mest upp úr þægindum í hönnun sinni.



**Söngkonan India Arie tók sig vel út í þessum gullkjól í L.A. á dögunum.**



**0 kr.**



**Friis og Co. 1.490 kr.**



**Lyklakippa og töskuskraut 1.290 kr. Friis og Company.**



**Gylltir sokkar 990 kr. frá Friis og Company**



**Friis og Company belti 3.990 kr.**



**Hippalegt armband í gylltu. 4900 kr. júniform.**

Gullið tekur völdin:

# Fetaðu hinn gullna meðalveg

Gull segja tískuhönnuðirnir, gull skal það vera. Undanfarin ár hefur silfrið átt hjarta mannsins og hjarta tískuhönnuðanna þó einstaka fínar frúr hafi haldið sig í sinni gylltu veröld. Nú þarf silfrið hins vegar að víkja fyrir öllu gullinu og kjörorð sumarsins verður „því meira því betra". Gullið er kannski ekki sérlega heitt í sjálfum fatnaðinum enda ekki sérlega þægilegt að hafa metalþræði næst húðinni. Þegar kemur að fylgihlutum er gullið í vinningssæti, nema hvað? Belti eiga að vera gyllt, gylltir stórir eyrnalokkar á við ljósakrónur þykja kúl og gott er að ganga á gullskóm á grænum grundum. Skartgripir eiga að vera gylltir og helst lafandi. Í versluninni Friis og Company er auðvelt að fylgja tískuþörfum sínum og þar fæst hinn ýmsi varningur í gylltum lit. Stór og gyllt taska myndi til dæmis alveg bjarga eðalskvísum fram á vor og jafnvel út sumarið. Ein slík fæst í þeirri verslun. Það er líka alltaf hægt að finna flotta gyllta skartgripi í Fríðu frænku sem smellpassa inn í tískuna. Allt þetta gyllta glingur er þó ekki bara hægt að fá í tískuverslunum. Kolaportið er svona staður þar sem hægt er að hnjóta um gylltar gersemar en fólk verður þó að muna að ekki er allt gull sem glóir. Það er líka allt í lagi, gullhúðað glingur er alveg jafn flott. Allavega þangað til það fer að flagna. Það er seinni tíma vandamál. ■



**Gullskór frá Kron. 6.990 kr.**



**Gullskór frá Billi Bi, 11.990 kr. GS-skór.**



**Gyllt taska frá Friis og Company, 6.990 kr.**



**Skór með fylltum hæl og gullröndum, 11.990 kr.**



**Gyllt belti frá júniform, 1.900 kr.**






Sölvi Snær Magnússon, innkaupa- og verslunarstjóri í Retro.

# Hrifinn af snyrtilegum pólóbolum

**Uppáhaldshönnuður?**
Neil Barrett.

**Fallegustu litirnir?**
Svartur og grænn.

**Fyrir hverju ertu mest svag?**
Ég er mikill jakkamaður.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?**
Made-jakkaföt. Þau eru dökkblá teinótt með aðsniðnum jakka. Jakkinn er með oddmjóum boðungum með opinni ermaklauf.

**Hvað finnst þér mest sjarmerandi í vor- og sumartískunni?**
Mér finnst litríkir pólóbolir mjög fallegir. Þeir eru snyrtilegir en samt töff og minna mann svolítið á fyrra Elvis Presley-tímabilið.

**Hvað ætlar þú að kaupa þér fyrir vorið?**
Ég ætla að kaupa mér boli og góðar gallabuxur, helst tvennar, einar víðar og aðrar þröngar. Svo kaupi ég mér örugglega töff leðurbomsur.



**Uppáhaldsverslun?**
Selfridges í London og Retro á Íslandi.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?**
Frá tíu og upp í 30 þúsund.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?**
Ég gæti ekki lifað án gallabuxna og leðurjakka.

**Uppáhaldsflík?**
Mao-frakkinn minn en hann er dökkbrúnn að lit með þröngu sniði.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?**
Köflótt Works-jakkaföt sem ég keypti mér 1994. Jakkinn var síður.

# Með naglalakk að vopni

Nú er málið að lífga upp á tilveruna með því að lakka á sér neglurnar í æpandi litum. Bleiki liturinn fer vel við grænu litina sem koma svo sterkir inn í vor- og sumartískuna. Ef þú ert á leiðinni á árshátíð skaltu leggja áherslu á neglurnar og leyfa þeim að skarta fögrum litum. Vertu svolítið poppuð og notaðu bleikt naglalakk við rauða eða appelsínugula sparikjóla. Bleiki liturinn er líka fallegur með svörtu og brúnu. Það eru ótal möguleikar í boði. Það gengur þó alls ekki að vera með bleikt naglalakk og ferskjulitaðan varalit. Vertu með bleikt gloss í stíl. Mundu að það er aldrei hægt að setja of mikið gloss á varirnar. ■




VERTU MEÐ GLOSS Í STÍL VIÐ NEGLURNAR. LITUR NR. 60 FRÍSKAR UPP Á VARIRNAR.

BLEIKT NAGLALAKK NR. 165 FRÁ CHANEL ER SÚPERFLOTT.

# Kvenlegt og smart

Hnésíð pils eru langt frá því að vera á undanhaldi og verða þau mjög vinsæl í sumar. Þegar þessi tíska kom fram á sjónarsviðið fyrir nokkrum árum spáðu tískuspekúlantar því að hún myndi ekki ná fótfestu en raunin hefur orðið önnur. Í sumar verður mikið um mynstruð pils í hnésídd og fær hið fjölþjóðlega að njóta sín í mynstrunum þó þau séu útfærð á nýtískulegan hátt. Þetta pils frá Sand er dæmi um það, litríkt og mynstrað og úr silkiefni. Það er varla hægt að finna kvenlegri flík. ■



ÆVINTÝRAPILSIN FÁST Í SAND Í KRINGLULNNI.



**SKOTAPILS** Hekluð blúndupeysa við pínupils með skotamunstri og glitrandi bláar sokkabuxur.



**DRAKÚLA GREIFI** Vampíruskikkja við gamaldags blúnduskyrtu og gallabuxur.



**MOULIN ROUGE** Blúndukjóll í anda frönsku dansmeyjanna.



**ROKKAÐUR BLÚNDUSTÍLL** Prinsessukjóll með korseletti, svört jakkapeysa yfir og rokkaralegt og úfið hár við.

# Drakúla, skotapils og Moulin Rouge

Meðal tískugúrúa sem sýndu á tískuvikunni í Mílanó í síðustu viku voru Dominico Dolce og Stefano Gabbana meðal þeirra heitustu. Línan þeirra fyrir næsta haust og vetur einkenndist af gamaldags blúnduskyrtum upp í háls, litlum skotapilsum, napóleon stíl, Mick Jagger, glimmeri og slettu af Moulin Rouge lúkki og blúndupilsum. Á sýningunni blöstuðu þeir T. Rex og Roxy Music, spreyjuðu sýningarpallinn með gullmálningu og hengdu upp diskókúlu. Rokkaralegar fyrirsætur töltu niður gullpallana í jafn ólíkum flíkum og grænum Napóleon jakka, skósíðri blárri flauelsskikkju í anda Drakúla og fáránlega stuttu skotapilsi með gaddabelti við.

Dolce og Gabbana hafa alltaf farið sínar eigin leiðir í tískunni og létu sér í þetta sinn einnig fátt um finnast um trendin í dag sem nú hafa einkennst af tvídefnum og mittisbeltum, „pencil"-pilsum og kvenlegum stíl. Þrátt fyrir að um væri að ræða hausttísku voru pilsin á sýningunni styttri en sómasamlegt myndi teljast og mikið var um magaboli og bera leggi.

Förðunin samanstóð af litlu nema glimmer-augnskugga hringinn í kringum augun og hárið var krullað og úfið. Í lok sýningarinnar klæddust allar fyrirsæturnar litríkri schiffon-skyrtu með berar axlir og þröngum gullbuxum sem ættu að fá hvern einasta Dolce og Gabbana-aðdáanda til að skríkja af hrifningu. ■


LONDON THEATRE AUDITIONS IN REYKJAVIK

LAST CALL FOR APPLICATIONS

Training in Acting, Theatre Design, Costume, Management, Digital Arts, Technical Theatre



Photographs © Mere Words, Jon Ingledew, Joe Boylan

Based in London, we are one of Europe's leading drama colleges and offer a range of courses and degrees from a week to three years in length in the following areas of theatre

Auditions and interviews are being held in Reykjavik at

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

National Theatre
Hverfisgata 19 - 101
Reykjavik

Saturday 5th and Sunday 6th of March for admission in September 2005.

Acting
Actor Musicianship
American Theatre Arts
Costume Production
Directing
European Theatre Arts
Lighting Design
Summer Schools

MA Theatre Practices
Acting, Design, Lighting, Playwriting, Directing and Management
Opera Studies
Organising Live Arts
Digital Arts
Theatre Design (Stage/Costume)
Scenic Arts (Construction)
Stage Management
International Foundation

Plus Distance Learning Courses in Theatre and Opera

For further information or to book an interview or audition,
contact us on: +44-20-8308-2611
or email david.ames@bruford.ac.uk

Rose Bruford College
www.bruford.ac.uk
A member of the Conference of Drama Schools
CDS

! **Kl. 16.00**
*í dag sýnir **Kvikmyndasafn Íslands** þýsku myndina **Der Letzte Mann**, eða Síðasti maðurinn, eftir **F. W. Murnau** frá árinu 1924, þar sem Óskarsverðlaunahafinn **Emil Jannings** fer á kostum í hlutverki virðulegs hótelþjóns sem missir starfið á efri árum en getur ekki sleppt hendinni af einkennisbúningnum.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Fjórir saxófónar í einu hljóðfæri

„Þetta eru ekki fjórir saxófónar heldur eitt hljóðfæri, þau eru svo samhæfð," segir Hugi Guðmundsson tónskáld um þýska Raschèr-kvartettinn sem lék með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fimmtudagskvöldið og kemur aftur fram á tónleikum í Hallgrímskirkju í dag.

Kvartettinn frumflytur þar ásamt Mótettukór Hallgrímskirkju nýtt verk eftir Huga, sem samið er fyrir fjóra saxófóna og kór. Hugi er ekki fyrsta tónskáldið sem semur fyrir þennan rómaða kvartett, sem svo sannarlega er einstakur í sinni röð.

Frá því hann var stofnaður árið 1969 hefur kvartettinn reglulega leikið í helstu tónleikasölum heims, og nú hafa meira en 250 tónskáld samið verk fyrir hann.

„Þau eiga töluvert af verkum núorðið fyrir saxófónkvartett og hljómsveit, en eru nýbyrjuð að flytja verk með kórum og þar kem ég inn í þetta," segir Hugi, sem var í góðu sambandi við kvartettinn meðan hann var að semja tónverkið.


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hann segist hafa forðast að láta verkið minna á nokkurn hátt á djasstónlist eða dægurlög, þá tónlist sem flestir tengja saxófóninn við.

„Þegar þau spila hljómar það ekkert eins og þeir saxófónar sem maður þekkir. Þetta eru klassískir saxófónleikarar, rétt eins og þeir væru strengjakvartett."

### EKKI MISSA AF…

… DVD-sýningu Vinafélags Íslensku óperunnar á óperunni **Tristan og Ísold** eftir **Richard Wagner**, sem hefst klukkan 13 í Íslensku óperunni.

… sérstæðum **flaututónleikum** í Borgarleikhúsinu klukkan **15.15** þar sem flestir starfandi flautuleikarar landsins koma saman og flytja verk fyrir þverflautur af öllum stærðum og gerðum.



… tónleikum **Kristjönu Stefánsdóttur** djasssöngkonu og **Agnars Más Magnússonar** píanóleikara í Norræna húsinu á morgun.


# NÍTJÁNHUNDRUÐ
## ÖRFÁAR SÝNINGAR EFTIR!

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**DÝRIN Í HÁLSASKÓGI** - *Thorbjörn Egner*
Í dag lau. 26/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 27/2 kl. 14:00 **90. sýning uppselt**, sun. 6/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus**. **Allra síðasta sýning.**

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Í kvöld lau. 26/2 **uppselt**, fös. 4/3 **uppselt**, fös. 11/3 **uppselt**, fös. 18/3 **uppselt**, sun. 20/3 **60. sýning örfá sæti laus**, lau. 2/4 **uppselt**, sun. 3/4 **örfá sæti laus**, fim. 7/4, fös. 8/4 **nokkur sæti laus**.

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
6. sýn. sun. 27/2 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fim. 3/3 **örfá sæti laus**, 8. sýn. sun. 6/3 **nokkur sæti laus**, 9. sýn. lau. 12/3 **örfá sæti laus**.

**ÖXIN OG JÖRÐIN** - *Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.*
Lau. 5/3 **nokkur sæti laus**, fim. 10/3, fim. 17/3.
**Aðeins þessar þrjár sýningar eftir.**

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**NÍTJÁNHUNDRUÐ** - **Kaffileikhús** - *Alessandro Barrico*
Í kvöld lau. 26/2 **nokkur sæti laus**, fös. 4/3, fös. 11/3. **Aðeins þessar þrjár sýningar eftir.** Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Sun. 27/2 **uppselt**, fim. 3/3 **nokkur sæti laus**, sun. 6/3, sun. 12/3.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

**BÖNDIN Á MILLI OKKAR** - *Kristján Þórður Hrafnsson*
**Aukasýning fim. 3/3 örfá sæti laus. Allra síðasta sýning.**
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**



# BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

***STÓRA SVIÐ***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar*
Í kvöld kl 20 - **UPPSELT**
Fö 4/3 kl 20 - **UPPSELT,** Lau 5/3 kl 20, Su 13/3 kl 20 Fi 17/3 kl 20, Fi 7/4 kl 20, Fö 8/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20

**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN**
**SÝNIR: OPEN SOURCE**
*eftir Helenu Jónsdóttur*
Frumsýnig Su 27/2 kl 20, Fi 3/3 kl 20, Su 6/3 kl 20

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
***Sýningar halda áfram eftir páska.***

**LÍNA LANGSOKKUR**
*e. Astrid Lindgren*
Su 27/2 kl 14 , Su 6/3 kl 14 ***Síðustu sýningar***

**HOUDINI SNÝR AFTUR**
Fjölskyldusýning um páskana.
Forsala aðgöngumiða hafin.

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Í kvöld kl 20, Su 27/2 kl 20
Su 6/3 kl 20, Su 13/3 kl 20

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA**
**- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI**
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna** - gildir ekki á barnasýningar

**BELGÍSKA KONGÓ**
*e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki*
Fi 3/3 kl 20, Fö 4/3 kl 20, Lau 5/3 kl 20, Fi 10/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Lau 12/3 kl 20
***Lokasýningar***

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Í kvöld kl 20, Su 6/3 kl 20, Su 13/3 kl 20
***Ath: Miðaverð kr. 1.500***

**AMERICAN DIPLOMACY**
*eftir Þorleif Örn Arnarsson.* Í samstarfi við Hið lifandi leikhús. Fi 3/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Lau 18/3 kl 20

**SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR**
*eftir Agnar Jón Egilsson.* Í samstarfi við TÓBÍAS.
Mi 2/3 kl 20, Fi 10/3 kl 20, Fi 17/3 kl 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
**Frumsýning** Fö 4/3 kl 20 - **UPPSELT,** Su 6/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Su 12/3 kl 20, Fö 18/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Su 27/2 kl 20, Lau 12/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20

**15:15 TÓNLEIKAR**
*ÍSLENSKI FLAUTUKÓRINN*
*Í dag kl. 15:15*

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is**
**Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga**


■ **TÓNLIST**

# Heimska ringlan í Salnum


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**TRYGGVI M. BALDVINSSON** Tónskáldið horfir þarna á ljósmyndara Fréttablaðsins meðan Snorri Wium syngur fyrir sjónvarpsmyndavélarnar.

Fyrir um það bil tíu árum barst ljóðabók Þórarins Eldjárns, Heimsk ringla, í hendurnar á Tryggva M. Baldvinssyni tónskáldi. Hann hreifst þegar í stað af þessum sérstæðu og skemmtilegu ljóðum og hefur verið að semja eitt og eitt lag við þau, allt fram á þennan dag.

Í dag klukkan 16 verður afraksturinn fluttur á tónleikum í Salnum í Kópavogi, heill lagabálkur þar sem kátínan og grínið ræður ríkjum.

„Þetta er mikið fjör og mikið gaman," segir Tryggvi um Heimskringlulögin sín.

„Fyrsta lagið var samið árið 1995 og það síðasta núna um síðustu helgi. Þetta hefur verið svona hliðarbúgrein hjá mér."

Á tónleikunum verður einnig fluttur fjöldi annarra sönglaga eftir Tryggva, og þar gætir ýmissa grasa. Ýmist eru þetta flókin sönglög með frjálsri tónaskipan eða einföld lög sem allir eiga að geta lært á svipstundu.

Meðal annars hljómar í fyrsta sinn sönglagið Gegnum skóginn, sem jafnframt er elsta verkið á tónleikunum því Tryggvi samdi það á námsárum sínum í Vínarborg. Hann segir engan barítónsöngvara hafa lagt í að syngja það fyrr en Ólafur Kjartan Sigurðarson sló til.

„Hann lagði í þetta og mér heyrist hann bara ætla að gera þetta dálítið fallega."

Ólafur Kjartan syngur aðeins þetta eina lag á tónleikunum í Salnum. Hin lögin syngja þau Marta Guðrún Halldórsdóttir sópransöngkona og Snorri Wium tenórsöngvari.

Fyrir hlé leikur Hrefna Eggertsdóttir á píanó með þeim, en eftir hlé tekur við Salonhljómsveit Berjadaga, sem leikur með í Heimskringlulögunum. Sú hljómsveit er skipuð fiðluleikara, sellóleikara, kontrabassaleikara og harmonikuleikara ásamt Erni Magnússyni píanóleikara, sem er þar í forystu. ■





HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Í kvöld 26/2
Sun 27/2, nokkur sæti laus
Mið 2/3
Ath! Takmarkaður sýningarfjöldi
Miðasala í síma 555 2222
eða á www.hhh.is




**Tenórinn**
Sun. 27. feb. kl. örfá sæti
Sun. 6. mars kl. 20
**Síðasta sýning**
IÐNÓ
*Miðasala í síma 562 9700*
***www.idno.is***

**Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir:**
**Ástandið**
**Sögur kvenna frá hernámsárunum**
Sunnudagur 27/2 kl. 14.00
Miðvikudagur 2/3 kl. 14.00
Sunnudagur 6/3 kl. 14.00
**Takmarkaður sýningarfjöldi**

**ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX**
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.
!
Talstöðin
FM 90,9















## TÓNLIST

# Björk í heimildarmynd

Björk Guðmundsdóttir kemur fram í nýrri heimildarmynd á DVD-disk sem nefnist Looking for a Thrill: An Anthology of Inspiration.

Í myndinni, sem er fimm og hálfur klukkutími að lengd, er fjöldi tónlistarmanna spurður um það augnablik sem varð til þess að þá langaði að búa til tónlist. Á meðal þeirra sem sitja fyrir svörum auk Bjarkar eru upptökustjórinn og tónlistarmaðurinn Steve Albini, Thurston Moore úr Sonic Youth og meðlimir Tortoise, Calexico, Yo La Tengo, Lambschop og Mouse on Mars. ■



**BJÖRK** Söngkonan Björk kemur fram í heimildarmyndinni Looking for a Thrill: An Anthology of Inspiration.













KVIKMYNDIR

# Ellefu myndir bætast við

Ellefu kvikmyndir hafa bæst við þær sem sýndar verða á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni sem stendur yfir frá 7. til 30. apríl um allt land.

Myndirnar eru að vanda fjölbreyttar og koma frá fimm löndum: Bandaríkjunum, Englandi, Ítalíu, Svíþjóð og Suður-Kóreu.



Fyrst ber að nefna myndina **VERA DRAKE** eftir breska leikstjórann Mike Leigh sem er tilnefnd til þrennra Óskarsverðlauna. Er hún sögð besta mynd leikstjórans síðan Secrets and Lies kom út.

**KINSEY** fjallar um Alfred Kinsey sem árið 1948 breytti bandarískri menningu til frambúðar með útgáfu bókarinnar „Sexual Behavior in the Human Male" sem setti af stað sjóðheitar deilur sem ríkja enn þann dag í dag. Liam Neeson túlkar Kinsey en mótleikkona hans, Laura Linney, var á dögunum tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir frammistöðu sína.

**THE WOODSMAN**, eftir Nicole Kassell, fjallar um barnaníðing sem reynir að koma lífi sínu í eðlilegan farveg eftir 12 ára fangelsisvist. Myndin keppti um aðalverðlaunin á Sundance og hefur verið tilnefnd til fjölda verðlauna. Þykir Kevin Bacon sýna stórleik í myndinni.



**VANITY FAIR** er eftir hina indversku Mira Nair, sem m.a. hefur gert Salaam Bombay! og Monsoon Wedding. Myndin skartar stórstjörnum í öllum aðalhlutverkum, Reese Witherspoon, Gabriel Byrne, Rhys Ifans og Bob Hoskins. Witherspoon leikur Becky Sharp sem svífst einskis til að láta drauma sína rætast og klifra alla leið á toppinn í metorðastiga enskrar stéttaskiptingar.

Tvíburasysturnar Brynja og Drífa Sigurðardætur, sem urðu þekktar undir nafninu Real Flavaz, eiga tvö lög í myndinni **THE DOOR IN THE FLOOR.** Hljóma þau í tvær mínútur í myndinni sem þykir mjög langur tími í kvikmynd. Myndin er byggð á einni vinsælustu bók John Irving, A Widow For One Year. Jeff Bridges og Kim Basinger leika hjón sem hafa orðið fyrir miklum áföllum og neyðast til að gera upp málin eitt sumarið í sveitum New York borgar.

Hinar myndirnar sem hafa bæst við hátíðina eru hin ítalska **DON'T MOVE** með Penelope Cruze í aðalhlutverki, sænska bankaránsmyndin **THE ROBBERS, TAE GUK GI** eftir suður-kóreska leikstjórann Kang Je-guy og Shakespeare-myndin **MERCHANT OF VENICE** með Al Pacino, Jeremy Irons og Joseph Fiennes í aðalhlutverkum. **BEYOND THE SEA** eftir Kevin Spacey sem sest hér í leikstjórastólinn í annað sinn og í **MEAN CREEK** eftir Jacob Aaron Estes er dæmigerði sögu um aðalhrekkjusvínið í skólanum snúið á hvolf.

Fyrir þá sem vilja frekari fróðleik um kvikmyndahátíðina er bent á heimasíðuna www.icelandfilmfestival.is.










## STÖÐ 2 BÍÓ



**League of Extraordinary Gentlemen.** Allan Quaterman og félagar hans þurfa að bjarga mannkyninu frá illmenni.

**6.00** Submerged **8.00** Pokémon 3: The Movie **10.00** Last Orders **12.00** Elling **14.00** Pokémon 3: The Movie **16.00** Last Orders **18.00** Elling **20.00** Submerged **22.00** League of Extraordinary Gentl. (B. börnum) **0.00** V (B. börnum) **2.00** When the Sky Falls (Strangl. b. börnum) **4.00** League of Extraordinary Gentl (B. börnum)

## AKSJÓN

**7.15** Korter **21.00** Bravó **22.15** Korter

## OMEGA

**7.00** Blandað efni **9.00** Jimmy Swaggart **10.00** Billy Graham **11.00** Robert Schuller **12.00** Maríusystur **12.30** Blandað efni **13.00** Fíladelfía **14.00** Kvöldljós **15.00** Ísrael í dag **16.00** Acts Full Gospel **16.30** Blandað efni **17.00** Samverustund (e) **18.00** Robert Schuller **19.00** Jimmy Swaggart **20.00** Billy Graham **21.00** Believers Christian Fellowship **22.00** Kvöldljós **23.00** Robert Schuller **0.00** Nætursjónvarp

## POPP TÍVÍ

**14.00** Sjáðu (e) **16.00** Game TV (e) **17.00** Íslenski popp listinn (e)

# Í TÆKINU

**JUDE LEIKUR Í ENEMY AT THE GATES Í SJÓNVARPINU KL. 22.45 Í KVÖLD.**

## *Allir héldu að hann væri stelpa*

Jude Law fæddist 29. desember árið 1972 í suð-austur London. Foreldrar hans eru Peter og Maggie Law sem störfuðu sem skólakennarar en eiga nú leikhús í Frakklandi. Jude byrjaði að leika með National Youth Music Theatre þegar hann var tólf ára. Þegar hann gekk til liðs við leikhúsið var hann settur á ranga heimavist því allir héldu að þetta væri stelpunafn. Hann sagði engum frá því en það komst fljótt upp um hann. Hann hætti í skóla þegar hann var sautján ára til að leika í sápunni Families en árið 1992 hóf Jude sviðsferil sinn. Hann lék í mörgum leikritum í London og var tilnefndur til Olivier-verðlaunanna sem besti nýliðinn. Hann lék í leikritinu Indiscretions í London en fór síðan á Broadway og lék í því á móti Kathleen Turner. Þá fékk hann Tony-tilnefningu sem besti aukaleikari. Eftir Broadway byrjaði Jude að leika í kvikmyndum og lék í mörgum óháðum kvikmyndum. Fyrsta stóra myndin hans var Gattaca árið 1997 og sama ár fékk hann gott hlutverk í Midnight in the Garden of Good and Evil. Jude sló rækilega í gegn árið 1999 í The Talented Mr. Ripley og síðan þá hefur hann komist hærra og hærra upp frægðarstigann.

Jude er trúlofaður leikkonunni Siennu Miller en þau kynntust við gerð myndarinnar Alfie. Hann á þrjú börn með fyrrverandi konu sinni, Sadie Frost, en þau skildu í október árið 2003. Jude er grænmetisæta og var kosinn kynþokkafyllsti maður heims árið 2004 hjá tímaritinu People.



**Þrjár bestu myndir Judes:** **eXistenZ** – 1999. **The Talented Mr. Ripley** – 1999. **Closer** – 2004.



**18.10** *Drama*

**Star Trek: Enterprise III. Bandarískur ævintýramyndaflokkur um Enterprise geimskipið og áhöfn þess.**



**21.20** *Bíó*

**Legally Blonde 2: Red, White & Blonde. Elle Woods fer til Washington og lætur til skara skríða í dýraverndunarmálum.**



**12.40** *Enski boltinn*

**Bein útsending frá viðureign Southampton og Arsenal en nú þurfa þeir síðarnefndu að spýta í lófana.**

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Brandur lögga **8.12** Bubbi byggir **8.22** Brummi **8.37** Bitti nú **9.02** Ævintýri H.C Andersens **9.28** Gæludýr úr geimnum **9.58** Siggi og Gunnar **10.03** Stundin okkar **10.32** Krakkar á ferð og flugi **11.10** Kastljósið **11.40** Óp

**12.05** Landsmót UMFÍ **13.25** Bikarkeppnin í handbolta. Bein útsending frá úrslitaleik Gróttu/KR og Stjörnunnar í kvennaflokki í Laugardalshöll. **15.30** Jafnvægishjólið **15.45** Handboltakvöld **16.05** Bikarkeppnin í handbolta. Bein útsending frá úrslitaleik karla í Laugardalshöll. **18.00** Táknmálsfréttir

**18.10 Geimskipið Enterprise**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40 Laugardagskvöld með Gísla Marteini** Gísli Marteinn Baldursson tekur á móti gestum í myndveri Sjónvarpsins. Stjórn upptöku: Egill Eðvarðsson.
**20.30 Spaugstofan** Karl Ágúst, Pálmi, Sigurður, Randver og Örn bregða á leik. Stjórn upptöku: Björn Emilsson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**21.00 Gesturinn** (Houseguest) Bandarísk gamanmynd frá 1995. Svikahrappur sem er á flótta undan mafíunni leitar skjóls hjá fjölskyldu í Pennsylvaníu og þykist vera æskuvinur húsbóndans. Leikstjóri er Randall Miller og meðal leikenda eru Sinbad, Phil Hartman og Kim Greist.
**22.45 Óvinur við borgarhliðin** (Enemy at the Gates) Bíómynd frá 2001 þar sem sögusviðið er orrustan um Stalíngrad. Leikstjóri er Jean-Jacques Annaud og meðal leikenda eru Jude Law, Ed Harris, Rachel Weisz, Joseph Fiennes, Bob Hoskins og Ron Perlman. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára.

**1.00** Basl í Beverly Hills **2.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Svampur, Í Erlilborg, Svampur, Snjóbörnin, Sullukollar, Barney 4 – 5, Með Afa, Véla Villi, Beyblade, Surviving Gilligan's Island) **11.50** Bold and the Beautiful

**13.35** Idol – Stjörnuleit (e) **15.00** Idol – Stjörnuleit (e) **15.30** American Idol 4 (11:42) **16.15** Joey (2:24) **16.40** Whoopi (16:22) (e) **17.05** Sjálfstætt fólk (e) **17.45** Oprah Winfrey

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.54 Lottó**
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.15 Whose Line Is it Anyway? 3** (Hver á þessa línu?) Kynnir er Drew Carey og hann fær til sín ýmsa kunna grínista.
**19.40 You Wish!** (Ein ósk) Strákurinn Alex vill gjarnan breyta ýmsu í lífinu. Skyndilega fær hann tækifæri til að gera einmitt það og lætur slag standa. Aðalhlutverk: A.J. Trauth, Spencer Breslin, Lalaine. Leikstjóri: Paul Hoen. 2003. Leyfð öllum aldurshópum.
**21.20 Legally Blonde 2: Red, White & Blonde** (Löggilt ljóska 2) Aðalhlutverk: Reese Witherspoon, Sally Field, Regina King, Luke Wilson. Leikstjóri: Charles Herman-Wurmfield. 2003. Leyfð öllum aldurshópum.
**22.55 Guarding Tess** (Tess í pössun) Gamanmynd um fyrrverandi forsetafrú, Tess Carlisle, og leyniþjónustumanninn Dough Dhesnic sem á að tryggja öryggi hennar. En Tess þolir ekki allar ströngu öryggisreglurnar, það að vera innilokuð og mega ekki njóta lífsins eins og fyrr. Maltin gefur þrjár stjörnur. Aðalhlutverk: Shirley Maclaine, Nicolas Cage. Leikstjóri: Hugh Wilson. 1994. Leyfð öllum aldurshópum.

**0.25** Signs (Bönnuð börnum) **2.10** Kurt & Courtney (Bönnuð börnum) **3.45** Fréttir Stöðvar 2 **4.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**12.05** Upphitun (e) **12.40** Southampton – Arsenal **14.40** Á vellinum með Snorra Má **15.00** Tottenham – Fulham **17.10** Manchester United – Portsmouth

**19.00 Fólk – með Sirrý (e)** Sirrý tekur á móti gestum í sjónvarpssal og slær á létta jafnt sem dramatíska strengi í umfjöllunum sínum um það sem hæst ber hverju sinni.
**20.00 Grínklukkutíminn – Girlfriends** Joan sér eiginmann Maya úti að borða með annarri konu. Hún þorir samt ekki að segja Maya frá því. En Maya kemst samt að því og viðbrögð hennar koma Joan á óvart.
**20.20 Ladies Man** Jimmy Stiles lifir ekki þrautalausu lífi enda eini karlmaðurinn á heimili fullu af konum.
**20.40 The Drew Carey Show** Bandarískir gamanþættir um Drew Carey. Drew skammast sín eftir að fólk sem þekkti hann úr félaginu Framtíðarleiðtogar kemur í skólann og sér að hann vinnur þar á teríunni. Hann spyr sig hvenær allt fór úrskeiðis.
**21.00 The Chamber** Spennumynd gerð eftir samnefndri skáldsögu John Grisham. Nýútskrifaður lögfræðingur reynir að koma í veg fyrir aftöku afa sins sem bíður eftir að vera tekinn af lífi fyrir hræðilegt morð.
**22.50 One Tree Hill (e)**

**23.35** Jack & Bobby (e) **0.20** Tvöfaldur Jay Leno (e) **1.50** Óstöðvandi tónlist

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**13.00** Alpine Skiing: World Cup Kranjska Gora Slovenia **13.45** Ski Jumping: World Championship Oberstdorf Germany **15.00** Ski Jumping: World Championship Oberstdorf Germany **16.45** Tennis: ATP Tournament Dubai United Arab Emirates **18.00** Bobsleigh: World Championship Calgary Canada **19.00** Tennis: WTA Tournament Doha **20.00** Boxing **22.00** Xtreme Sports: Yoz Mag **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Fight Sport: Fight Club **0.45** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** Doctors **14.00** Teletubbies **14.25** Tweenies **14.45** Bits & Bobs **15.00** Step Inside **15.10** Andy Pandy **15.15** The Story Makers **15.55** The Really Wild Show **16.20** Blue Peter Flies the World **16.45** S Club 7: Viva S Club **17.10** Top of the Pops **17.40** I'd Do Anything **18.40** Casualty **19.30** Travels with My Unfit Mother **20.30** Richard Burton: Taylor-made for Stardom **21.30** The League of Gentlemen **22.00** The Fast Show **22.30** Linda Green **23.30** Top of the Pops **0.00** The Autism Puzzle **1.00** Presumption: The Life of Jane Austen

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Seabiscuit **13.00** Phar Lap **15.00** Scientific Frontiers **16.00** Air Crash Investigation **17.00** Inside the Britannic **18.00** Mission **19.00** Seconds from Disaster **20.00** The Real Zulu Dawn **21.00** Zulu Dawn

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Whales of the Med **13.00** Greatest Wildlife Show on Earth **14.00** The Leopard Son **15.00** The Crocodile Hunter Diaries **16.00** Crocodile Hunter **17.00** Pet Star **18.00** King of the Jungle **19.00** Elephant Trilogy **19.30** Escape the Elephants **20.00** Chimpanzee Diary **21.00** In Search of the Man Eaters **22.00** The Jeff Corwin Experience **23.00** Air Jaws **0.00** Whales of the Med **1.00** Greatest Wildlife Show on Earth

**DISCOVERY**
**12.00** Dangerman **13.00** Moulin Rouge Revealed **14.00** Extreme Engineering **15.00** Dream Machines **15.30** Ultimate Cars **16.00** Building the Ultimate **16.30** Massive Machines **17.00** Clash of the Generals **18.00** Hitler's Women **19.00** Ultimate Ten **20.00** American Chopper **21.00** Rides **22.00** Super Racers **23.00** Trauma – Life in the ER **0.00** Murder Trail **1.00** Rides

**MTV**
**12.00** I Want My MTV **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Globally Dismissed **17.00** Dance Floor Chart **18.00** European Top 20 **19.00** Top 20 EMA Moments **20.00** Viva La Bam **20.30** The Assistant **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Dirty Sanchez **22.30** MTV Mash **23.00** Just See MTV **2.00** Chill Out Zone **4.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** Then & Now **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** Awesomely Bad Dirrty Songs **21.30** Ashton Kutcher Rise & Rise Of **22.00** Viva la Disco

**CLUB**
**12.15** The Stylists **12.45** Anything I Can Do **13.10** Hollywood One on One **13.35** Spectacular Spas **14.05** The Race **14.55** Weddings **15.20** Fantasy Open House **15.45** 3rd Date **16.15** Cheaters **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** The Stylists **18.20** Anything I Can Do **18.50** The Race **19.40** The Roseanne Show **20.25** 3rd Date **20.50** Hollywood One on One **21.15** Women Talk **21.40** Sex Tips for Girls **22.10** My Messy Bedroom **22.35** Cheaters

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** The E! True Hollywood Story **22.00** The Anna Nicole Show **23.00** Dr. 90210 **0.00** Scream Play **1.00** The E! True Hollywood Story

**CARTOON NETWORK**
**12.05** Top Cat **12.30** Looney Tunes **12.55** Tom and Jerry **13.20** The Flintstones **13.45** Scooby-Doo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** The Powerpuff Girls **15.00** Codename: Kids Next Door **15.25** Dexter's Laboratory **15.50** Samurai Jack **16.15** Courage the Cowardly Dog **16.30** Judy Jetson & The Rockers **17.55** Tom and Jerry **18.20** The Flintstones **18.45** Wacky Races

**JETIX**
**12.20** Digimon I **12.45** Inspector Gadget **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Hamtaro **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps

**MGM**
**13.00** Head Over Heels **14.35** Beach Red **16.20** Impasse **18.00** Seven Hours to Judgement **19.30** Stay Hungry **21.10** The Visitors **22.40** One by One **0.10** Texasville **2.15** Exposed **3.55** Strictly Business

**TCM**
**20.00** Stephen Fry Oscar Introduction for **20.10** North by Northwest **22.25** The Big Sleep **0.15** Terror on a Train **1.30** The Liquidator **3.15** The Secret of My Success


# Má vísa þér á lægsta verðið?

200 sæti í boði til VISA-korthafa.

**Billund 2.,16. júli og 6. ágúst**
Verð frá **18.530** kr.* á mann.
Flug 22.530 kr. - 4.000 kr. afsláttur á mann = 18.530 kr.

**Costa del Sol 8. -19. maí**
Verð frá **48.700** kr.* á mann.
Gisting á Santa Clara í 11 nætur, verð 55.500 kr. - 7.000 kr. afsláttur á mann.

**Portúgal 10.-18. apríl**
Verð frá **47.848** kr.* á mann.
Gisting á Alagoamar í 8 nætur, verð 57.848 kr. - 10.000 kr. afsláttur á mann.

**Kanaríeyjar 14.-29. apríl**
Verð frá **49.985** kr.* á mann.
Gisting á Roque Nublo í 15 nætur, verð 65.985 kr. - 16.000 kr. afsláttur á mann.

**Benidorm 4.-11. apríl**
Verð frá **36.310** kr.* á mann.
Gisting á Halley í 7 nætur, verð 48.114 kr. - 10.000 kr. afsláttur á mann.

*Verðdæmi til VISA-korthafa og miðast við að 2 ferðist saman. Innifalið er flug, gisting, fararstjórn erlendis, flugvallarskattar og VISA-afsláttur. Verð til Billund er flug og flugvallarskattar.

plús FERÐIR
www.plusferdir.is
Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

**MANCHESTER UNITED – PORTSMOUTH** *SkjárEinn* **kl. 17.10**

## *Nú er að duga eða drepast*

***Fyrir þennan leik er United í öðru sæti með 59 stig en Portsmouth í fjórtánda sæti með 30 stig.***

Manchester United verður að sigra í dag til að minnka forskot Chelsea í sex stig en þetta er 47. leikur liðsins á leiktímabilinu. United hefur aðeins tapað sex af þessum 46 leikjum. Ruud van Nistelrooy mun spila með liðinu eftir langvarandi meiðsl en Wayne Rooney og Roy Keane gætu þurft að sitja á bekknum á meðan Roy Carroll er líklegast í byrjunarliðinu þrátt fyrir klúðrið á móti AC Milan. Portsmouth-menn hafa ekki verið nógu heppnir heima eða á útivelli á þessari leiktíð en þeir eru vongóðir um að vinna United í dag. Tölfræðin er þó ekki með þeim þar sem þeir hafa tapað síðustu 19 af 29 leikjum á útivelli.



Ruud van Nistelrooy.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I don't care what you call me, man, just as long as my name is on the record."**

**Svar:** J.T. Barker úr kvikmyndinni The Real McCoy frá árinu 1993.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Bílaþáttur, umsjón Leó M. Jónsson. **10.03** Laugardagsmorgunn, umsjón Eiríkur Jónsson.

**12.10** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni í umsjón Kristjáns Hjálmarssonar og Þórarins Þórarinssonar. **13.00** Sögur af fólki, umsjón Róbert Marshall **15.03** Fókus e.

**16.00** Viðtalsþáttur Sigurðar G. Tómassonar e. **17.03** Frjálsar hendur Illuga Jökulssonar e. **18.00** Úr fylgsnum fyrri aldar eftir sr. Friðrik Eggertz e. **19.00** Endurtekin dagskrá dagsins.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Samfélagið í nærmynd **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Af heimaslóðum **11.00** Í vikulokin

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Til allra átta **14.30** Í uppáhaldi **15.20** Með laugardagskaffinu **15.45** Íslenskt mál **16.10** Orð skulu standa **17.00** Rökkurrokk

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Rölt á milli grafa **19.00** Íslensk tónskáld **19.40** Stefnumót **20.20** Vögguvísa og fleira frá miðri öld **21.05** Fimm fjórðu **22.15** Lestur Passíusálma

**23.10** Danslög

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **14.00** Handboltarásin **15.30** Helgarútgáfan heldur áfram með Lindu Blöndal **16.30** Handboltarásin

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ-senan **22.10** Næturgalinn

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Reykjavík Síðdegis - Það Besta Úr Vikunni **9.00** Sunnudagsmorgunn á Bylgjunni

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** N á tali hjá Hemma Gunn

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**10.03** Lífsleikni (Ásdís Olsen) **11.00** Morgunstund með Rósu Ingólfs **11.03** Rósa Ingólfs

**12.25** Smáauglýsingar **13.00** Heil og sæl (endurfl.) **14.00** Menningarþátturinn **16.00** Endurfluttningur frá vikunni sem er að líða

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**18.50 & 20.50**

*Íþróttir*

**Spænski boltinn. Tveir leikir verða sýndir beint, Numancia – Barcelona og Deportivo – Real Madrid.**

## SÝN

**10.00** UEFA Champions League **11.40** UEFA Champions League **13.20** NBA – Bestu leikirnir **14.50** Enski boltinn. Bein útsending frá leik West Ham og Leeds United. **16.55** Bestu bikarmörkin **17.55** US PGA 2005 – Monthly

**18.50 Spænski boltinn** (Numancia – Barcelona) Bein útsending frá leik Numancia og Barcelona. Hér mætast neðsta og efsta liðið í deildinni en Börsungur juku forskot sitt á toppnum í sjö stig um síðustu helgi. Leikmenn Numancia hafa átt erfitt uppdráttar í allan vetur og ekki léttist róður þeirra þegar Ronaldinho og félagar koma í heimsókn.

**20.50 Spænski boltinn** (Deportivo – Real Madrid) Bein útsending frá leik Deportivo La Coruna og Real Madrid. David Beckham og félagar fengu skell í síðustu umferð og töpuðu dýrmætum stigum í toppbaráttunni. Ekkert nema sigur kemur því til greina í þessum leik en liðsmenn Deportivo eru sýnd veiði en ekki gefin.

**23.00 Hnefaleikar** (Felix Trinidad – Ricardo Mayorga)

### HALLMARK

**12.15** Merlin **13.45** The Long Way Home **15.15** Anastasia: The Mystery of Anna **17.00** Broken Vows **18.45** Just Cause **19.30** Back When We Were Grown-ups **21.15** Hamlet **22.45** Betrayal of Trust

### BBC FOOD

**12.00** Chef at Large **12.30** Nancy Lam **13.30** Ready Steady Cook **14.00** Rick Stein's Food Heroes **14.30** The Great Canadian Food Show **15.00** Can't Cook Won't Cook **15.30** Dinner in a Box **16.30** Ready Steady Cook **17.00** James Martin Delicious **17.30** Worrall Thompson **18.00** Food Source **18.30** Tamasin's Weekends **19.00** Jancis Robinson's Wine Course **19.30** The Thirsty Traveller **20.00** The Italian Kitchen **20.30** Rocco's Dolce Vita **21.00** Coconut Coast **21.30** Floyd's India **22.00** Kitchen Invaders **22.30** Ready Steady Cook

### DR1

**14.00** Sporl¢s **14.30** Ungefair **15.00** Boogie Listen **16.05** OBS **16.10** Eksorcisterne **16.40** F¢r s¢ndagen **16.50** Held og Lotto **17.00** Pip og Papeg¢je **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Hunde på job **18.30** Når gorillaen forelsker sig **19.00** aHA! **19.50** King Ralph **21.25** Columbo **22.35** Sudden Death **0.20** Boogie Listen

### SV1

**13.15** Konståkning: EM i Turin **15.00** Antikrundan **16.00** Så ska det låta **17.00** BoliBompa **17.01** Storasyster och lillebror **17.05** Karlsson på taket **17.30** Allt och lite till **18.00** Livet enligt Rosa **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Melodifestivalen 2005 – Deltävling 3 **20.30** Kalla spår **21.15** Daniel Deronda **22.10** Rapport **22.15** Sixties **22.45** A Reasonable Man **0.25** Sändningar från SVT24


Háteigsvegi 105 Reykjavík Sími 522 3300 Fax 522 3301 fti@fti.is www.fti.is




# FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS

# ÖLLUM OPINN Í DAG

## SKRÚFUDAGUR

FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS er nýr skóli reistur á traustum grunni Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands. Hinn árlegi Skrúfudagur Fjöltækniskólans er haldinn í dag laugardaginn 26. febrúar, kl. 13.00-16.30. Við opnum kennsluhúsnæðið í Sjómannaskólahúsinu við Háteigsveg upp á gátt og sýnum gestum ýmis tæki og vélar sem notuð eru við kennsluna.

- Nýir véla- og siglingahermar – fylgstu með siglingu inn í höfnina í Gautaborg í Svíþjóð
- Nemendur og kennarar verða að störfum við tæki og vélar
- Björgunarþyrla Landhelgisgæslunnar flýgur yfir skólann og lendir á lóðinni
- Útsýnisturninn verður opinn eftir gagngerar endurbætur
- Kaffiveitingar gegn vægu verði

Allir velkomnir!



Skemmtileg blanda af bóklegu og verklegu námi

FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS
TÆKNI VÉLAR SIGLINGAR ÚTVEGUR



## HRÓSIÐ

*... fær Síminn fyrir að gefa Þjóðminjasafninu fjarskiptasafn sitt. Safnið inniheldur meðal annars síma sem Ronald Reagan notaði til að tala við Hvíta húsið á meðan fundi hans og Mikhaíl Gorbatsjov stóð yfir í Höfða.*

## INNI



**Annie Hall stíllinn.** Diane Keaton gerðist einn rosalegasti trendsetjari aldarinnar þegar hún lék í Annie Hall. Hún kom af stað konutískunni að klæðast karlmannlegum fötum. Skyrta, þröngur jakki og jafnvel töff bindi. Áhrif Annie Hall má enn þá sjá úti um allt og þetta er enn þá flott.



**Heklið er heitt.** Hekluð peysa, hekluð húfa, heklað sjal, allt sem er heklað er flott. Nema kannski greyi ponsjóin sem allir eru komnir með ógeð á. Þá er bara að grípa heklunálina og hefjast handa. Þetta er alls ekki eins erfitt og það lítur út fyrir að vera.



**Asísk áhrif** má sjá á tískupöllum úti um allan heim og hér sést að Oscar de la Renta hefur augljóslega orðið fyrir asískum áhrifum. Áhrifin sjást bæði í litanotkun og asísku sniði. Mikið eru notaðir svokallaðir „mao“ kragar, breiðir mittislindar og jafnvel asísk förðun.

## ÚTI



**Bert á milli brjósta.** Það var hún blessuð J-Lo sem byrjaði og celebrity-skvísurnar hafa ekki hvílt svæðið á milli brjóstanna síðan. Þetta er samt ekkert beinlínis flott og frekar subbulegt bara. Hvað kemur næst? Bert á milli rasskinnanna? Nei, þetta er ekki málið.



**Doughnut skegg** er sennilega mesti hryllingur sem hægt er að gera andlitinu á sér. Þetta er ekki flattering á neinn hátt og menn sem raka sig á þennan hátt virka bæði feitari og eldri en þeir eru. Haldið kleinuhringjunum frá andlitinu, að öllu leyti!



**Að spenna ekki beltin.** Margir halda að kærulausi töffarinn sé flottastur. Þeir svífa í gegnum lífið með letisvip á andlitinu, nenna sko engu og glætan að þeir spenni beltin. En það er svo óskóp einfalt að það er ekkert svalt að deyja í bílslysi. Það tekur enga stund að spenna beltin.



**Lárétt:** 2 þéttbýli, 6 þröng, 8 grænmeti, 9 ofn, 11 haf, 12 ílátum, 14 hreinsar, 16 tveir eins, 17 traust, 18 beljaka, 20 skáld, 21 óska.
**Lóðrétt:** 1 kræf, 3 jökull, 4 byrjunarreitur, 5 sjó, 7 fjárrétt, 10 gruna, 13 blóm, 15 leturs, 16 veitingastaður, 19 í röð.

**Lausn**

**Lárétt:** 2 borg, 6 ós, 8 kál, 9 stó, 11 sæ, 12 kerum, 14 karar, 16 kk, 17 trú, 18 rum, 20 kn, 21 árna.
**Lóðrétt:** 1 nösk, 3 ok, 4 rásmark, 5 glæ, 7 stekkur, 10 óra, 13 urt, 15 rúna, 16 krá, 19 mn.

### [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1 30.000.
2 Claudio Ranieri.
3 199.






GERÐUR KRISTNÝ GUÐJÓNSDÓTTIR: RITSTÖRFIN TAKA VIÐ AF MANNLÍFI

# Alltaf legið eitthvað á hjarta



FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR

**GERÐUR KRISTNÝ** Hún er hætt að ritstýra Mannlífi og snýr sér nú að ritstörfum og segist eiga nokkrar hugmyndir í pokahorninu.

„Núna ætla ég að snúa mér að ritstörfum mínum,“ segir Gerður Kristný Guðjónsdóttir spurð um hvað hún muni aðhafast nú þegar formlega hefur verið gengið frá starfslokum hennar sem ritstjóri Mannlífs hún eftir sex ára setu. „Fyrirtækið Fróði, sem ég hætti hjá þegar ég fór í barneignarleyfið hefur breyst ansi mikið, það er flutt í annað hverfi og stór hluti samstarfsfólks míns hefur annaðhvort hætt eða því verið sagt upp og þetta er því ekki alveg sama fyrirtækið.“

Gerður eignaðist son í lok ársins og erfinginn litli er orðinn tveggja mánaða gamall og undurfagur að sögn móðurinnar. Hann var nefndur Kristján Skírnir og er Kristjánsson. „Fyrra nafn hans er í höfuðið á okkur foreldrunum og það seinna út í bláinn. Reyndar hét skósveinn Freys úr goðafræðinni Skírnir og hann bað Gerðar fyrir Frey, svo þetta er að vissu leyti tengt mínu nafni.“

Gerður Kristný efast ekki um að hún snúi aftur í fjölmiðlaheiminn þótt ekki væri nema að hluta til. „Ég á eflaust eftir að grípa í þetta þó að það væri ekki nema að skrifa eina og eina grein eða láta eitthvað að mér kveða í útvarpinu. Mér hefur alltaf þótt skemmtilegt að gera þætti. Ég á samt ekki eftir að sjá neitt eftir ritstjórnarstarfinu þar sem það var alfarið mín ákvörðun að hætta. Sex ár eru frekar langur tími sem ritstjóri og sá lengsti sem einhver hefur setið þarna hjá Mannlífi. Blaðið sjálft hefur líka breyst að ýmsu leyti og til dæmis fór aukablöðunum fjölgandi. Ég get ekki beinlínis sagt að ég hafi notið þess að ritstýra bílablaðinu,“ segir Gerður og hlær.

Spurð hvort eitthvað standi upp úr á ritstjóraárunum nefnir hún nokkur atriði. „Mér tókst til dæmis að fá mann til að játa á sig morð áður en lögreglunni tókst það. Einnig skrifaði ég grein um unga konu sem stundaði vændi í Reykjavík, þjáðist af geðveiki og svipti sig að lokum lífi en sú grein vakti athygli og skipti mig miklu máli. Ég er líka stolt af því að hafa tekist að koma blaðinu á réttan kjöl þegar ég tók við 1998, en þá stóð til að leggja það niður.“ Einnig segir Gerður í léttum tón að hún sé mjög ánægð með að hafa fundið upp orðið „krúttkynslóðin“ sem virðist ætla að festa sig í tungunni. Eitt telur hún víst og það er að hún hefur alltaf og mun alltaf hafa þörf fyrir að skrifa. „Ég hef verið að skrifa frá því að ég man eftir mér enda hefur mér alltaf legið eitthvað á hjarta.“

hilda@frettabladid.is


DV

# Til hamingju!






*Menningarverðlaun DV voru veitt í 27. sinn í Iðnó á fimmtudag. Ritstjórn DV óskar verðlaunahöfunum innilega til hamingju. Ítarleg umfjöllun ásamt viðtölum í Helgarblaði DV í dag.*

DV




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 170-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

FERÐALEIKURINN ER Á VISIR.IS – TAKTU ÞÁTT!
Þú gætir unnið ferð til Kaupmannahafnar eða London!
Iceland Express
vísir ...UM ALLT!



BAKÞANKAR
GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

# Flugvöllurinn

Ég fatta ekki eitt. Af hverju er flugvöllur í miðbæ Reykjavíkur? Satt að segja hef ég ekki pælt svo mikið í þessu hingað til, enda eitthvað sem maður hefur bara alist upp við og ekki spáð í það mikið, og af þeim orsökum hef ég kannski ekki einu sinni fattað að ég fattaði þetta ekki. Þið fattið. Ég uppgötvaði ekki hversu svakalega furðulegt þetta er fyrr en ég fór að spá í það núna um daginn.

**KANNSKI** var það þokan. Hún lagðist yfir Reykjavík þannig að maður sá ekki neitt. Þokan var í tvo daga. Þegar hún fór var maður líklega búinn að gleyma því að þar sem hún lá yfir besta og dýrasta hluta Reykjavíkur var semsagt flugvöllur en ekki eitthvað annað. Úti við hvíta strönd undir fallegri hlíð. Flugvöllurinn birtist að nýju og þá held ég að undirmeðvitundin – án þess að ég trúi sérstaklega á þannig – hafi fattað allt í einu hversu fáránlegt það er að þarna er flugvöllur fyrir Fokker Friendship en ekki fögur og blómleg byggð.

**MEET** the Fokkers.

**ÞAÐ** þarf að taka á þessu máli. Hvaða önnur borg í heiminum hefur flugvöll í miðborginni? Það er hugsanlegt að einhverjar stórborgir hafi þyrlupalla en það er lítið meira. Mér væri nokk sama ef við hefðum þyrlupall. Flugvellir eru hins vegar hafðir nálægt úthverfunum og það verður ekki séð að okkur skorti pláss í nálægð við úthverfi Reykjavíkur heldur þvert á móti. Pláss er okkar fag enda er það engin tilviljun að þorp eru kölluð hér á landi pláss.

**MIG** grunar að alþingismennirnir sem mótmæla helst breytingum í þessum efnum haldi að allir þeir sem nota flugvöllinn séu að fara niður á þing. En það er af og frá. Ég held að mjög margir séu að fara til Keflavíkur til þess að fara til útlanda eða í Kópavog, sem er ört stækkandi byggðarlag, eða í Hafnarfjörð, upp í Breiðholt, í Grafarvog eða jafnvel í Garðabæ. Jafnvel í Garðabæ.

**OG** þá er nú ekki endilega málið að hafa flugvöllinn í Nauthólsvík eins og allir ætli sér að fara í bað áður en þeir halda áfram. Það stendur ekki steinn yfir steini í þessu. Sem minnir mig einmitt á eina umhugsunarverða þversögn. Ég heyri ekki betur en að það séu orðin einhvers konar almenn sannindi á Íslandi að miðbær Reykjavíkur sé ömurlegur, sem mér finnst reyndar ekki, en hvað um það. Segjum að hann sé ömurlegur. Samt þarf að hafa heilan flugvöll við hann svo fólk komist þangað í grænum hvelli. Heilan flugvöll. Má ekki minna vera. Og höfn.

**EF** stjórnsýslan vill endilega hafa flugvöllinn þarna – en mig grunar að það sé helst hún sem hafi áhyggjur af þessu – að þá er ég með einfalda lausn á því. Flytjum stjórnsýsluna líka. Mér detta Hádegismóar í hug. Þar má hafa flugvöll og stjórnsýslu. Og þar er líka Mogginn. Steinliggur. Allir sáttir.

